


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Eldunartæki




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
15. september 2010
216. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



## Ótrúlegar vinsældir

*Ellefu þúsund manns sáu barnamynd Sveppa fyrstu sýningarhelgina.*

fólk 34



## Góður árangur

*Jafnréttisstofa er 10 ára.*

tímamót 16



## Jafntefli hjá enskum

*Ensku liðin gerðu jafntefli í sínum leikjum í Meistaradeildinni í gær.*

sport 30

### veðrið í dag




**STÍF NORÐANÁTT** Í dag verða víðast norðan 8-18 m/s, hvassast SA-lands. Rigning NA-lands en bjartviðri SV-til. Hiti 7-13 stig.

VEÐUR 4

Fréttablaðið er með 201% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.

# PwC vanrækti skyldur sínar

**Fyrrum varaformaður siðanefndar Alþjóðasamtaka endurskoðenda telur PricewaterhouseCoopers hafa sýnt af sér vítaverða vanrækslu sem endurskoðandi Glitnis fyrir hrun. Viðvörunarbjöllur hefðu oft átt að klingja.**

**DÓMSMÁL** Endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers (PwC) brást starfsskyldum sínum og sýndi af sér vítaverða vanrækslu sem endurskoðandi Glitnis í aðdraganda bankahrunsins. Þetta er mat Franks Attwood, sem var varaformaður siðanefndar Alþjóðasamtaka endurskoðenda þar til um síðustu áramót.

Attwood, Breti sem hefur yfir fjögurra áratuga reynslu af endurskoðun, hefur unnið álit fyrir slitastjórn Glitnis um þátt PwC í meintu misferli svokallaðrar sjömenningaklíku Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Álitið var lagt fyrir dómstólinn í New York á mánudag.

Álitið byggist á því sem fram kemur í stefnu slitastjórnarinnar. Attwood segir að fjölmargt í rekstri bankans hefði átt að kveikja á viðvörunarbjöllum hjá endurskoðendunum og kalla á allsherjarendurskoðun á því hvaða viðskiptavinir Glitnis teldust honum tengdir og ykju þannig innri áhættu bankans.

„PwC stóð frammi fyrir glænýrri stjórn hjá viðskiptavini sínum [Glitni]. Forstjórinn var líka nýr. Ætla mátti að þessar mannabreytingar hefðu verið gerðar að undirlagi eins manns. Sá hafði nýlega verið dæmdur sekur af ákæru um bókhaldsbrot í rekstri fyrirtækis,“ segir Attwood, og vísar þar til Jóns Ásgeirs. Attwood telur að allt þetta, og fleira til, hafi átt að verða til þess að PwC tæki málefni bankans til rækilegrar endurskoðunar.

Attwood segir að Baugur hefði með réttu átt að vera talinn til tengdra aðila bankans, ekki síst í ljósi þess að Jón Ásgeir hafi stýrt báðum félögum þar sem hann gat skipað forstjóra og stjórnarmenn bankans eftir hentugleika. Það sama hafi gilt um Kjarrhólma (móðurfélag FL Group), tiltekin dótturfélög FL Group og eign bankans í TM. Með því að leggja blessun sína yfir að það væri ekki gert hafi PwC stuðlað að því að þátttakendur í skuldabréfaútboði bankans í Bandaríkjunum árið 2007 hefðu verið leyndir 48 milljarða áhættu bankans gagnvart félögunum.

Niðurstaða hans er því sú að PwC hafi vanrækt skyldur sínar gagnvart bankanum. Málin sem um ræddi hafi verið svo stór að aldrei hefði átt að skrifa upp á ársreikninga bankans eða árshlutauppgjör og þannig hafi fyrirtækið stuðlað að því tjóni sem varð með vítaverðu gáleysi.

„Við höfum ekki séð þessa yfirlýsingu og tjáum okkur þar af leiðandi ekki um hana,“ segir Vignir Rafn Gíslason, stjórnarformaður PwC. „Við erum í þeirri stöðu að málið er í meðferð hjá bandarískum dómstólum. Þar höfum við krafist frávísunar, og munum halda þeirri kröfu til streitu.“

- sh, bj

### Þingmannanefndin átelur stéttina

Niðurstaða Attwoods er í samræmi við það sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þingmannanefndin, undir forystu Atla Gíslasonar, sem fór yfir rannsóknarskýrsluna, sagði ytri endurskoðendur bankanna augljóslega hafa brugðist skyldum sínum og leyft vanvirðingu við lög og reglur að viðgangast allt of lengi. „Þá er alvarlegt að endurskoðendur virðast ekki hafa rætt orsakir og afleiðingar hrunsins og aðkomu löggiltra endurskoðenda í sínum ranni,“ segir í skýrslu þingmannanefndarinnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**PARADÍS Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR** Bíó Paradís: Heimili kvikmyndanna verður opnuð á Hverfisgötu í dag þar sem Regnboginn var til húsa. Í gær var lögð lokahönd á endurbætur hússins. **Sjá síðu 26**

Íslensk nýsköpun í veiði:

## Hjálpartæki fyrir veiðimenn

**NÝSKÖPUN** Reynir Georgsson vinnur nú að tveimur nýjungum sem auðvelda munu veiðimönnum lífið, skyttustand og skyttusessu. „Maður lendir oft í því, sérstaklega á gæsaskyttiríi, að þurfa að bíða í óhentugum skurðum sem eru djúpir og fullir af vatni en erfitt er að fóta sig í þeim,“ segir hann og bendir á að með skyttustandinum geti þeir hins vegar nýtt skurði sem annars væru óhentugir.



**NÝSKÖPUN** Reynir Georgsson aðveldar veiðimönnum lífið.

Sessuna segir hann vera hluta af stærra verkefni fyrir íþrótta- og skátafélög en hana megi nota á ýmsum vettvangi.

- sg / sjá allt

Afar persónulegar dagbækur eru þungamiðjan í ævisögu Gunnars Thoroddsen:

## Trúði dagbókinni fyrir brestum sínum

**MENNING** Gunnar Thoroddsen, fyrrverandi forsætisráðherra, skildi eftir sig viðamikil gögn þegar hann féll frá 1983, þar á meðal ítarlegar og persónulegar dagbækur, sem hann byrjaði að skrifa á barnsaldri og hélt áfram fram undir andlátið. Þessar dagbækur eru þungamiðjan í væntanlegri ævisögu Gunnars, sem Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hefur skráð. Gunnar trúði dagbókum sínum fyrir markmiðum sínum í lífinu, vonum og vonbrigðum og eigin breyskleika. Guðni segir að dagbókarskrifin hafi verið Gunnari eins konar sáluhjálp.

„Gunnar glímdi til dæmis við áfengisvandamál og skráði af mestu samviskusemi hvernig hann ætlaði að ráða bót á því og hvernig það tókst og tókst ekki eftir atvikum,“ segir Guðni, sem telur að sjaldan hafi gefist jafn góður kostur á að kynnast hugarheimi forystumanns í íslenskum stjórnmálum.

Guðni var fenginn til að skrifa bókina að undirlagi fjölskyldu Gunnars og fékk óheftan aðgang að þeim gögnum sem Gunnar skildi eftir sig.

Nánar er rætt við Guðna í blaðinu í dag og birt stutt brot úr bókinni.

- bs / sjá síðu 20




Kaffirjómi
Frábær út í kaffið og til matargerðar.




ms.is

## SPURNING DAGSINS



*Ívar, voru þetta hinar títtnefndu öldur ljósvakans?*

„Ja, við eigum nú að vera bestir í tónlist þannig að ætli þetta hafi ekki verið tónaflóð.“

Vatn flæddi inn í húsnæði útvarpsstöðva 365 í úrhellinu í fyrradag. Ívar Guðmundsson er dagskrárstjóri Bylgjunnar.

Karlmaður gaf sig fram eftir leit lögreglu á barnaníðingi í Laugarneshverfi:

# Sver af sér kynferðislega áreitni

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður hefur gefið sig fram við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu eftir að fjölmiðlar fjölluðu um mann sem átti að hafa sýnt börnum ósæmilega kynferðislega hegðun í Laugarneshverfi í Reykjavík síðastliðinn föstudag. Lýsingin sem gefin var gat átt við þann sem gaf sig fram en hann sór af sér atburðarás sem átti að hafa gerst og lögregla sá ekki ástæðu til frekari afskipta af honum.

Maðurinn gaf sig fram á sunnudag. Hann hafði verið á svæðinu þar sem áreitið var sagt hafa átt sér stað á föstudag. Tveir drengir báru að orðaskipti hefðu átt sér stað milli þeirra og mannsins, sem hefði gert þeim tilboð á kynferðislegum nótum. Hann kannaðist ekki við slíkt þegar hann gaf sig fram hjá lögreglu. Lögregla telur hugsanlegt að einhver misskilningur hafi verið á ferðinni, en orð stendur gegn orði, drengjanna annars vegar og mannsins hins vegar, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Málið er því enn til rannsóknar.

Lögregla gerði mikla leit að meintum barnaníðingi á föstudaginn, eftir að tilkynningin hafði borist. - jss



**LÖGREGLUSTÖÐIN** Maðurinn gaf sig fram á sunnudaginn.

Lögðu hald á fé mafíósa:

# Festi fé í endurnýjanlegri orku

**ÍTALÍA** Lögreglan á Ítalíu hefur lagt hald á eignir að andvirði 227 milljarða króna hjá ítölskum viðskiptajöfri sem grunaður er um tengsl við mafíuna. Þetta er hæsta upphæðin sem tekin hefur verið vegna máls tengdu mafíunni, að því er segir á vef BBC.

Viðskiptajöfurinn Vito Nicastri hafði fjárfest háar upphæðir í verkefnum tengdum endurnýjanlegri orku. Samkvæmt frétt BBC líta skipulögð glæpasamtök á þann iðnað sem heppilega leið til að þvætta peninga. - bj

Vistheimilanefnd skilar skýrslu:

# Niðurstaða um Silungapoll

**FÉLAGSMÁL** Vistheimilanefnd hefur skilað Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra skýrslu um starfsemi vistheimilisins Silungapolls, vistheimilisins Reykjahlíðar og heimavistarskólans á Jaðri. Niðurstöður skýrslunnar verða kynntar í dag.



**RÓBERT R. SPANÓ**

Róbert R. Spanó, formaður nefndarinnar, segir að í framhaldinu verði unnin úttekt á Unglingaheimili ríkisins og Upptökuheimili ríkisins. Stefnt er að því að skila niðurstöðu á vormánuðum, sem og samantekt um öll störf nefndarinnar.

Róbert segir ekki útilokað að ákveðið verði að kanna fleiri heimili, en nefndin muni ákveða það á næstu vikum. - bj

Lögregla rýmir Eiffelturninn:

# Nafnlaus hótun barst eigendum

**FRAKKLAND Um tvö þúsund manns þurftu að yfirgefa Eiffelturninn í París og næsta nágrenni í gærkvöldi eftir að nafnlaus sprengjuhótun barst fyrirtækinu sem á turninn. Rýmingin gekk vel og virtist fólkið rólegt þegar því var skipað að yfirgefa svæðið.**

**Fram kemur á vef BBC að lögregla hafi strengt lögregluborða í kringum turninn. Leitað var með hundum í turninum og í Champ de Mars-garðinum sem turninn stendur í.**

**Frönsk löggæsluyfirvöld hafa aukið viðbúnað sinn við ýmsa ferðamannastaði, meðal annars vegna hættu á hryðjuverkum.** - bj

# Áætla 768 milljónir í snjóframleiðslutæki

**Stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins vill fá 768 milljónir króna í snjóframleiðslutæki í Bláfjöll og Skálafell. Sveitarfélögin hika en skíðamenn segja að tryggja þurfi nægan snjó. Ein vinsælasta fjölskylduíþrótt landsmanna sé í húfi.**

**SVEITARFÉLÖG** „Skíðaíþróttin er ein besta fjölskylduíþrótt sem völ er á,“ segir stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sem vill að aðildarsveitarfélögin verji samtals 768 milljónum í snjóframleiðslutæki í Bláfjöll og Skálafelli.

Í erindi stjórnar Skíðavæðanna frá því í júní til sveitarfélaganna tólf sem aðild eiga að skíðasvæðunum kemur fram að unnin hafi verið kostnaðaráætlun sem miðist við að hægt sé að koma snjóframleiðslutækjunum upp í fjórum áföngum. Fyrsti áfangi myndi kosta 263 milljónir króna og fela í sér tæki í Kóngsgili og í byrjendabrekku í Bláfjöllum. Annar áfangi yrði í Skálafelli og kostaði 273 milljónir. Þriðji áfanginn fæli í sér tæki á suðursvæði Bláfjalla þar sem kostnaður yrði 150 milljónir króna. Lokaáfanginn, á 82 milljónir, yrði í Eldborg í Bláfjöllum.



**DILJÁ ÁMUNDADÓTTIR**

Diljá Ámundadóttir frá Besta flokknum er fulltrúi Reykjavíkur í stjórn Skíðasvæðanna og nýr formaður stjórnarinnar. Þegar leitað var eftir upplýsingum frá Diljá í gær sagðist hún „að sjálfsögðu“ hafa skoðun á málinu en að hún vildi „síður vilja ræða“ það fyrr en að loknum sínum fyrsta stjórnarfundi eftir helgi.

Stjórn Skíðasvæðanna leggur í erindi sínu áherslu á sveiflur í rekstrinum á síðustu tíu árum. „Suma vetur hefur verið opið í 120 til 130 daga samtals en aðra aðeins fimm daga,“ segir í bréfi stjórnarinnar sem bendir á að frá því að snjóframleiðsla hófst á skíðasvæði Akureyrar fyrir sex árum hafi gestum fjölgað jafnt og þétt.

Auk þess sem opnunartími skíðasvæðanna myndi aukast til muna er bent á að nýting fastafjármuna yrði betri og rekstrurinn stöðugri með snjóframleiðslunni.

„Raunsætt er að opna svæðið á tímabilinu 1. til 15. desember ár hvert. Möguleiki er að hafa opið um jólahátíðarnar en á þeim tíma koma margir í fjöllin. Þau hlákutímabil sem koma alltaf á hverju ári munu hafa minni áhrif á opnun og að lokum er tryggt að eiga alltaf nægan snjó um páska,“ segir stjórnin í bréfinu.

Því er beint til sveitarfélaganna að framkvæmdir hefjist sem fyrst. „Eitt vinsælasta fjölskyldusport landsins er í húfi,“ segir stjórnin.

Eftir því sem næst verður komist hefur ekkert sveitarfélaganna tólf afgreitt erindi Skíðasvæðanna. Málið hefur til dæmis verið tekið fyrir í bæjarráði Kópavogs sem ítrekaði fyrri afstöðu um að meiri upplýsingar vanti um uppbygginguna áður en unnt sé að taka afstöðu til málsins.

gar@frettabladid.is



**BLÁFJÖLL** Vegna snjóleysis hefur suma vetur aðeins verið opið í fimm daga á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins. Mikið fjör var í fyrstu opnun ársins 2010 í Bláfjöllum. Það var 1. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Suma vetur hefur verið opið í 120 til 130 daga samtals en aðra aðeins fimm daga.
>
> ÚR BRÉFI STJÓRNAR SKÍÐASVÆÐANNA



**FÆRNI** Fólk tekur ákvarðanir byggðar á stanslausum útreikningi á líkum. Þeir sem spila hraða tölvuleiki bæta þá færni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hraðir tölvuleikir bæta færni:

# Fljótari að taka ákvarðanir

**TÆKNI Þeir sem spila tölvuleiki sem reyna á hröð viðbrögð eru fljótari að taka réttar ákvarðanir, en þeir sem ekki spila slíka leiki, samkvæmt niðurstöðum vísindamanna við Rochester-háskóla í Bandaríkjunum.**

**Þeir sem spiluðu tölvuleiki, til dæmis svokallaða skotleiki, reyndust fljótari að taka afstöðu í prófum vísindamannanna en samanburðarhópurinn. Þrátt fyrir það tóku þeir ekki oftar ranga ákvörðun en hinir.**

**Vísindamennirnir benda á að tölvuleikir gætu verið góð þjálfun fyrir sérfræðinga sem þurfa að geta tekið ákvarðanir hratt, til dæmis lækna sem starfi á átakasvæðum.** - bj

## DÓMSMÁL

### Ákærður fyrir háskaakstur

Rúmlega þrítugur maður hefur verið ákærður fyrir háskaakstur á höfuðborgarsvæðinu. Maðurinn sinnti ítrekað ekki stöðvunarmerkjum lögreglu. Auk þessa er maðurinn ákærður fyrir ítrekaðan fíkniefnaakstur og umferðarlagabrot.

### Valdur að heilaskaða

Ríkissaksóknari hefur ákært karl á fimmtugsaldri fyrir stórfellda líkamsárás í mars 2009. Manninum er gefið að sök að hafa slegið annan mann með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlegan heilaskaða. Krafist er 41 milljónar í miskabætur.




Palestínumenn vilja að landamærin verði fyrsta efni viðræðna við Ísraela:

# Engin sátt um landtökurnar

**EGYPTALAND, AP** Önnur umferð viðræðna Ísraela og Palestínumanna fór fram í borginni Sharm El-Sheikh í Egyptalandi í gær og stóð í tæpar tvær klukkustundir.

Ekki var að sjá að nein niðurstaða fengist um framkvæmdir á vegum eða í þágu ísraelskra landtökumanna, en Palestínumenn hafa hótað því að hætta viðræðum ef þær framkvæmdir hefjast á ný.

Saeb Erekat, aðalsamningamaður Palestínumanna, sagði að í væntanlegum viðræðum væri mikilvægast að byrja á að ræða legu væntanlegra landamæra ríkjanna tveggja, Ísraels og Palestínu.

„Ef þú vilt velja réttu leiðina, þá ættu landamærin að koma fyrst. Ef þú vilt ekki ná samkomulagi, þá skaltu velja einhverja aðra leið,“ sagði hann.

Mark Regev, talsmaður Benjamíns Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, sagði hins vegar nauðsynlegt að Palestínumenn sýndu sveigjanleika.

„Ef væntingarnar eru þær að einungis Ísraelar eigi að sýna sveigjanleika þá er það ekki uppskrift að árangri.“ - gb



**MEÐ BROS Á VÖR** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á milli þeirra Benjamíns Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmouds Abbas, forseta Palestínustjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is / 528 8000

**GENGIÐ 14.09.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,42 | 117,98 |
| Sterlingspund | 180,88 | 181,76 |
| Evra | 150,68 | 151,52 |
| Dönsk króna | 20,233 | 20,351 |
| Norsk króna | 19,120 | 19,232 |
| Sænsk króna | 16,334 | 16,430 |
| Japanskt jen | 1,4086 | 1,4168 |
| SDR | 178,17 | 179,23 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,3572

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsætisráðherra segist treysta því að sátt náist á Alþingi um að einkavæðing bankanna verði rannsökuð:

# Rót hrunsins var sala bankanna og óheftur vöxtur

**ALÞINGI** Meginástæða hrunsins verður fyrst og fremst rakin til framferðis og stjórnarhátta stjórnenda og aðaleigenda bankanna. En rótina að þessum ófórum má hins vegar rekja til einkavæðingar bankanna fram til ársins 2003 og þess óhefta vaxtar sem stjórnvöld og eftirlitsstofnanir létu viðgangast og hvöttu í raun til fram undir það síðasta.

Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í umræðum um skýrslu þingmannanefndarinnar á Alþingi í gær.

Hún sagði það miður að ekki hefði náðst samstaða um það í nefndinni að rannsaka einkavæðingu bankanna en fagnaði á móti yfirlýsingum formanna Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks frá því á mánudag í þá átt. Kvaðst hún treysta því að breið samstaða náist um slíka rannsókn á þingi.

Jóhanna sagðist ætla að beita sér fyrir því að unnið yrði hratt og vel úr tillögum þingmannanefndarinnar sem lúta að stjórnsýslunni og sagði umbótastarfið raunar þegar komið langt á veg. Nefndi hún að forystuhlutverk forsætisráðuneytisins hefði verið eflt, unnið væri að sameiningu ráðuneyta, sérstakar ráðherranefndir væru að störfum og reglur hefðu verið samdar um undirbúning lagafrumvarpa.



**UMBÓTASTARFIÐ LANGT KOMIÐ** Jóhanna Sigurðardóttir sagði sína skoðun á skýrslu þingmannanefndarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá gat hún þess að stjórnsýsluskóli fyrir ráðherra, aðstoðarmenn og starfsmenn Stjórnarráðsins muni hefja störf síðar í mánuðinum. Þar verði meðal annars farið yfir vönduð vinnubrögð, störf ríkisstjórnar, skráningu gagna og almennar reglur stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. - bþs

Viðvörun ríkislögreglustjóra:

## Enn varað við svindlbréfum

**LÖGREGLUMÁL** **Ríkislögreglustjóri varar við enn einni útgáfu af tölvubréfum í anda svonefndra „Nígeríubréfa“.**

**Um er að ræða tölvubréf þar sem viðtakendur eru upplýstir um að þeir hafi unnið háar fjárhæðir í svonefndu Euro Millions Lotto. Sagt er að „netfang“ viðkomandi hafi verið dregið út.**

**Viðtakendur eru beðnir um að senda margvíslegar upplýsingar áður en „vinningurinn“ verði greiddur. Slík bréf, rituð á bjagaðri íslensku, hafa verið send fólki hér á landi.**

**Ríkislögreglustjóri varar fólk eindregið við að svara slíkum tölvubréfum eða að smella á vefslóðir í þeim.** - jss

ESB hótar lögsókn:

## Stefna Frakka sögð hneisa

**FRAKKLAND, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins segir brottflutning rómafólks, eða sígauna, frá Frakklandi vera hneisu og líklega brot gegn lögum Evrópusambandsins.



VIVIANE REDING

Viviane Reding, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, virtist á köflum reið þegar hún ræddi málið í gær og sagði framkvæmdastjórnina ekki eiga annars úrkosta en að fara í mál við Frakkland vegna þessa.

Hún segir brottflutninginn minna á ástand „sem ég hélt að Evrópa myndi ekki þurfa að horfa upp á aftur eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar“. - gb

# Þingið á ekki val um landsdómsákærur

**Að mati fjármálaráðherra ber þingmönnum skylda til að draga fyrrum ráðherra fyrir landsdóm, komist þeir að þeirri niðurstöðu að þeir hafi brotið lög um ráðherraábyrgð. Virða þurfi ákvæði laga og stjórnarskrár hvað það varðar.**

**ALÞINGI** Þingmenn geta ekki skýlt sér á bak við óánægju með lög og stjórnarskrá þegar þeir taka afstöðu til þingsályktana um að draga beri fyrrverandi ráðherra fyrir landsdóm. Þeim ber einfaldlega skylda til að hlíta gildandi lögum og reglum.

Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í umræðum um skýrslu þingmannanefndar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á þingi í gær.

„Þetta er alls ekki spurning um hvað menn vilja, þetta er ekki spurning um það. Því við eigum ekkert frjálst val hér í þessum efnum. Þetta er spurning um það að menn komist að niðurstöðu um hvað er rétt að þeirra dómi og hvað er skylt. Á okkar herðum hvílir það að axla þær skyldur sem starfi okkar hér fylgja. Það buðu sig allir fram til þings sífast vitandi það hvernig stjórnarskrá og landslög væru, líka að þessu leyti. Og það er ekki neitt skjól fyrir ábyrgð okkar í svona tilvikum þó við séum út af fyrir sig óánægð með eitthvert fyrirkomulag eða teljum að það þyrfti endurskoðun.“

Steingrímur tók fram að hann efaðist ekki um að þeir fjórir fyrrum ráðherrar sem í hlut ættu hefðu viljað vel. En málið snúist ekki um það. „Við erum ekki að segja að þetta fólk hafi ekki viljað vel. Það þýðir hins vegar ekki að mönnum hafi ekki getað orðið á. Að menn hafi ekki gert mistök. Að menn hefðu ekki átt að reyna að gera betur. Það er um það sem þetta snýst.“



**SKYLDA** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir það skyldu þingmanna að draga ráðherra fyrir landsdóm telji þeir efni standa til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Þetta er alls ekki spurning um hvað menn vilja, þetta er ekki spurning um það. Því við eigum ekkert frjálst val hér í þessum efnum. Þetta er spurning um það að menn komist að niðurstöðu um hvað er rétt að þeirra dómi og hvað er skylt.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Hann minnti á að þeir atburðir sem um ræddi væru einstæðir. Ísland hafi staðið frammi fyrir alvarlegri hættu á að komast í þrot. Í því ljósi neyðist þingmenn til að meta ábyrgð valdhafa í samhengi við stærð hættunnar sem við blasti og skylduna sem á þeim hvíldi til að reyna að gera það sem þó var hægt til að lágmarka skaðann eða draga úr líkum á algjörum ófarnaði.

Steingrímur sagði í upphafi máls síns að þetta væri eitt það erfiðasta mál sem hann hefði staðið frammi fyrir á þingferlinum. Og um miðbik ræðunnar, eftir að gripið hafði verið fram í fyrir honum, sagði hann: „Ég heyri það að þingmenn taka því vel að það sé reynt að ræða þetta hreinskilnislega. Ég bara bið þá þingmenn sem ekki þola þennan málflutning að yfirgefa salinn. Þeir eiga þá leið í staðinn fyrir að grípa fram í. Mér er mikið niðri fyrir og það er mér mikið tilfinningamál að þurfa að flytja þessa ræðu. Það er erfitt. Það er mjög, mjög erfitt.“ bjorn@frettabladid.is

Formaður Sjálfstæðisflokksins:

## Ónógt aðhald í ríkisfjármálum

**ALÞINGI** „Það er auðvitað ljóst, þegar við lítum til baka, að aðhald í ríkisfjármálum var langt frá því að vera nægjanlegt,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, í þingumræðum í gær. Í því ljósi verði að samþætta aðgerðir hins opinbera og Seðlabankans við að viðhalda efnahagslegum stöðugleika.



BJARNI BENEDIKTSSON

Bjarni fjallaði um ýmis atriði í skýrslu þingmannanefndarinnar. Um ráðherraábyrgðarmálið sagði hann fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í nefndinni hafa komist að einu raunhæfu og skynsamlegu niðurstöðunni. Hún væri að láta niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis standa. Láta sumsé staðar numið við þá niðurstöðu að þrír ráðherrar hefðu vanrækt skyldur sínar. - bþs

Formaður Framsóknarflokksins:

## Spuni er vandi

**ALÞINGI** **Spuni stjórnmálanna er hinn eiginlegi vandi, sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, á þingi í gær. Var hann að ræða um það sem hann kallaði endalausa umræðu um einkavæðingu bankanna og þá tilhneigingu að kenna henni um hrunið. Hrakti hann slíkar kenningar en kvaðst engu að síður leggja til að rannsókn yrði gerð á einkavæðingu bankanna svo koma mætti því máli endanlega út úr umræðunni. Í framhaldi af því væri loksins hægt að fara að tala um pólitík og hvernig bæta megi ástandið í landinu.** - bþs






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**LÆGIR SMÁM SAMAN** á landinu í dag en búast má við norðan strekkingi austanlands til morguns. Það dregur einnig úr vætu en á morgun verður yfirleitt úrkomulítið norðaustanlands og áfram bjartviðri suðvestan til.



**Á MORGUN** 8-13 A-til, annars hægari.

**FÖSTUDAGUR** Víða hægviðri síst austast.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 15° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 22° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 14° |
| París | 18° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Lesum SAMAN



**Bráðskemmtilegar nýjar barnabækur á tilboði 9. - 21. september.**




**830 kr.**
Verð áður
1.190 kr.

Glingló, Dabbi og Rex - Sprellað í sveitinni - *Selma Hrönn Maríudóttir*




**2.990 kr.**
Verð áður
3.990 kr.

Jörðin okkar
*Myndaatlas barnanna*




**2.990 kr.**
Verð áður
3.790 kr.

365 hugmyndir til að teikna og mála
*Frábær föndur- og teiknibók*




**1.990 kr.**
Verð áður
2.990 kr.

Rikka og töfrahringurinn
*Hendrikka Waage*

**1.950 kr.**
Verð áður
2.790 kr.




Tíu lítil sveitakríli
*Hlustaðu á dýrahljóðin*




**NÝTT!**
Fór beint á metsölulista Eymundsson
**1.490 kr.**

**18. bókin**

Skúli skelfir vekur upp draug
*Francesca Simon*

## Leikum SAMAN

## Ert þú fundvís?




Komdu í Eymundsson og finndu einn af púslbitunum sem vantar í Bakugan-púslin í verslunum okkar. Ef þú finnur púslbita færðu smá glaðning hjá starfsfólki. Það eru 10 púslbitar faldir í hverri verslun. Þeir sem finna púsl komast líka í vinningspott og verður dregið um þrjú **10.000 króna gjafabréf** 23. september.

**Þegar hausta tekur er tilvalið að eiga notalegar samverustundir heima með fjölskyldunni. Það er gaman að lesa og leika saman!**

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú sátt(ur) við niðurstöðu þingmannanefndarinnar um rannsóknarskýrslu Alþingis?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 46,3% |
| NEI | 53,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú orðið vitni að kynþáttafordómum hér á landi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Ólíklegt að Jóhannes í Bónus og fjölskylda hans kaupi matvörukeðjuna 10-11:

# Hagar minnka um þriðjung með sölu 10-11

**VIÐSKIPTI** Verslanir 10-11 hafa verið teknar út úr Haga-samstæðunni og verða þær settar í opið söluferli á næstu mánuðum. Þetta jafngildir því að Hagar verði í kringum þrjátíu prósentum minni en áður. Matvöruverslanir Haga verða eftir þetta 38 í stað 61.

Með sölu 10-11 er ætlunin að dreifa eignarhaldi á matvörumarkaði og gefa fleirum kost á því að láta að sér kveða á markaðnum, að því er segir í tilkynningu frá Arion banka.

Rekstri Haga var skipt upp í vor og nokkrar einingar færðar inn í aðskilin dótturfélög. Verslanir 10-11 fóru inn í eitt félag.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, segir ekki stefnt að því að selja fleiri verslanir úr Haga-samstæðunni aðrar en verslanir 10-11 og þær tískuverslanir sem samið var um að Jóhannes Jónsson, stofnandi Bónuss, fái að kaupa.

Enga klásúlu er að finna í bókum Arion banka sem banna Jóhannesi að kaupa verslanir 10-11. Í samkomulagi hans við Arion banka á dögunum felst hins vegar að Jóhannesi og fjölskyldu hans er meinuð samkeppni við Haga á matvörumarkaði á næstu átján mánuðum. Höskuldur telur mjög líklegt að matvörukeðjan verði seld áður en fresturinn rennur út. **- jab**

**Verslanir 10-11**

Verslanir 10-11 hafa verið starfræktar frá árinu 1991 og verið hluti af Hagasamstæðunni frá 1999. Þær eru nú 23 talsins víða á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Starfsmenn verslunarinnar eru 230 talsins.




Upplýsinga enn leitað:

## Lítið vitað um sprengjumann

**DANMÖRK** Danska lögreglan og Evrópulögreglan EUROPOL auglýstu í gær eftir upplýsingum um sprengjumanninn, sem særðist lítillega þegar sprengja sprakk á hótelsalerni í Kaupmannahöfn á föstudaginn var.



**SPRENGJUMAÐURINN**

**Myndir voru birtar af manninum, hann sagður um þrítugt af suður- eða austur-evrópskum uppruna. Ekki þykir ljóst hvort hann hafi ætlað að fremja hryðjuverk. Mögulegt þykir að hann sé útsendari erlendrar leyniþjónustu.**

**Hann hefur gert sér far um að fela uppruna sinn og meðal annars fengið til lestrar trúarrit kristinna manna, múslima og gyðinga. Hann talar frönsku mjög vel, en ensku með frönskum hreim og ágæta þýsku.** **- gb**

Heimsókn frá Kína:

## Borgarstjóri afhenti mótmæli

**MANNRÉTTINDI** Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, afhenti Liu Qi, fyrrverandi borgarstjóra í Peking, höfuðborg Kína, bréf þar sem handtöku Liu Xiaobo, kínversks mannréttindafrömuðar, var mótmælt.

Liu Qi, sem er aðalritari Kommúnistaflokksins í Peking, fundaði með Jóni og öðrum borgarfulltrúum Besta flokksins í gær. Fundarefnið var jarðvarmi og náttúruvernd.

Í dagbók borgarstjóra á Facebook kemur fram að Jón hafi afhent mótmælabréf vegna handtöku Liu Xiaobo á fundinum. Hann var handtekinn árið 2009 og dæmdur í ellefu ára fangelsisvist fyrir að vinna gegn kínverska ríkinu. **- bj**

# Arkitektar móðgast á fundi þingnefndar

**Formaður Arkitektafélagsins kvartaði undan framgöngu Marðar Árnasonar á fundi hjá umhverfisnefnd Alþingis. Mörður segir suma arkitekta hafa látið faglegan heiður víkja fyrir peningasjónarmiðum. Það hafi verið sagt í léttum dúr.**

**STJÓRNMÁL** „Þetta var argasti dónaskapur,“ segir Sigríður Magnúsdóttir, formaður Arkitektafélags Íslands, um framkomu Marðar Árnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar, á fundi umhverfisnefndar Alþingis fyrir hálfum mánuði.

Fulltrúar Arkitektafélagsins voru kallaðir á fund umhverfisnefndarinnar 30. ágúst.

Félagið hafði áður veitt umbeðna umsögn um frumvarp til mannvirkjalaga og til skipulagslaga sem ræða átti á fundinum. Sigríður og tveir félagar hennar komu á fund nefndarinnar.

„Mörður mætti okkur með miklum fordómum gagnvart því starfi sem arkitektar eru að vinna og fór með miklar rangfærslur eins og jafnan er þegar menn þekkja ekki vel til. Hann taldi að allt sem illa hefði farið í manngerðu umhverfi á Íslandi væri vegna aðkomu arkitekta,“ lýsir Sigríður.

Sigríður segist hafa sent formanni nefndarinnar, Ólínu Þorvarðardóttur, sem er flokkssystir Marðar, tölvuskeyti eftir fundinn. „Ég sagði að þetta hefði komið okkur verulega á óvart og við værum hugsi yfir framkomu þingmannsins,“ segir Sigríður.

Mörður Árnason segist ekki hafa heyrt af bréfi formanns Arkitektafélagsins. Það komi honum mjög á óvart að arkitektarnir skuli hafi móðgast og kveinkað sér undan orðum hans sem sögð hafi verið í samræðum í léttum dúr. Arkitektarnir hafi á fundinum sagst hafa áhyggjur af stöðu byggingarlistar á Íslandi.

„Ég sagði að arkitektar bæru sinn hlut ábyrgðarinnar á því að byggingarlist á Íslandi sé með því móti sem raun ber vitni. Arkitektar eru ákaflega misjafnir eins og aðrar starfsstéttir. Sumir þeirra eru frábærir listamenn. Aðra arkitekta hefur því miður hent að láta faglegan heiður víkja fyrir peningasjónarmiðum,“ útskýrir Mörður.

Ólína Þorvarðardóttir segist engar athugasemdir hafa við framgöngu Marðar. „Mín skoðun er sú að hann hafi verið að tala í hálfkæringi og verið frekar grínaktugur um ljótar byggingar sem væru teiknaðar af arkitektum.

Ég held að ummælum Marðar hafi alls ekki verið ætlað að gera lítið út arkitektum,“ segir formaður umhverfisnefndar.

„Við höfðum ekki húmor fyrir þessu en kannski er þetta ný tegund af íslenskri fyndni,“ segir formaður Arkitektafélagsins.

gar@frettabladid.is



**MÖRÐUR ÁRNASON** Þingmaðurinn segist ekki skilja hvers vegna arkitektar kveinki sér undan orðum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR**



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR**



**SARAH SHOURD** Laus úr fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarísk kona látin laus:

## Sagðist þakklát forseta Írans

**ÍRAN, AP** „Ég er þakklát,“ sagði Sarah Shourd, 32 ára bandarísk kona, sem látin var laus úr fangelsi í Íran í gær. Áður en hún fór úr landi þakkaði hún bæði írönskum stjórnvöldum og öllum öðrum ríkisstjórnum og einstaklingum sem unnu að því að fá hana látna lausa.

Hún var handtekin snemma á árinu ásamt tveimur öðrum Bandaríkjamönnum, Shane Bauer, sem er kærasti hennar, og Josh Fattal, sem er vinur þeirra beggja.

Þau voru sökuð um njósnir, en fjölskyldur þeirra segja þau hafa verið í fjallgöngu á landamærum Íraks og Írans. Bauer og Fattal eru enn í haldi. **- gb**

Forseti Íslands um ESB:

## Hvers konar félag er þetta?

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir deilur Íslendinga við Breta og Hollendinga vegna Icesave-innstæðna veki spurningar um aðildarumsókn Íslendinga að Evrópusambandinu.

„Aðgerðir Breta og Hollendinga, sem voru um langt skeið studdar af Evrópusambandinu, hafa vakið spurningar í hugum margra Íslendinga: Hvers konar félag er þetta eiginlega?“ sagði Ólafur Ragnar í viðtali í gær þar sem hann er staddur á World Economic Forum í Tianjin í Kína. **- jhh**




Karl á sextugsaldri fundinn sekur um að kveikja í húsi við Tryggvagötu:

# Tveggja ára fangelsi fyrir íkveikju

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri, Auðunn Þorgrímur Þorgrímsson, hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að kveikja í húsnæði við Tryggvagötu í Reykjavík í janúar á síðasta ári.

Maðurinn hellti bensíni úr plastbrúsa inn í stigagang húsnæðisins og á gólf á jarðhæð þess og kveikti síðan í.

Maðurinn játaði sök í málinu. Hann kvaðst hafa komist að því að fyrrverandi eiginkona hans, sem þarna átti heima, hefði verið í tygjum við tvo aðra karlmenn sem hún hefði einnig haft fé af. Þennan morgun hefði hún hringt og vakið hann, „hálf geggjuð“, eins og hann orðaði það. Sjálfur hefði hann verið búinn að vera á nokkurra daga fylliríi þegar þetta gerðist og eftir símtalið hefði hann haldið áfram að drekka. Hann hafi þá í reiði tekið „þá skyndiákvörðun að loka þessu greni“ með því að kveikja í því.

Húsið var að hluta til ónotað, en nokkur íbúðarherbergi í því voru leigð út. Maðurinn kvaðst hafa fullvissað sig um að fólk væri ekki í húsinu áður en hann kveikti í því. Vitni bar að svo hefði ekki verið. Enda taldi dómurinn að svo háttaði til í húsinu að manninum hefði ekki verið unnt að ganga úr skugga um það á skammri stundu. **- jss**



**TRYGGVAGATA** Slökkviliðinu tókst að ráða niðurlögum eldsins á Tryggvagötunni.

**Skoðaðu dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg á uppsveifluverði**
**Fleiri dæmi eru á notadir.brimborg.is**

## Kreppan er farin
## Sóknin hafin

**Ford Escape XLS AWD (DG742)**
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 08/2006. Ek. 62.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 6.
**Uppsveifluverð: 2.390.000 kr.**







**Citroën C1 SX (OOU05)**
1,0i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 06/2008. Ek. 53.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 8.
**Uppsveifluverð: 1.270.000 kr.**

**Volvo V50 (LKH08)**
2,4i bensín sjálfskiptur station.
Skrd. 11/2007. Ek. 51.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 6.
**Uppsveifluverð: 3.070.000 kr.**

**Þjónustutilboð 30-50%**

**Nýttu þér þjónustutilboðin**

Rúðuvökvi 2,5L
**50% afsláttur** - tilboðsverð 298 kr.

Hreinsivörupakki SONAX
**30% afsláttur** - tilboðsverð 2.793 kr.

Aðalljósapera
**30% afsláttur** - tilboðsverð 779 kr. fyrir H7 peru.

Þurrkublaðasett
**30% afsláttur** - tilboðsverð 3.811 kr. fyrir Ford Fiesta.

Talaðu við þjónusturáðgjafann um fleiri tilboð.





**Citroën C4 Comfort SX (EF710)**
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 01/2007. Ek. 40.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 6.
**Uppsveifluverð: 1.990.000 kr.**

**Ford Fiesta Trend (KL764)**
1,4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 05/2006. Ek. 81.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 6.
**Uppsveifluverð: 1.090.000 kr.**

# Brimborg býður betur
## Verðlækkun á notuðum bílum í dag

Kauptu notaðan bíl í dag. Kreppan er farin. Brimborg lækkar verð á notuðum bílum. Og nýjum. Ísland er stórasta land í heimi, þrátt fyrir allt. Trúum því bara. Hættum að þrasa. Verum góð. Sóknin er hafin. Kauptu bílinn í Brimborg.

Komdu í kaffi og kleinur. Kreppan er farin. Sóknin er hafin. Komdu í Brimborg í dag.

*Komdu í kaffi og kleinur*

## Sagan um varahlutina

**Sagan um að upprunalegir varahlutir (original) séu dýrir lifir góðu lífi. Varahlutir í Brimborg eru hinsvegar á góðu verði. Gerðu verðsamanburð áður en þú kaupir varahluti. Kannaðu verð og gæði upprunalegra varahluta hjá Brimborg. Komdu í Brimborg í dag.**

Opið kl. 9-18 virka daga og kl. 12-16 laugardaga

**Mazda6 Touring (ND594)**
2,0i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrd. 05/2007. Ek. 62.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 6.
**Uppsveifluverð: 2.140.000 kr.**



**Skoðaðu dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg á uppsveifluverði**
**Smelltu á notadir.brimborg.is**

# Öruggur kaupstaður að vera á
## Brimborg lækkar verð í dag

**Kreppan er farin**
**Sóknin hafin**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað kosta íbúakort í miðborginni hjá Bílastæðasjóði?*
2 *Hversu hátt hlutfall Reykvíkinga eru ánægðir með störf Jóns Gnarr í borgarstjórastóli?*
3 *Hvar mun Ómar Ragnarsson sýna myndir sínar á kvikmyndahátíðinni RIFF?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Íslenski skálinn á Expo-sýningunni lokaður öðrum en boðsgestum á þjóðardegi:

# Áherslan á viðskiptakynningu

**UTANRÍKISMÁL** Íslenski skálinn á World Expo sýningunni í Sjanghæ var lokaður öðrum en boðsgestum á þjóðardegi Íslands vegna móttöku með forseta Íslands og viðskiptakynningar. Íslendingur sem býr í borginni sótti sýninguna heim ásamt fjölskyldu sinni en kom að skálanum lokuðum.

„Glaðbeittar frúr með perlufestar spígsporuðu inn og út um hliðardyr. Íslensk fjölskylda með tvö börn í kerrum var ekki „sérstakir gestir“,“ skrifar Kristján Valur Jónsson á Facebook-síðu sína.

Hann segir Íslendinga í borginni hafa verið sérstaklega hvatta til að koma á þessum degi, og því hafi það verið vonbrigði að koma að lokuðum dyrum. Það eina sem minnt hafi á Ísland hafi verið tvær sýningar Latabæjar sem fram hafi farið utan dyra. Hreinn Pálsson, framkvæmdastjóri Expo-þátttökunnar, segir þetta afar leiðan misskilning. Þjóðardagurinn sé ekki þjóðhátíðardagur heldur sá dagur þegar kynningin á Íslandi nái hámarki.

Boðað var til kynningar og blaðamannafundar með forseta Íslands um daginn. Um kvöldið voru boðsgestir íslenskra fyrirtækja ásamt forsetanum á kynningu á Íslandi fyrir kínverska aðila, segir Hreinn. **- bj**



**SKÁLINN** Ólíkt því sem sjá má hér var engin röð við íslenska skálann á þjóðardegi Íslands á Expo-sýningunni, enda skálinn lokaður öðrum en boðsgestum.

Baldur G. Jónsson í nýtt starf:

# Tekur við starfi mannauðsstjóra

**VIÐSKIPTI Baldur G. Jónsson hefur verið ráðinn mannauðsstjóri Landsbankans. Um níutíu manns sóttu um stöðuna.**

**Baldur er sálfræðingur frá Kaupmannahafnarháskóla og með MBA-gráðu frá HR. Hann hefur undanfarið gegnt starfi mannauðsráðgjafa hjá Skiptum, móðurfélagi Símans.**

**Mannauðsstjóri er ný staða í Landsbankanum og verður innan þróunarsviðs líkt og nýtt skipurit sem nýverið var kynnt hjá bankanum kveður á um. - jab**

Þýskir fjárfestar jákvæðir:

# Eru óvissir um framtíðina

**EFNAHAGSMÁL** Þýskir fjárfestar hafa ekki verið jákvæðari frá í desember 2007, eða um það leyti sem fjármálakreppan lét á sér kræla. Þeir telja hins vegar horfurnar dökkar á næstu sex mánuðum, samkvæmt niðurstöðum Zew-væntingavísitölunnar.

Vísitalan stóð í 14,0 stigum í ágúst en hefur hrunið niður í mínus 4,3 stig. Vísitalan hefur ekki staðið jafn lágt frá í febrúar í fyrra. Þetta er daprari niðurstaða en búist var við enda reiknuðu flestir með fjögurra punkta lækkun, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar, sem bætir við að niðurskurður á fjárlögum evruríkjanna og hægur efnahagsbati setji mark sitt á niðurstöðurnar. **- jab**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ellefu árásir um helgina

Ellefu líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina, flestar minni háttar. Sú alvarlegasta átti sér stað í heimahúsi í austurborginni. Þar var sparkað í andlit manns sem kjálkabrotnaði.

### Níu ölvaðir undir stýri

Níu ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Tveir þeirra höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi. Þá voru tveir karlmenn teknir fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna.

# Kínverjar ætla sér forystu í framleiðslu vistvænna bíla

**Kínversk stjórnvöld ætla sér forystu í umhverfisvænni tæknivæðingu. Þeir ætla að þróa og framleiða rafbíla í stórum stíl og loka 2.000 orkufrekum verksmiðjum. Niðurgreiðslu raforku til álvera verður hætt.**

**KÍNA** Kínversk stjórnvöld kynntu í síðasta mánuði áform sín um að taka forystuna á alþjóðavísu í framleiðslu umhverfisvænna rafbíla og tvinnbíla, auk þess sem þau ætla að loka tvö þúsund orkufrekum verksmiðjum fyrir septemberlok til að tryggja umhverfisvæni nýtingu orkunnar.

Einnig hafa kínversk stjórnvöld ákveðið að orkufrekur iðnaður á borð við áliðnaðinn fái ekki lengur niðurgreidda raforku.

Allt er þetta liður í þeim áformum Kínverja að verða í fararbroddi grænnar tæknivæðingar í heiminum. Um þetta hefur meðal annars verið fjallað í bandaríska dagblaðinu New York Times nýverið.

Vestrænir sérfræðingar segja þessar ráðstafanir vissulega skref í áttina, en óvíst hvort það dugi til að Kínverjar nái þessum metnaðarfullu markmiðum sínum.

Jafnt hagfræðingar sem náttúrufræðingar fylgjast grannt með þróun þessara mála í Kína, enda er orkunotkun í Kína nú orðin meiri en í Bandaríkjunum.

Í síðasta mánuði var meðal annars skýrt frá því að sextán stór fyrirtæki í ríkiseigu hafi undirritað samkomulag um að vinna að rannsóknum og þróun umhverfisvænna bifreiða. Stjórnvöld ætla að leggja nærri tvö þúsund milljarða króna í þetta verkefni.

Stefnt er að því að á næstu árum verði meira en milljón rafbíla og tvinnbíla á götunum í Kína, en sala bifreiða hefur aukist þar hröðum skrefum síðustu árin, en í síðasta mánuði seldust þar rúmlega 1,2 milljónir bifreiða.

Þótt fátækt sé útbreidd í Kína hafa stjórnvöld yfir miklu fé að ráða og láta sig ekki muna um að sýna fulla hörku til að koma metnaðarfullum áformum sínum í framkvæmd.

Snemma í ágúst birtu kínversk stjórnvöld lista yfir 2.087 orkufrekar verksmiðjur, meðal annars sements- og stálverksmiðjur, sem verður lokað fyrir septemberlok.

Til þess að koma í veg fyrir hugsanlega mótspyrnu, meðal annars þeirra sveitarfélaga sem njóta góðs af starfsemi verksmiðjanna, var jafnframt skýrt frá því að bönkum verði bannað að veita þessum verksmiðjum frekari lán, auk þess sem rafmagn verður tekið af þeim ef ástæða þykir til.

gudsteinn@frettabladid.is



**BÍLAMERGÐ Í PEKING** Kína er einn stærsti markaður bifreiða í heiminum. Þar seljast nú um 17 milljónir bíla á ári hverju. NORDICPHOTOS/AFP


100.000.000
+590.000.000

690.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
690 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 590 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 15. SEPTEMBER 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

Mjólk er góð







# Klikkaðu á ms.is

Í nýju málræktarátaki Mjólkursamsölunnar sem nú gefur að líta á mjólkurfernum landsmanna er á gamansaman hátt fjallað um nýyrði í íslensku. Mjólkursamsalan býður landsmönnum að velja sitt uppáhaldsnýyrði.

Allir sem taka þátt í valinu eiga möguleika á að vinna lestölvu (iPod frá Apple) eða Íslenska orðabók.

Klikkaðu á **www.ms.is** og leggðu orð í belg.

ÍSLENSKA ER
OKKAR MÁL

www.ms.is

ENNEMM / SÍA / NM43349



**BÝR SIG UNDIR UPPBOÐ** Starfsmaður uppboðsfyrirtækisins Christies í London stillti sér upp til myndatöku bak við rómverskan bronshjálm með andlitsgrímu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsókn lögreglu á áhlaupinu á kúbversku feðgana í fullum gangi:

# Hófst með hótunum í síma

**LÖGREGLUMÁL** Þeir sem stóðu að húsbrotinu í Vesturbænum um síðustu helgi, hjá kúbverskum feðgum og sambýliskonu föðurins, höfðu hótað fólkinu með smáskilaboðum og símtölum áður en þeir létu til skarar skríða.

Mennirnir sem stóðu fyrir húsbrotinu gerðu fyrra áhlaupið á laugardeginum. Þá brutu þeir rúður á heimili fólksins og hrópuðu hótanir að því. Síðara áhlaupið gerðu þeir aðfaranótt sunnudagsins þegar þeir brutust inn í húsið og hótuðu fólkinu öllu illu. Á sunnudaginn handtók lögreglan tvo menn, annan innan við tvítugt en hinn á fertugsaldri. Sá síðarnefndi situr í gæsluvarðhaldi fram á föstudag.

Margt þykir benda til þess að kynþáttafordómar hafi ráðið ferðinni í þessu máli, þar sem upphaf þess má rekja til tilraunar nema í menntaskóla til þess að stía í sundur kúbverska piltinum og íslenskri vinkonu hans. Þegar fleiri komu að málinu, allir á aldrinum 16 og 17 ára, fór það úr böndunum og leiddi til atlaganna að heimili kúbversku feðganna sem flúðu fyrirvaralaust land í kjölfarið. Faðirinn hafði verið búsettur hér um árabil. - jss



**HEIMILIÐ** Tvær atlögur voru gerðar að heimili feðganna um síðustu helgi.

Fjöldauppsagnir á Kúbu:

## Hálfri milljón sagt upp starfi

**KÚBA, AP** Kúbustjórn ætlar að segja hálfri milljón manns, sem hafa starfað hjá ríkinu, upp störfum. Þetta samsvarar tíu prósentum vinnufærra manna í landinu.

Þetta verður mikið áfall en kemur þó ekki alveg á óvart því Raúl Castro forseti, sem tók formlega við af Fidel Castro fyrir tveimur árum, hefur lengi sagt óhjákvæmilegt að gera róttækar breytingar í ríkisrekstrinum. Ríkið geti ekki lengur niðurgreitt stóran hluta lífsviðurværis landsmanna. - gb


Samkeppni um minjagrip og handverk til minningar um Jón Sigurðsson




**Skilafrestur rennur út kl. 12 á hádegi mánudaginn 20. september**

17. júní s.l. var hleypt af stokkunum almennri samkeppni um minjagrip og handverk til minningar um Jón Sigurðsson. Leitað er að minjagrip sem sækir innblástur í sögu og menningararf og tengist lífi og starfi Jóns Sigurðssonar.

**Glæsileg verðlaun í boði**
Fyrstu verðlaun eru 600.000 kr. og 400.000 kr. og skiptast skv. ákvörðun dómnefndar.

**Keppnin er öllum opin**

**Skilafrestur rennur út kl. 12 á hádegi mánudaginn 20. september n.k.**
Tillögum skal skila í lokuðu umslagi, merktu dulnefni, í Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg fyrir kl. 12 á hádegi mánudaginn 20. september 2010. Tillögum skal skila útprentuðum á A4 blaði í lit eða sem ljósmyndum af fullunnum hlut. Tillögur mega einnig fylgja með á geisladiski með pdf-skjölum og/eða ljósmyndum.

**Dómnefnd skipa:**
*Margrét Hallgrímsdóttir*, þjóðminjavörður
*Halla Helgadóttir*
frá Hönnunarmiðstöð Íslands
*Sunneva Hafsteinsdóttir*
frá Handverki og Hönnun
*Jóhannes Þórðarson*
frá Listaháskóla Íslands
*Björn G. Björnsson*
frá afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar

Trúnaðarmaður er Sigrún Ólafsdóttir, sigrun.olafsdottir@for.stjr.is

Úrslit samkeppninnar verða tilkynnt um mánaðamótin október - nóvember og sýning á völdum innsendum tillögum fer fram á sama tíma.

Vertu með!

Minningarár Jóns Sigurðssonar 200

Nánari upplýsingar eru á vefnum www.jonsigurdsson.is/samkeppnir

ÍSLENSKA/SIA.IS/ISL 51396 09/10


# Alexander og Anna vinsæl

**Nafnið Alexander var algengasta nafn nýfæddra drengja á síðasta ári en Anna var algengasta nafn stúlkubarna. Þrátt fyrir breyttar áherslur undanfarin ár eru nöfnin Jón og Guðrún enn algengust.**

**SAMFÉLAG** Nafnið Alexander var vinsælasta nafngift íslenskra sveinbarna á síðasta ári en Anna var vinsælasta nafnið sem foreldrar völdu nýfæddum stúlkubörnum. Anna var einnig algengasta nafnið árið áður, en Alexander tók við af Viktori sem algengasta drengjanafnið.

Samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands fengu flestir sem fæddir voru á árinu 2009 fleiri en eitt nafn. Þór var langvinsælasta annað nafn drengja en Freyr og Ingi voru í öðru og þriðja sætinu. María og Ósk voru algengustu önnur nöfn nýfæddra stúlkna. Í þriðja sætinu var nafnið Líf, sem tók við af nafninu Rós sem þriðja vinsælasta val foreldra stúlkubarna.

Þegar skoðuð er dreifing nafna á Íslendingum á öllum aldri hefur lítil breyting verið á algengustu nöfnunum. Jón er enn algengasta karlmannsnafnið. Sigurður og Guðmundur fylgja þar fast á eftir í vinsældum. Hjá konum er nafnið Guðrún enn algengasta eiginnafnið, þá Anna og svo Sigríður.

Meirihluti Íslendinga ber fleiri en eitt nafn. Vinsælustu samsetningarnar hjá körlum eru Jón Þór, Gunnar Þór og Jón Ingi. Algengustu samsetningarnar hjá konum eru Anna María, Anna Margrét og Anna Kristín.

Í samantekt Hagstofunnar er einnig yfirlit yfir afmælisdaga landsmanna. Þeir dreifast ekki jafnt yfir árið, enda algengast að börn fæðist að sumri og á haustin. Fæstir eiga afmæli á vetrarmánuðum frá nóvember fram í febrúar.

Algengasti afmælisdagurinn í byrjun árs 2010 var 16. júlí. Þá áttu 974 einstaklingar afmæli. Fæstir eiga afmæli 24. desember, 666 manns samtals. Næstfæstir eiga afmæli á gamlársdag, 705 talsins.

Sá dagur sem fæstir eiga sem afmælisdag er þó auðvitað 29. febrúar, en miðað við mannfjöldatölur frá upphafi árs 2010 má reikna með að 208 einstaklingar bíði spenntir eftir næsta afmæli, sem verður árið 2012.

brjann@frettabladid.is



**NEFNDUR** Hafi þessi ungi drengur fengið nafn á síðasta ári er líklegast að það hafi verið Alexander eða Daníel.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

**Algengustu nöfn nýfæddra barna árið 2009**

| | SVEINBÖRN | | MEYBÖRN | |
|---|---|---|---|---|
| | Fyrsta nafn | Annað nafn | Fyrsta nafn | Annað nafn |
| 1. | Alexander | Þór | Anna | María |
| 2. | Daníel | Freyr | Rakel | Ósk |
| 3. | Jón | Logi | Emilía | Líf |
| 4. | Sigurður | Ingi | Katrín | Rós |
| 5. | Viktor | Máni | Kristín | Kristín |
| 6. | Arnar | Örn | Viktoría | Lilja |
| 7. | Kristján | Orri | Aníta | Eva |
| 8. | Gunnar | Hrafn | Ísabella | Björk |
| 9. | Kristófer | Snær | Margrét | Karen |
| 10. | Stefán | Már | Eva | Sól |


ÖKULEIKNI 2010

**Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni**

Laugardaginn 18. september nk verður haldin opin Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni. Keppnin verður haldin á svæði Ökukennarafélags Íslands við Kirkjusand í Reykjavík og hefst kl. 13:00. Skráning og nánari upplýsingar eru á www.brautin.is og í síma 588 9070.

brautin bindindisfélag ökumanna



FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:



TERTUSNEIÐ Í BAKARÍI

EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

skemmtilegri

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!



# Fáðu alltaf Vildarpunkta

## Þú kemst fyrr og oftar út með American Express

*Þú safnar Vildarpunktum Icelandair miklu hraðar með Icelandair American Express en öðrum greiðslukortum því þú færð alltaf punkta þegar þú notar kortið. American Express er líka eina greiðslukortið sem færir þér Félagamiða; aukamiða í Vildarferðina þína! Eins og taflan sýnir kemst þú bæði mun fyrr og mun oftar til útlanda á punktum með American Express!*

**_Sæktu um kort núna á americanexpress.is._**

**_Farðu til Evrópu báðar leiðir eftir aðeins 14 mánuði og taktu jafnvel félagann með þér!_**

Kostir Icelandair American Express eru ótvíræðir því þú færð punkta af öllum færslum en með Gull korti Visa frá Landsbankanum og Arion banka færð þú aðeins punkta hjá rúmlega helmingi söluaðila (þeim sem eru með færsluhirðingu hjá Valitor). Hraði Vildarpunktasöfnunar er það sem skiptir þig máli!
**Berðu kortin nánar saman á americanexpress.is**







*Samanburðurinn er miðaður við 240.000 króna veltu á mánuði. Hann tekur til fyrstu 14 mánaða notkunar kreditkorta með Vildarpunktasöfnun Icelandair, sambærilegu árgjaldi, utan vildarþjónustu banka og án tilboða. Fyrir 38.000 Vildarpunkta færð þú ferð til Evrópu báðar leiðir með Icelandair.

Fíton / SÍA

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

www.americanexpress.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samkeppni í sölu metans ýtir vonandi undir nýtingu þess. Ríkið þarf líka að hjálpa til.

# Græn gjaldalækkun

Fréttablaðið sagði frá því í gær að fyrirtækið Metanorka, dótturfélag Íslenzka gámafélagsins, vildi kaupa metangas sem unnið er á sorphaugunum í Álfsnesi. Metanorka vill keppa á smásölumarkaði við N1, sem til þessa hefur verið eini seljandi þessa orkugjafa á landinu. Metan hf., sem markaðssetur gasið frá Sorpu, hefur fallizt á beiðnina og mun selja þeim sem vilja gasið þegar heildsöluverð hefur verið reiknað út.

Þetta eru væntanlega góðar fréttir fyrir þá, sem hafa áhuga á að lækka rekstrarkostnað bifreiða sinna og stuðla að umhverfisvernd með því að nota metangas.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Talið er að metangas sem fellur til í Álfsnesi gæti dugað til að knýja 3.500-4.000 meðalstóra fólksbíla, en aðeins nokkrir tugir slíkra bíla eru nú til á Íslandi og aðeins um tíundi hluti gassins nýttur. Metangas væri reyndar hægt að vinna víðar á landinu og úr fleiru en sorpi.

Ein orsök þess að fólk sér ekki ástæðu til að fá sér metanbíl, þrátt fyrir að hann sé bæði ódýrari í rekstri en benzínbíll og miklu vistvænni, er að enn sem komið er eru aðeins tvær metanstöðvar á landinu, önnur í Reykjavík og hin í Hafnarfirði. Samkeppni í smásölu á eldsneytinu er að sjálfsögðu til þess fallin að fjölga útsölustöðunum og bæta þjónustuna við metanbílaeigendur.

Metanbílarnir eru mun ódýrari í rekstri en benzínbílar, en hins vegar dýrari í innkaupum. Ríkið hefur brugðizt við með því að fella niður vörugjöld af metanbílum sem fluttir eru inn, sem ætti að hvetja fólk til að velja sér slíka bíla. Hvatinn fyrir fólk að láta breyta benzínbíl í metanbíl er hins vegar minni. Slík breyting kostar yfir 400 þúsund krónur.

Dofri Hermannsson, framkvæmdastjóri Metanorku, hefur bent á að nærtækt væri að bíleigendur, sem láta breyta bílnum sínum í metanbíl, fengju endurgreiðslu á vörugjöldunum. Vörugjöld eru endurgreidd af bílum sem eru fluttir úr landi og áætlað að meðalendurgreiðslan nemi um 350 þúsund krónum. Slík endurgreiðsla myndi því mæta kostnaðinum við að breyta bíl að stórum hluta og stuðlaði áreiðanlega að því að fjölga metanbílunum.

Það er að sjálfsögðu alveg fráleit sóun að nýta ekki innlent eldsneyti sem gæti dugað þúsundum bíla. Ef það væri nýtt, myndi það draga umtalsvert úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda frá bílaflotanum.

Núverandi ríkisstjórn gefur sig út fyrir að vilja vernda umhverfið og annar stjórnarflokkurinn kennir sig við græna litinn. Samt hefur furðulítið verið gert til að hvetja fólk til að nýta vistvænan ferðamáta, annað en að hækka skatta á hefðbundið eldsneyti alveg gríðarlega. Til þess að fólk eigi möguleika á að nýta sér aðra kosti þarf að gera þá aðgengilegri með því að lækka eða fella niður opinber gjöld. Gjaldalækkun hlýtur að vera til í orðabók stjórnvalda, að minnsta kosti ef hún stuðlar að vernd umhverfisins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sjálfstæðisyfirlýsing

„Það má segja að þetta sé sjálfstæðisyfirlýsing Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu," sagði Atli Gíslason á Alþingi í fyrradag þegar hann mælti fyrir skýrslunni frægu sem þingmannanefnd vann undir hans forystu. Þótti honum mælast vel og hefur verið vel tekið í tillögur nefndarinnar um aðgerðir til að styrkja sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

### Degi síðar

Í gær brá hins vegar svo við að forseti Alþingis ákvað að fresta þyrfti þingfundi sem búið var að boða klukkan hálfellefu um morguninn af því að ráðherrar ríkisstjórnarinnar voru þá ekki komnir í Alþingishúsið til þess að taka þátt í umræðum. Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var fljótur að sjá sóknarfæri og biðja um orðið til að rifja upp sjálfstæðisyfirlýsingu Atla fyrir hönd Alþingis. „Ekki byrjar það björgulega," sagði Einar. „Þetta er táknrænt, það er liðinn nákvæmlega sólarhringur frá því að sjálfstæðisyfirlýsingin var gefin."



### Alltaf í trjágróðrinum

Fjórar af fimm síðustu bloggfærslum Gísla Marteins Baldurssonar borgarfulltrúa fjalla um trjágróður í borginni. Með fylgja myndir af eplatré, hindberjatré og alls konar trjágróðri sem blómstrar sem aldrei fyrr í í höfuðborginni. Trjágróður er Gísla Marteini líka hugleikinn í samtali sem hann átti nýlega við breska tímaritið Monocle. Það fjallaði í síðasta tölublaði stuttlega um Morgunblaðið og Davíð Oddsson, ritstjóra og fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóra, og ræddi við Gísla Martein: „Það er spurning hvort nýr leiðtogi Sjálfstæðisflokksins nær að blómstra í skugga þeirrar miklu eikar sem er Davíð Oddsson," segir Gísli Marteinn Baldursson, alltaf með hugann við trjágróðurinn.



peturg@frettabladid.is

HALLDÓR




# Að hlaupa af sér hornin

Stjórnmál



Úrsúla Jünemann
kennari

Þegar ungt fólk safnar saman sinni lífsreynslu og ætlar ekki að láta segjast af eldri og reyndari mönnum þá er gjarnan talað um að „það þurfi að hlaupa af sér hornin" og er þetta hugtak greinilega komið af skepnum sem eru fastar í sínum farvegi og geta ekki lært af öðrum. Í þýskri tungu tala menn um það að borga kennslugjöldin: „Lehrgeld bezahlen", og er átt við þegar menn ana út í vitleysu og hlusta ekki á neinn í kringum sig sem hefur kannski áður fyrr lent í svipuðum vandamálum.

Íslendingum liggur alltaf á, töfralausnir eiga að bjarga öllu. Þolinmæði er ekki okkar sterkasta hlið. Við stökkvum á allt sem heitir skjótur gróði og því miður stökkva oft allir í einu á eitthvað æðislegt og kannski – en bara kannski – arðvænlegt. Sama hvort það hét loðdýrarækt, fiskeldi eða stóriðja.

Á Austurlandi voru menn sem vildu flýta sér hægar og voru ekki á einu máli um ágæti Kárahnjúkaframkvæmda álitnir föðurlandssvikarar. Þeir þorðu ekki að opna munninn. Nú er Fjarðabyggð með skuldsettustu bæjarfélögum landsins. Ekki hefur orðið sú fólksfjölgun sem menn bjuggust við og íbúðarhúsnæði sem var klambrað upp í flýti stendur óselt. Lítil fyrirtæki hafa þurft að leggja upp laupana. Atvinnuskapandi hvað?

Orkumálin hér á landi eru grátlegt dæmi um að menn kunna sér ekki hóf. Það er ekki bara það að við getum ekki lært af öðrum þjóðum. Upphlásið bankakerfi og gríðarleg skuldasöfnun, afsprengi af einhverju versta gullgrafaraæði sem hefur ætt yfir þetta sker hefur leikið okkur grátt. Siðlausir og illa menntaðir ráðamenn réðu ríkjum. Þjóðin hefur þurft svo sannarlega að borga kennslugjöldin í þeim málum eftir hrunið.

En þótt við getum ekki lært af mistökum annarra þá getum við ekki einu sinni lært af eigin mistökum. Töfralausnagúrúar eru enn vinsælir. Enn eru köllin háværir eftir orkuverum sem munu hrinda okkur í enn meira skuldafen og rústa landinu, enn sjá sumir ekkert atvinnuskapandi nema fleiri álver sem munu fá orku á gjafverði meðan almenningur býr við gríðarlega hækkun á orkuverði. Enn fá menn eins og Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, blússandi vinsældir út af einhverjum verstu loftköstulum sem hafa nokkurn tíma verið búnir til.

Hvenær mun íslenska þjóðin staldra við, hugsa sinn gang og setja sér einhver langtímamarkmið sem ná yfir komandi kynslóðir. Flest okkur eiga jú börn. Við erum væntanlega hugsandi manneskjur sem geta lært af mistökum. Ekki erum við rollur sem hlaupa af sér hornin en haga sér samt alveg eins og alltaf hefur verið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Glötum ekki fjöregginu

Stjórnmál

Þröstur Ólafsson
hagfræðingur



Eftir hrunið var það ríkjandi skoðun að við þyrftum að stokka upp það samfélagskerfi sem hér hafði þróast. Sumt er aldargamalt, annað afsprengi nýrri tíma. Okkur mistókst að byggja upp traust samfélag með þokkalegu félagslegu öryggi. Þjóðin virðist ekki megna að þróast og þroskast. Kannski er hún of lítil til að geta þroskast. Hún virðist heillast meir af yfirborðsgyllingum en alvöruefni. Við höfum ríkisstjórn sem ekki veit sjálf hvort hún er meiri- eða minnihluta stjórn, og starfar í samræmi við það. Við höfum þjóðþing sem er ekki, og hefur reyndar sjaldnast verið, vettvangur pólitískrar rökræðu, þar sem hagsmunir heildarinnar eru í fyrirrúmi. Þingfundir einkennast af barnalegu rifrildi og fullyrðingaflaumi.

Algengasta uppspretta umræðunnar er þjóðremba í fjölbreyttum búningi. Hún fyllir út tómarúmið. Það var þessi hrokafulla og heimska þjóðremba sem gegnsýrði þjóðlífið og sem í bland við háskalega hugmyndafræði kom okkur á kné. Nú stendur þjóðin fjárvana og vinalítil og kann ekki að horfast í augu við raunveruleikann. Hún telur sig vera umsetin erlendum andskotum. Það voru hins vegar íslenskir víkingar sem gerðu strandhögg víðsvegar um Evrópu, ekki öfugt.

### Samskipti við útlönd

Við höfum nú þegar klúðrað samskiptum okkar við helstu vinaþjóðir. Það reynist lífseigt að kenna öðrum um eigið klandur. Við erum bestir í því. Icesave málið verður að leysa. Þröngsýnir þjóðhyggjulögfræðingar mega ekki ráða ferðinni lengur. Hvort sem okkur líkar betur eða verr komumst við ekkert framhjá Bretum og Hollendingum í þessu máli. Ekki batnar staðan ef við, sem mærum okkur af sjálfbærum fiskveiðum, erum reiðubúin til að ofveiða makríl til að ná veiðireynslu. Hér ráða sérhagsmunir enn og aftur ferðinni. Við verðum að líta á okkur sem hluta af samfélagi evrópskra vinaþjóða, en ekki sem umkomulaust vandræðabarn, sem abbast uppá aðkomufólk til þess eins að sanna fyrir sjálfum sér hve sjálfstætt og óháð það er.

Í samfélagi þjóða er traust tryggasta vopn smáþjóða. Þær ráða engu um ganga heimsmála og afar litlu um afdrif svæðisbundinna úrlausnarefna, nema hafa með sér trausta bandamenn. Jón Baldvin nýtti sér þessa stjórnvisku út í æsar þegar hann samdi um EES, þvert á það sem sem aðrir flokkar höfðu boðað. Þeir töldu Ísland svo öflugt að það ætti í fullu tré við að semja tvíhliða við ESB! Hann náði árangri.

Nú er Ísland í alþjóðlegu samhengi í mun verri stöðu en það var fyrir EES, auk þess sem bandaríski herinn er farinn. Við höfum gengið svo rösklega fram í því að hrekja vinaþjóðir frá okkur að þar voru til skamms tíma bara Færeyingar eftir. Bandamenn eigum við enga. Það er ekki vænlegt útlit fyrir þjóð í skuldafjötrum, sem á allt sitt undir nánu samstarfi við önnur lönd.

### Ójafn kosningaréttur

Stærstu meinsemdir íslenskrar stjórnsýslu og löggjafar má rekja til ranglátrar kjördæmaskipunar, sem mótaðist af sérhagsmunum stærstu flokkanna og atvinnugreinanna fyrir miðbik síðustu aldar.

Við höfum aldrei látið meginprinsipp mannréttinda eða stjórnlagaréttar móta undirstöður stjórnarfarsins. Því snúast íslensk stjórnmál fyrst og fremst um sérhagsmuni sem einstaka flokkar berjast fyrir. Við þurfum að byrja á að leiðrétta þessa meginskekkju íslensks samfélags. Grundvallarreglu réttláts og farsæls samfélags er fórnað og það réttlætt með dreifðri búsetu og fjarlægð frá höfuðborginni! Auðvitað liggur þarna að baki aðferð til að styrkja völd dreifbýlisins og þeirra flokka sem þar eru sterkastir. Það er athyglisvert að þegar kosið er í valdalítið forsetaembætti þá er atkvæðavægið jafnt.

Kosningalögin hafa verið á skipulagslitlum flótta undan réttlætinu allt frá árunum eftir fyrri heimsstyrjöld. Núgildandi kjördæmaskipan er ruglingsleg og myndar engar eðlilegar einingar, hvorki landfræðilegar né hagsmunalegar. Henni var klambrað saman í vandræðagangi og á hröðum flótta. Ætli menn yrðu ekki hissa ef atkvæði íbúa á Kjalarnesi og í Grafarholti hefði mun meiri vigt en atkvæði okkar í 101 í kosningum til borgarstjórnar. Réttlætingin gæti verið sú sama og úti á landi. Það er lengra í Ráðhúsið frá Kjalarnesi en af Laugaveginum.

> Stærstu meinsemdir íslenskrar stjórnsýslu og löggjafar má rekja til ranglátrar kjördæmaskipunar, sem mótaðist af sérhagsmunum stærstu flokkanna og atvinnugreinanna fyrir miðbik síðustu aldar.

### Hvar liggur fjöreggið?

En víðar þarf að taka til hendinni. Við lifum um efni fram og þurfum að draga saman seglin. Ríkistekjurnar eru takmarkaðar. Ef við eyðum þeim í ótal mörg aukaverkefni í stað þess að standa vörð um lykilstofnanir, þá missum við fjöregg þjóðarinnar úr hendi okkar.

Fjöreggið liggur ekki í tíu verklitlum sjúkrahúsum, heldur í því að geta átt a.m.k. einn fullkominn, þróaðan spítala, þar sem við getum fengið nýjustu þekkingar og notið kunnáttu í læknavísindum. Nú erum við að glutra því niður og missa afar hæfa lækna til útlanda. Fjöreggið liggur ekki í tugum örsmárra framhaldsskóla í öðru hverju þorpi, þar sem nemendur fara á mis við alvöru framhaldsmenntun, heldur liggur það í færri alvöru skólum sem veita trausta menntun. Fjöreggið liggur ekki í mörgum háskólum, sem allir búa við erfiðan fjárhag og mishæfa kennara. Við þurfum ekki nema einn háskóla sem hægt er að gera vel við og veitir þá menntun sem nútíminn krefst að ungt fólk hafi.

Fjöreggið liggur ekki í 63 þrasgjörnum þingmönnum, né forseta á faraldsfæti. Fjöreggið liggur í aðhaldi, hófsemi og forgangsröðun sem skilar okkur sterkum og nútímalegum stofnunum þar sem velferð einstaklingsins, víðsýn og traust menntun einkenna samfélagið. Jafnframt verðum við að leggja af hrokann gangvart vinaþjóðum og afla okkur trausts erlendis. Þar liggur fjöreggið líka. Án traustra vina og bandamanna mun sjálfstæði okkar glatast.











Sérframleiðum bursta eftir þínum þörfum.

BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is


# Kynþáttafordómar líðast ekki

kynþáttafordómar




**Íris Björg Kristjánsdóttir**
formaður innflytjendaráðs


Undanfarið hafa fjölmiðlar sagt frá því að kúbverskir feðgar með íslenskan ríkisborgararétt hafi flutt úr landi vegna kynþáttafordóma. Ég þekki ekki til málsins annað en það sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum en ef rétt reynist þá þurfum við að taka okkur saman sem þjóð og senda út skýr skilaboð. Útlendingahatur og kynþáttafordómar líðast ekki og eiga aldrei líðast í samfélagi okkar. Þjóð er ekkert annað en fólkið sem í samfélaginu býr, óháð uppruna, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum, kynferði, kynhneigð, fötlun eða heilsufari. Lykillinn að farsælu samfélagi er að öllum íbúum líði vel, búi við jöfn tækifæri og að íbúar lifi í sátt og samlyndi við hvern annan. Í baráttunni gegn kynþáttafordómum er mikilvægt að benda á tvennt.

Í fyrsta lagi geta fáar þjóðir rakið uppruna sinn og sögu á líkan hátt og Íslendingar. Fyrstu Íslendingarnir voru útlendingar sem lögðu á sig langt og erfitt ferðlag og námu hér land í leit að betra lífsviðurværi. Það er svo sem ekki í frásögur færandi, slíkt hefur maðurinn gert frá örófi alda. Undanfarna áratugi hafa fólksflutningar til Íslands aukist verulega, en á sama tíma hafa flutningar úr landi einnig verið töluverðir, og þá sérstaklega undanfarin tvö ár. Íslendingar eru ekki eingöngu víkingar heldur líka innflytjendur og það ætti að vera jafn sjálfsagður hluti af sjálfsmynd okkar og víkingaímyndin. Í öðru lagi má minna á að hörundslitur manna ræðst af náttúruaðlögun. Það þýðir að lífverur á miðbaugi jarðar þurftu að aðlagast hita meðan fólk á norðlægari slóðum þurfti að aðlagast kulda. Því meiri sól, því meira C-vítamín í húðinni og því dekkri hörundslitur. Því meiri kuldi, því minni og þreknari lífverur, til að auðvelda fólki og dýrum að halda á sér hita. Mikið flóknara er það nú ekki. Við getum til dæmis séð hvernig tognað hefur úr Íslendingum eftir að þeir fóru að búa í upphituðum húsum. Það er mikilvægt að halda þessu til haga þegar upp koma dæmi um kynþáttafordóma á Íslandi. Fordómar vegna húðlitar eru byggðir á ranghugmyndum og fordómum um að munur sé á hæfni og getu fólks eftir hörundslit og útliti. Sambærilegir fordómar eiga víða upp á pallborðið í dag gagnvart trúarbrögðum.

> Þjóð er ekkert annað en fólkið sem í samfélaginu býr.

Í félags- og tryggingamálaráðuneytinu er verið að vinna að innleiðingu mismununartilskipana frá Evrópusambandinu. Önnur þessara tilskipana gengur út á að tryggja jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis. Með henni verður tryggður réttur allra manna til jafnréttis og til verndar gegn mismunun en hvort tveggja er almennur réttur sem er viðurkenndur í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Að útrýma fordómum er samvinnuverkefni okkar allra. Það er gleðilegt að lögreglan hafi tekið hart á þessu máli. Hún gegnir mikilvægu hlutverki í að gæta öryggis allra borgara og þarf að vera vakandi gagnvart hvers kyns fordómum og ofbeldi sem tengist er þeim.





Harðparket ▶
verð frá 3.990 - pr m²
Eik, smellt.

QUICK STEP

HARÐVIÐARVAL

Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is


# Styttri aðgangur – hærra orkuverð

Orkuverð




**Gústaf Adolf Skúlason**
aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku


Um þessar mundir er unnið að gerð stjórnarfrumvarps þar sem meðal annars mun vera lagt upp með að stytta leyfilegan samningstíma varðandi afnotarétt af náttúruauðlindum í jarðhita og vatnsafli, í opinberri eigu. Samkvæmt lögum frá árinu 2008 er hámarkstími slíkra samninga nú 65 ár, en semja má um framlengingu að samningstímanum hálfnuðum (og þá aftur mest til 65 ára, heildarsamningstíminn getur því mestur orðið samtals 97,5 ár). Vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir hafa langan líftíma sem lengja má með reglulegu viðhaldi. Fjárfestingin er hins vegar mikil í upphafi. Ljóst er að styttri nýtingartími á auðlindinni hefur í för með sér hærri arðsemiskröfu og því væntanlega hærra orkuverð.

Þetta má setja upp í einfalt tilbúið dæmi, en í töflunni hér til hliðar má sjá hvaða áhrif stytting nýtingartímans myndi væntanlega hafa á orkuverð ef viðkomandi virkjun ætti að geta borið sig. Við miðum hér við litla jarðvarmavirkjun með 10 megavatta (MW) uppsettu afli og gefum okkur að byggingarkostnaður sé um 2,2 milljónir dollara fyrir hvert MW, eða tæpar 260 milljónir króna á genginu 118. Nýtingarhlutfall virkjunarinnar er áætlað 63% (framleiðsla fyrir almennan markað), rekstrar- og viðhaldskostnaður er áætlaður 2% af fjárfestingunni, veginn fjármagnskostnaður er áætlaður 7,5% (sem um leið er þá lágmarksarðsemiskrafa) og loks er verðbólga á líftíma virkjunarinnar áætluð 2,5%. Til þess að hægt sé að afskrifa þessa virkjun á 65 ára tímabili þarf orkuverðið að vera að minnsta kosti 2,82 krónur á kílóvattstund (kWst).

Ef við hins vegar styttum líftíma virkjunarinnar niður í 40 ár þá þarf þetta sama orkuverð, að öðrum forsendum óbreyttum, að vera að minnsta kosti 3,08 krónur per kWst, eða 9,2% hærra. Sé líftíminn enn styttur niður í 30 ár þarf orkuverðið að vera að minnsta kosti 3,39 krónur, 20,2% hærra en ef líftíminn væri 65 ár.

### Njótum ódýrrar orku

Við Íslendingar njótum einhvers lægsta raforkuverðs sem þekkist á Vesturlöndum. Á dögunum kom þannig fram að eftir að boðaðar gjaldskrárhækkanir Orkuveitu Reykjavíkur taka gildi mun raforkukostnaður í öðrum höfuðborgum Norðurlandanna eftir sem áður verða frá 28% (í Helsinki) til 203% (í Kaupmannahöfn) hærri en hjá íbúum á veitusvæði Orkuveitunnar, miðað við sömu raforkunotkun. Ef borinn er saman húshitunarkostnaður milli þessara sömu höfuðborga er munurinn enn meiri, Íslendingum í hag. Þessi lági orkukostnaður er hins vegar ekki sjálfgefinn. Stytting leyfilegs samningstíma um aðgang að orkuauðlindum þýðir að sjálfsögðu hærri arðsemiskröfu og því væntanlega hærra orkuverð til heimila, fyrirtækja og stofnana.

**Áhrif styttri líftíma virkjunar á orkuverð**

| Orkuverð heildsala, kr. | líftími virkjunar í árum | Hækkun frá 65 ára líftíma |
|---|---|---|
| 2,82 | 65 | |
| 3,08 | 40 | 9,2% |
| 3,39 | 30 | 20,2% |

# Einkabankar búa til lögeyri landsins

Efnahagsmál




**Jón Þór Ólafsson**
stjórnmálafræðingur


Thomas Jefferson, höfundur sjálfstæðisyfirlýsingar Bandaríkjanna og þriðji forseti þeirra, varaði við því að afhenda einkabönkum valdið til að gefa út gjaldmiðil þjóðarinnar. Varúðarorð hans eiga vel við í dag, en hann sagði: „Ef bandaríska þjóðin leyfir einkabönkum nokkurn tíma að stjórna útgáfu þjóðargjaldmiðilsins, fyrst með verðbólgu, síðan með verðhjöðnun, þá munu bankarnir og einkafyrirtækin sem vaxa upp í kringum þá svipta fólkinu öllum þeirra eigum þar til börnin þeirra vakna heimilislaus í landinu sem forfeður þeirra byggðu.“

### Peningakerfi Íslands í dag

Landslög segja að íslenska krónan skuli vera lögeyrir og í henni skuli innheimta skatta. Allir sem vilja lifa og starfa á Íslandi verða því að eiga og versla með íslenskar krónur. Alþingi fól Seðlabankanum ábyrgð á því að stuðla að stöðugu verðlagi ásamt valdi til að gefa út gjaldmiðilinn. Seðlabankinn afhenti hins vegar einkabönkum valdið til að skapa mikinn meirihluta nýrra krónupeninga og hugðist fjarstýra verðstöðugleikanum. Við lifum og störfum í rústum þessa peningakerfis.

Eitt meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að kaupmáttur krónunnar lækki um 2,5% árlega. Þetta skal gert með því að auka magn nýrra peninga meira en magn vöru og þjónustu sem þeir kaupa. Í daglegu tali heitir þessi kaupmáttarskerðing verðbólga. Í peningakerfinu eru nýir peningar skapaðir og settir í umferð til að valda stöðugri kaupmáttarskerðingu.

Fjármálafyrirtæki í einkaeigu hafa svo lögvarin forréttindi til að skapa mikinn meirihluta nýrra peninga og til að fá á stýrivöxtum það litla sem Seðlabankinn býr til sjálfur. Hvoru tveggja eykur lánsfé einkabankanna sem gerir það ódýrara en veldur verðbólgu í kjölfarið. Bróðurpartur af lánsfé fer til hinna efnamestu sem mesta lánsvild hafa. Meðan verðbólgan fer verst með fátæka þegar verð á nauðþurftum hækkar. Peningakerfi Íslands niðurgreiðir því lánsfé til hinna ríku með verðbólguskatti á almenning. Ójöfnuður er innbyggður í peningakerfið.

Allar krónur á Íslandi fara því í umferð sem skuld við einkaaðila sem ómögulegt er að endurgreiða þar sem aldrei eru í umferð nægar krónur til að borga bæði höfuðstólinn, þ.e. upprunalega lánið, og vextina sem á hann falla. Aukin gjaldþrot, og kostnaðurinn sem af þeim hlýst, er því byggður inn í peningakerfið.

Seðlabankinn reynir svo að fjarstýra peningaútgáfu einkabankanna og stuðla þannig að stöðugleika. Tölur frá Seðlabankanum sjálfum sýna hve algerlega honum hefur mistekist að tryggja þannig stöðugleika á verðlagi og í hagkerfinu í heild.

### Leiðréttingin er einföld

Þessar kerfisvillur þarf að leiðrétta og það er einfalt. Fyrst þarf að taka af einkaaðilum valdið til að búa til lögeyri landsins. Svo þarf að finna aðra leið til að koma nýjum peningum í umferð og gera það án vaxta.

Í stað þess að Seðlabankinn reikni fyrst hvað mikið þarf að skapa af nýjum peningum og reyna svo að fjarstýra hve mikið einkabankar skapa, þá getur Seðlabankinn sjálfur gefið út alla nýja peninga. Í stað þess að nýir peningar fara í umferð á vöxtum og í gegnum fjármálafyrirtæki sem taka þóknun fyrir að úthluta þeim til útvalinna, þá geta nýir peningar farið í umferð sem greiðsla frá ríkinu fyrir betra velferðarkerfi og til að borga upp skuldir ríkissjóðs.

Þessar kerfisvillur eru þær sömu og fyrir hrun. Í peningakerfi Íslands er enn innbyggður ójöfnuður, óhagkvæmni og óstöðugleiki. Umræðu og úrbóta er þörf.


NÝTT ZUMBA fitness
NORDICASPA

Nýjasta fitubrennsluæðið í heiminum!




ZUMBA-fitness:

- Mikil fitubrennsla, eykur þol og líkamlegan styrk
- Lögun líkamans breytist ótrúlega hratt
- Eykur brennslu og bætir meltingu
- Mikil áhersla á maga- og mjaðmasvæði
- LATIN-tónlist (salsa, samba, cumbia, reggaeton, merengue ofl.)
- Auðveld dansspor og fyrir allan aldur

Danskennarar: Marta G. Ómarsdóttir og Anna Claessen
4ra vikna námskeið - tveir fastir tímar í viku (mán/mið) eða (þri/fim)
Frjáls aðgangur að tækjasal með þjálfara og
öllum opnum tímum ásamt heilsulindinni okkar.

NORDICASPA

Skráðu þig strax í síma 444-5090 eða á nordicaspa@nordicaspa.is

# ÚTSALA ÁRSINS!

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR




1.199kr/m²
~~1.690kr/m²~~

**Plastparket**
3ja stafa Eik eða Hnota
146956-7




4.995,-
~~7.499,-~~

**Innimálning**
10 ltr. gljástig 10.
7119961



2.999,-
~~3.999,-~~

**Vindjakki barna**
Regnheldur, með öndun, 2 litir.
5868042-54

1.999,-
~~3.999,-~~

**Vindbuxur barna**
Regnheldar með öndun.
5868083-88




RAFTÆKI 15-50% AFSLÁTTUR

89.900,-
~~109.900,-~~

Electrolux
**Þvottavél**
1400 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805446

19.900,-
~~22.900,-~~

Salerni
Cersanit Scandinavia
með setu. Veggstútur
8077532



cersanit

ÖLL LJÓS 20-70% AFSLÁTTUR





mikið úrval af smávörum á 99kr

ÖLL BÚSÁHÖLD 20-50% AFSLÁTTUR



4 stk í pakka

1.999,-
~~4.999,-~~




1.875,-
~~2.499,-~~

**Stingsög Power plus**
350W
5245207

ÖLL POWERPLUS VERKFÆRI 25% AFSLÁTTUR




Útsölublaðið er komið út!
Nýjar vörur bætast við daglega!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÍTALSKI LANDKÖNNUÐURINN MARCO POLO** (1254- 1324) fæddist þennan dag.

*„Ég hef ekki sagt frá helmingnum af því sem ég sá."*

**ÞETTA GERÐIST:** 15. OKTÓBER ÁRIÐ 1994

## *Helgi Áss verður heimsmeistari*



Þennan dag árið 1994 varð Helgi Áss Grétarsson heimsmeistari í skák í flokki 20 ára og yngri. Heimsmeistaramótið fór fram í Brasilíu og fyrir síðustu umferðina ríkti mikil spenna. Efst og jöfn með átta vinninga voru þrjú ungmenni: Helgi Áss, ungverska stúlkan Soffía Polgar og hinn þýski Christopher Gabriel. Soffía Polgar tefldi við Spangenberg frá Argentínu og lauk þeirri skák með jafntefli.

Helgi Áss og Gabriel mættust í úrslitaskákinni. Helgi Áss hafði hvítt og upp kom drottningarbragð. Skákin varð strax afar spennandi og báðir urðu knappir á tíma í lokin. Í þokkalegri stöðu tók Gabriel þá örlagaríku ákvörðun að fórna drottningunni og það varð honum til falls.

Helgi náði yfirhöndinni með því að gefa sína til baka og verða peði yfir í endatafli. Hann tefldi af miklu öryggi og varð fyrsti Íslendingurinn til að vinna sigur í flokki 20 ára og yngri, aðeins sautján ára að aldri. Með heimsmeistaratitlinum var hann útnefndur stórmeistari.



**FRÆÐSLA, RÁÐGJÖF OG EFTIRLIT** Kristín segir margt hafa áunnist í jafnréttisbaráttunni. Þó hallar enn á konur í stjórnum fyrirtækja auk þess sem launamunur er víða til staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**JAFNRÉTTISSTOFA:** TÍU ÁRA Í DAG

# BARÁTTAN HELDUR ÁFRAM

Jafnréttisstofa fagnar tíu ára afmæli í dag en hún hóf störf á Akureyri á þessum degi árið 2000. Fyrsta framkvæmdastýran var Valgerður H. Bjarnadóttir en Kristín Ástgeirsdóttir gegnir starfinu í dag.

Helstu verkefni Jafnréttisstofu eru söfnun og miðlun upplýsinga um jafnrétti kynjanna, fræðsla og ráðgjöf, auk þróunarstarfs, rannsókna og eftirlits með lögum. „Árið 2008 kom inn nýtt ákvæði í jafnréttislögin um að við ættum að vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi og breyta heftandi staðalímyndum kynjanna svo það eru sífellt að bætast við ný verkefni," segir Kristín. Hún segir fræðslu og ráðgjöf veigamikla þætti í starfi stofunnar. „Til okkar leita einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir sem eru að vinna með jafnréttismál eða glíma við einhver vandamál þeim tengdum. Þá er hægt að bera undir okkur grun um brot á jafnréttislögum en þyki ástæða til að kæra fer málið fyrir kærunefnd jafnréttismála."

Kristín segir margt hafa áunnist í jafnréttisbaráttunni á síðustu tíu árum þótt hún eigi sér að sjálfsögðu lengri sögu. „Fyrstu jafnréttislögin voru sett árið 1976 og víða hefur orðið hugarfarsbreyting og lagabót. Hins vegar hallar enn á konur á sumum sviðum og þess vegna heldur baráttan áfram." Kristín segir talsvert halla á konur í stjórnum fyrirtækja auk þess sem hópur kvenna, umfram karla, búi við bág kjör. Þá er víða að finna heftandi staðalímyndir sem á bæði við um konur og karla auk þess sem launamunur er enn til staðar.

Jafnréttisstofa leggur mikla rækt við erlent samstarf. „Þannig lærum við af öðrum og fáum tækifæri til að miðla þekkingu, en Norðurlöndin eru mikilvægar fyrirmyndir í þeim efnum. En hvernig stöndum við í samanburði við hin Norðurlöndin? „Við vorum í efsta sæti á lista World Economic Forum í fyrra en það skýrist meðal annars af jöfnum valdahlutföllum kynjanna í ríkisstjórninni. Í ljósi þess að tvær konur misstu ráðherrastól í breytingum á ráðherraskipan á dögunum er ég hrædd um að það komi til með að breytast. Við stöndum okkur hins vegar vel hvað varðar menntun og heilbrigðismál en síður á vinnumarkaði og þar eru hin Norðurlöndin okkur framar. Í Noregi var settur kvóti á stjórnir fyrirtækja sem kemur þeim ofarlega á lista en sams konar kvóti verður tekinn upp hér á landið árið 2013," segir Kristín.

Í tilefni afmælisins var haldin ráðstefna í Ketilhúsinu á Akureyri síðastliðinn föstudag auk þess sem stofan hefur gefið út sérstakt afmælisblað. Fram undan er svo mikil dagskrá í október.

vera@frettabladid.is

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og dóttir,*

**Guðný Jóna Ásmundsdóttir**

Hofakri 7, Garðabæ,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut þann 12. september sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 17. september kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Sigurður Stefánsson**
**Anna Sigurðardóttir** — **Hákon Svavarsson**
**Stefán Sigurðsson** — **Sigrún Jensdóttir**
**Ása Gunnur Sigurðardóttir** — **Ari Bent Ómarsson**
**Anna Kristjana Þorláksdóttir**

---



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Gísladóttir**

dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði,

lést fimmtudaginn 9. september. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 18. september kl. 14.00.

**Svanlaug Vilhjálmsdóttir** — **Þorsteinn H. Jóhannesson**
**Sveinn Sæmundsson**
**Lóa Helgadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Friðriksson,**

húsasmíðameistari, Torfufelli 48, Reykjavík,

lést laugardaginn 11. september á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 17. september kl. 11.00.

**Concordía Konráðsdóttir**
**Friðrik Kristjánsson** — **Dagmar Huld Matthíasdóttir**
**Kristján Kristjánsson** — **Thelma Ásdísardóttir**
**Regína Kristjánsdóttir** — **Stefán Sigurðsson**
**Konráð Kristjánsson**
**Guðrún Jóna Kristjánsdóttir** — **Óli Halldór Sigurjónsson**
**Einar Þór Kristjánsson** — **Anna Tivell**
**barnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Birgir Stefánsson**

Reykhúsum 4a, Eyjafjarðarsveit,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 7. september síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 17. 09. 2010 kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimilið Hlíð eða FAAS, Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga.

**Heiða Hrönn Jóhannsdóttir**
**Örn Viðar Birgisson** — **Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Svanfríður Birgisdóttir** — **Sveinn Eiríksson**
**Stefán Birgisson** — **Helga Gunnlaugsdóttir**
**Þorbjörg Birgisdóttir**
**Jóhann Konráð Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Ástkær dóttir okkar, fósturdóttir og systir,*

**Sandra Ásgeirsdóttir,**

lést laugardaginn 11. september.

Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 22. september kl. 13.00.

**Guðrún Lára Halldórsdóttir** — **Óðinn Helgi Jónsson**
**Ásgeir Sveinsson** — **Eygló Eyjólfsdóttir**
**Halldór Viðar Jakobsson**
**Arnar Rafn Óðinsson**
**Styrmir Óðinsson**

---



*Elskuleg eiginkona mín,*

**Jóna Björg Pálsdóttir**

hjúkrunarfræðingur

sem lést á líknardeild Bispebjerg Hospital í Kaupmannahöfn þann 4. september s.l. verður jarðsungin fimmtudaginn 16. september kl. 14.00 frá safnaðarheimilinu í Sandgerði. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta líknarsjóð Rbst nr. 11 Steinunn I.O.O.F. njóta þess. Reikn.nr. 1109-05-408990, kt. 450994-2439.

**Birgir Elíasson**

2 GERÐIR • 2 STÆRÐIR

# STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

ALLIR VINNA

# haust TILBOÐ

*Besta verðið*

# NÝTT BAÐ

## Eitt flottasta úrval landsins




RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90 KANTAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90




WC upphengt með öllu **33.900**
með hvítum sturtuhnappi og mjúklokun

WC í gólf 14 sm í stút **21.900**

WC með stút í vegg **19.900**



STURTUSTANGARSETT **29.900**
með hitastýrðu blöndunartæki handsturtu og ömmustöng



**CT** baðinnréttingar verð frá **64.900**
STÆRÐIR: 55, 75, 85, 95 eða 120 sm

til afgreiðslu af lager



150x75 sm 160x75 sm 170x75 sm 160x70 sm 170x70 sm

BAÐKÖR Verð frá **26.800** Emilerað stál / Fætur fylgja



BAÐHLÍFAR nokkrar stærðir og gerðir



P-7202 44x24 sm **24.900** P-9042 46x26 sm **29.900** P-7197 55x32 sm **32.900**

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR KRÝSUVÍK

*- hjálp til heilbrigðis*

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



*Hjartans þakkir til ykkar allra sem hafið sýnt okkur samhug, stuðning, hjálpsemi og vináttu eftir fráfall dóttur okkar, systur, barnabarns og frænku,*

**Ástríðar Tómasdóttur**

og minnst hennar af hlýju og vinsemd.

**Ásta Svavarsdóttir**
**Tómas R. Einarsson**
**Kristín Svava Tómasdóttir**
**Ása Bergný Tómasdóttir**
**ömmur og afar**
**frænkur og frændur**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langa-langamma,*

**Fjóla Óskarsdóttir,**
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

sem andaðist 1. september, verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði fimmtudaginn 16. september kl. 15. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er góðfúslega bent á FAAS og önnur líknarfélög.

**Elías Andri Karlsson** **Bára Ólafsdóttir**
**Ómar Sævar Karlsson** **Fjóla Valdimarsdóttir**
**Óskar Gísli Karlsson** **Vildís Halldórsdóttir**
**Sólbjörg Karlsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langa-langömmubarn.**

---



*Eiginmaður minn,*

**Ólaf Lillaa,**
Stekkjarholti 16, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 11. september. Jarðað verður í kyrrþey.

**Guðrún Bjarnadóttir**

---



*Okkar ástkæra,*

**Ásrún Guðríður Héðinsdóttir**

lést 11. september. Fyrir hönd allra sem önnuðust hana og elskuðu í gegnum tíðina,

**Héðinn Hjartarson, Margrét Héðinsdóttir,**
**Halldóra Jónsdóttir, Símon Jónsson.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Rósmundur Sigurðsson**

andaðist á Sólvangi í Hafnarfirði miðvikudaginn 8. september. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 16. september kl. 11.00.

**Rósmundur H. Rósmundsson** **Guðbjörg Oddsdóttir**
**Richard Henry Eckard** **Oddný Guðjónsdóttir**
**Elísabet Kolbrún Hansdóttir** **Hafsteinn Guðmundsson**
**systkini, afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

---



*Okkar kæra,*

**Benný Sigurðardóttir**
hússtjórnarkennari, Skúlagötu 40, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans, Landakoti laugardaginn 4. september, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 17. september kl. 15.00.

**Sigríður Á. Pálmadóttir** **Guðmundur I. Sigmundsson**
**Björn Orri Guðmundsson** **Bergur Már Guðmundsson**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Sigurður Magnússon**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Magnúsdóttir,**
Hálsum, Skorradal,

lést 8. september 2010. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Börn, tengdabörn og fjölskyldur.**

---



*Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnlaugur Snædal**
læknir,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni mánudaginn 20. september kl. 13.

**Jón Snædal** **Guðrún Karlsdóttir**
**Kristján Snædal** **Sólrún Vilbergsdóttir**
**Gunnlaugur G. Snædal** **Soffía Káradóttir**
**barnabörn og langafabörn**

---



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Soffíu Aðalbjargar Björgvinsdóttur,**
Obbu, Skógarbæ, Árskógum 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ fyrir frábæra umönnun og hlýju í hennar garð.

**María Björg Jensen** **Jón Ingi Guðjónsson**
**Birgir V. Sigurðsson** **Inga Skaftadóttir**
**Erlín Linda Sigurðardóttir** **Guðjón Sigurbjörnsson**
**Gréta Ósk Sigurðardóttir** **Guðmundur Ármannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pétur Guðjónsson**
frá Hrauni í Sléttuhlíð,

sem lést föstudaginn 10. september verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 17. september kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**GÓÐAR GJAFIR** Lionsmenn gáfu Grensásdeildinni gjafir upp á rúmar 20 milljónir í tilefni af 50 ára afmæli klúbbsins og heimsóttu deildina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Milljónagjafir Lionsmanna

Lionsklúbburinn Njörður í Reykjavík hefur fært Endurhæfingardeild Landspítala Íslands á Grensási veglega gjöf í tilefni 50 ára afmælis klúbbsins.

Gjöfin er búnaður að verðmæti hátt á þriðja tug milljóna sem komið hefur verið fyrir á Grensásdeildinni að undanförnu.

Í tilkynningu frá klúbbnum segir að þetta sé sennilega ein allra stærsta einstaka gjöf sem nokkur þjónustuklúbbur hefur gefið hér á landi. Í henni felast margs konar tæki, meðal annars tölvubúnaður og forrit, húsbúnaður, myndavél, hjólastóll og ekki síst rafdrifinn stand- og magahjólabekkur og tvær sundlaugarlyftur, sem fóru til sjúkraþjálfunardeildar.

Steinar Petersen, formaður klúbbsins, sagði í samtali við Fréttablaðið að undirbúningur þessarar gjafar hefði staðið lengi, en fjárins var aflað með árlegum herrakvöldum klúbbsins. „Við höfum styrkt Grensás áður, en okkur fannst þetta afar verðugt verkefni," sagði Steinar.

Njörður er stærsti Lionsklúbbur landsins með um 60 meðlimi. Hann hefur á sínum 50 árum veitt ótal styrki, samtals að upphæð 200 til 250 milljónir króna að núvirði. **- þj**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,*

**Valborgar Bjarnadóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Líknardeildarinnar í Kópavogi og Heimahlynningu Landspítalans fyrir einstaka hlýju og umhyggju.

**Andri Sigurðsson og Þórey Gunnlaugsdóttir**
**Bjarni Sigurðsson og María Rebekka Þórisdóttir**
**og börn.**

---



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Karls H. Steingrímssonar**
bifreiðastjóra og harmonikkuleikara,

sem lést að dvalarheimilinu Hlíð Akureyri miðvikudaginn 1. september.
Sérstakar þakkir viljum við senda starfsfólkinu á Grenihlíð fyrir góða og hlýja umönnun.

**Guðmundur Karlsson** **Ratree Somboon**
**Hanna Karlsdóttir** **Rúnar Vestmann**
**Katrín Lind Guðmundsdóttir** **Jóhann G. Eyþórsson**
**afa- og langafabörn.**



**Spyrnudeild** Bílaklúbbs Akureyrar hefur fastsett laugardaginn 25. september fyrir lokaumferðina í Íslandsmótinu í sandspyrnu. Keppnin fer fram í Ölfusi. Opnað verður fyrir skráningu síðar í vikunni og fram á mánudag. Nánar á www.ba.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Hennÿ Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS




Kjóll á
9.900 kr.
Þrír litir
Stærðir 40 - 56

Komnir aftur
Langerma bolir -
Verð 2.900 kr.

Kíkið á heimsíðuna okkar rita.is

Ríta

Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is
Opnum kl. 10:00 alla daga nema sunnudaga



;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Hennÿ Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

TÍSKA
Fimmtudaga


**Sara Mist Jóhannsdóttir fór í Evrópuferð í sumar með vinkonum sínum og heillaðist algjörlega af París.**

# Gæti alveg búið í París

Sara Mist Jóhannsdóttir fór í interrail-ferð um Evrópu nú í sumar með þremur vinkonum sínum, þeim Bergþóru Björk Guðmundsdóttur og Karenu Lenu og Thelmu Ýri Óskarsdætrum. „Við vorum búnar að láta okkur dreyma um ferðalagið lengi og plana það síðan í fyrrasumar. Ég kláraði stúdentinn um síðustu jól og var að byrja í félagsráðgjöf í háskólanum núna í haust svo þetta var svona eiginlega útskriftarferðin mín," segir Sara.

;Á FERÐINNI | 2



Sara segir að það hafi verið stórkostlegt að skoða Eiffelturninn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Dekk • Bón og þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskipti • Rúðuþurrkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum






BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**Landakort.is** er vefsíða sem hefur að geyma landfræðilegar upplýsingar á Íslandi, með tenglum í vefsíður sem sýna kortagögn og annað landfræðilegt efni innanlands sem utan. Þar er einnig að finna fréttir um það sem er að gerast í útgáfumálum korta.






BASLER

NÝ SENDING AF YFIRHÖFNUM.

Parísar TÍZKAN

Tízkuhús, stofnsett 1963

Skipholti 29b • S. 551 0770

TVEIR SPLÚNKUNÝJIR



teg. 98880 - mjög flottur í BC skálum á kr. 4.350,- buxur í stíl á kr. 1.990,-



teg. 86120 - glæsilegur í BC skálum á kr. 4.350,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
Lau. 10-14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

–20%
af öllum vörum um helgina

Vorum að taka upp nýjar SOYA-vörur og nýja skokka.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUR

MINDX

Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11–16
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

FJÖRÐUR
www.fjordur.is




Skyttustandurinn er rekinn inn í skurðbakkann og þannig getur skyttan fengið góða yfirsýn. MYND/HRANNAR ÖRN HAUKSSON



Standurinn er léttur úr áli og settur saman á staðnum.

# Gott fyrir skyttu í skurði

**Reynir Georgsson vinnur að tveimur nýjungum sem auðvelda veiðimönnum lífið á skyttiríi. Þetta eru skyttustandur og skyttusessa en hugmyndir að þeim vöknuðu í veiðiferðum uppfinningamannsins.**

Nýsköpun er Reyni Georgssyni ekki ókunn enda starfar hann sem verkefnisstjóri Fab lab-smiðjunnar á Akranesi. Hugmyndin að skyttustandinum vaknaði út frá skotveiði sem Reynir stundar af nokkrum móð. „Maður lendir oft í því, sérstaklega á gæsaskyttiríi, að þurfa að bíða í óhentugum skurðum sem eru djúpir og fullir af vatni en erfitt er að fóta sig í þeim. Þegar maður stendur upp þarf maður líka að hafa sýn yfir túnin,“ útskýrir Reynir og ljóst að veiðimenn þurfa að velja vel hvar þeir leynast. Með skyttustandinum geta þeir hins vegar nýtt skurði sem annars væru óhentugir. „Standurinn virkar þannig að maður rekur hann inn í skurðbakkann og getur staðið á honum til að rýna yfir bakkann,“ segir Reynir. „Öll rörin eru úr áli, eru jafn löng og lítið fer fyrir standinum sem er settur saman á staðnum,“ segir hann og bætir við að standurinn reynist einnig vel sem sæti. Hann er smíðaður hjá Blikksmiðju Guðmundar á Akranesi en Reynir vinnur nú einnig að því að útfæra standinn fyrir veiðihunda.

Önnur hugmynd sem Reynir hefur framkvæmt er svokölluð skyttusessa. „Sessan er hluti af stærra verkefni fyrir íþrótta- og skátafélög en hana má nota á ýmsum vettvangi. Ég hef mest notað hana á skyttiríi,“ segir Reynir en veiðimenn þurfa oft að sitja lengi í köldum skurðum eða á hörðum fjörusteinum.

„Sessan er með einangrunarkúlum inn í og því lauflétt. Hún hangir í skotbeltinu aftan í manni og því auðvelt að smeygja henni undir rassinn þegar maður sest niður,“ segir Reynir. „Svo verður manni líka voða hlýtt á rassinum enda einangrar hún vel og er mjúk,“ segir hann hlæjandi og bætir við að hann noti sessuna líka í fjallgöngum og situr á henni í snjó á rjúpnaveiðum. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni www.pulla.is.

*solveig@frettabladid.is*



Skyttusessan gerir veiðimönnum lífið auðveldara. MYND/HRANNAR ÖRN HAUKSSON

Framhald af forsíðu

Sara og Thelma flugu frá Íslandi til London og þaðan til Pamplona á Spáni þar sem Karen, systir Thelmu, var búin að vera í skóla. Bergþóra var komin þangað á undan þeim en hún hafði verið í hálft ár í Afríku. „Við vorum í Pamplona í nokkra daga og fórum svo til Barcelona. Þar skoðuðum við Gaudí-garðinn og Sagrada Família-kirkjuna. Svo fórum við með lestinni og ætluðum að koma við í Cannes í Suður-Frakklandi en stoppuðum í einhverjum litlum bæ þarna því lestin fór ekki lengra. Við fundum enga gistingu og þurftum að gista á lestarstöðinni því það var bara allt bókað og löggan hélt að við ættum ekki pening. Við höfðum ekki ætlað að gista í Cannes þannig að daginn eftir brunuðum við bara beint til Ítalíu. Við fórum fyrst til Písa að skoða skakka turninn og gistum þar eina nótt. Þá fórum við til Rómar og vorum þar í viku. Frá Róm fórum við aftur til Frakklands og vorum í París og svo í gegnum Belgíu til Amsterdam. Þaðan tókum við lestina til London og flugum allar saman heim frá London.“

Sara er himinlifandi yfir ferðinni. „Þetta var bara alveg geðveikt. Ég ætla sko einhvern tímann aftur í svona ferð, kannski þegar ég er búin með háskólann, og fara þá líka til Þýskalands og fleiri landa.“

Eftirminnilegst segir hún hafa verið að skoða Eiffelturninn. „Hann náttúrulega var stórkostlegur. Svo var það Amsterdam, við gleymum henni aldrei. En það var bara svo margt sem var ótrúlega fallegt, eins og Vatikanið og Colosseum.“

Af öllum stöðunum var það þó París sem heillaði Söru mest. „Ég myndi vilja fara aftur til Parísar, við vorum svo stutt þar, bara tvo daga og það er rosalega fallegt þar. Ég gæti líka vel hugsað mér að búa í París í einhvern tíma.“

*emilia@frettabladid.is*



Sara segir vinkonurnar hafa notið lífsins meðan á ferðalaginu stóð og langar til að endurtaka leikinn við gott tækifæri.

;ALLT

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

ÚT AÐ BORÐA
Föstudaga

# Eldunartæki

Sérblað • miðvikudagur 15. september 2010


















**● RÉTTIR ÚR ELDHÚSI BARNANNA** Ótrúlega skemmtileg tauleikföng sem A Huldén/S Dahlman hönnuðu fyrir IKEA, hafa nú litið dagsins ljós í versluninni hérlendis.

Leikföngin eru ýmis matur í tauformi, svo sem fimmtán hluta morgunverðarsett með beikoni, pylsum, amerískum pönnukökum og öllu tilheyrandi. Einnig er hægt að fá sneisafullar grænmetis- og ávaxtakörfur úr taui sem og eftirréttardisk með taumúffum, ís og fleiru til. Leikföngin má þvo við 40°C og hentar börnum frá 3 ára aldri.





**● SORPIÐ NOTAÐ VIÐ GARÐYRKJU** Bandarísku hönnuðirnir John Arndt og Wonhee Jeong frá Studio Gorm hafa hannað eldhús þar sem matarleifar eru notaðar til að rækta plöntur. Eldhúsið kalla þeir Flow2. Plönturnar eru til að mynda vökvaðar með vatni sem lekur af diskum sem hengdir eru upp til þerris yfir blómapottunum. Matarleifar eru settar í kassa með möðkum sem brjóta niður sorpið. Moltan er síðan notuð sem áburður fyrir plönturnar.









Eldhúsið í Sívertsenhúsi, elsta húsi Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Úr fórum fortíðar

**Mismunandi aðstaða til eldamennsku er partur af þjóðháttasögu Íslendinga. Byggðasöfnin gefa nútímafólki innsýn í hana. Ljósmyndarar Fréttablaðsins fóru á söfn og hér er afraksturinn.**



Í Byggðasafni Hafnarfjarðar er Rafha-sýning og á henni er þessi snotra vél. Á henni hefur örugglega þótt gott að elda graut. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sívertsenhús sýnir hvernig yfirstéttarfjölskylda í Hafnarfirði bjó í byrjun 19. aldar. Svona er eldstæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Rafha-eldavélin er íslensk. Sú fyrsta leit dagsins ljós 1937. Siggubær í Hafnarfirði skartar einni slíkri en Siggubær er dæmi um alþýðuheimili á fyrri hluta síðustu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Þessi kolaeldavél er í torfbænum Árbæ í Reykjavík og var hátískuvél þegar hún kom þangað árið 1920. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Sumar Rafha-vélarnar voru með hringjum sem hitnuðu vel og gátu orðið glóandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlóðaeldhús voru algeng fyrr á öldum. Fram á þá tuttugustu voru þau notuð í sláturtíðinni. Þetta er í Árbæjarsafni.



**NUTID** spanhelluborð m/4 hellum
B58×D51cm. Svart **79.900,-**



**NUTID** örbylgju- og blástursofn
B60×D56, H45,5cm. Hvítt **109.900,-**



**NUTID** innbyggður kælir m/2 skúffum
B80×D55, H84cm. Hvítt **154.900,-**
*Skúffuframhliðar seldar sér*



**10.900,-**

**LAGAN** innfelld vifta m/3 hraðastillingum
B60×D51cm. Hvítt

# Með langtíma-samband í huga




**59.900,-**

**NUTID** gashelluborð
m/4 hellum B58×D41cm
Svart **59.900,-**



**NUTID** kæliskápur
B60×D61, H175cm
Ryðfrítt stál
**144.900,-**



**RENLIG** innbyggð
uppþvottavél
B45×D56, H82cm
Hvítt **99.900,-**
*Framhlið seld sér*



**DÅTID** blástursofn B60×D56,
H60cm. Ryðfrítt stál
**69.900,-**




**LAGAN** keramikhelluborð
m/3 hellum B59×D52cm
Svart **34.900,-**



**FRAMTID** blástursofn
B60×D56, H60cm
Ryðfrítt stál **79.900,-**



**89.900,-**

**DÅTID** háfur m/kryddhillu B80×D48, H99-154cm. Ryðfrítt stál



**FROSTIG** innbyggður
kæliskápur B60×D55,
H82cm. Hvítt **84.900,-**
*Framhlið seld sér*



**39.900,-**

**LAGAN** ofn B60×D56,
H59cm. Hvítt



**FRAMTID** örbylgjuofn
B60×D31, H35cm
Ryðfrítt stál **59.900,-**



**RENLIG** innbyggð
uppþvottavél B60×D56,
H82cm. Hvítt **109.900,-**
*Framhlið seld sér*



**FROSTIG** innbyggður
kæliskápur m/frysti
B54×D55, H177cm
Hvítt **119.900,-**
*Framhlið seld sér*

**Möndluterta og kaffi**



**135,-**

ÁBYRGÐ Á DAGLEGRI NOTKUN 5 ÁR IKEA

## Ábyrgð á daglegri notkun

Öll IKEA heimilistæki eru með fimm ára ábyrgð nema LAGAN tækin, sem eru með tveggja ára ábyrgð. Þessi ábyrgð nær til framleiðslugalla á heimilis-tækjum eða galla í efni sem koma í ljós eftir kaup í IKEA.
Ábyrgðin nær aðeins til heimilisafnota. Nánari upplýsingar um ábyrgðarskilmála er að finna í IKEA vörulistanum og á www.IKEA.is

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2010






Gott úrval heimilistækja og fallegra innréttinga er að finna í versluninni Eirvík.

# Bjóða innréttingar og eldhústæki í sérflokki

**Í versluninni Eirvík er að finna fjölda vandaðra heimilistækja og fallegra innréttinga.**

Verslunin Eirvík er sérverslun með heimilistæki og innréttingar. „Við erum aðallega með þýska samstarfsaðila og bjóðum upp á merki í heimilistækjum eins og til dæmis Miele sem eru þýsk tæki í háum gæðaflokki og Libherr sem framleiðir ísskápa og frystiskápa og önnur kælitæki,“ segir Eyjólfur Baldursson, framkvæmdastjóri Eirvíkur, og bætir við: „Síðan erum við í samstarfi við mjög spennandi fyrirtæki sem við vorum að byrja að vinna með sem heitir Jura og er kaffivélaframleiðandi frá Sviss. Jura hefur verið að skora hátt í neytendaprófum og er með alveg glimrandi flottar vélar. Svo höfum við líka verið þekktir fyrir athyglisverða háfa frá ítölskum aðila sem heitir Elica. Þar er svolítið öðruvísi nálgun því ekki er farin hefðbundin leið við að búa til stóra og mikla gufugleypa heldur er farið í þetta út frá hönnun og útliti. Sumir háfarnir eru bara eins og falleg loftljós.“

Innréttingarnar hjá Eirvík koma líka frá Þýskalandi. „Annar framleiðandinn okkar heitir Häcker og er einn af þremur stærstu innréttingaframleiðendum í Þýskalandi í dag. Svo erum við með rosalega flott fyrirtæki sem heitir Bulthaup sem er þýskt líka. Þeir eru leiðandi aðilar í hönnun og eru með mikil gæði og öðruvísi útlit en gengur og gerist.“



Eirvík er í samstarfi við mörg spennandi fyrirtæki, meðal annars Jura frá Sviss, Elica frá Ítalíu og Häcker frá Þýskalandi að sögn Eyjólfs Baldurssonar, framkvæmdastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrirtækið Eirvík var stofnað árið 1994. „Þannig að við erum svona að sigla inn í átjánda árið okkar. Við byrjuðum í heimilistækjunum en höfum svo verið að þróast yfir í heildarlausnir og verið að taka inn innréttingar og fleira. Núna höfum við verið að taka að okkur alveg heilu eldhúsin með uppsetningu og öllu saman. Við erum með mann hérna í vinnu sem sér um að samhæfa þetta en það er líka mikið gert í samvinnu við bæði eigendur og arkitekta. Við gefum okkur ekki út fyrir að vera með lægsta verðið, en leitum frekar að innréttingum og tækjum sem fólk hreinlega langar í og erum meira í hönnun og gæðum,“ segir Eyjólfur.

# Ofninn sem eldar sjálfur

Meðal þess sem Eirvík býður upp á eru ofnar frá Miele sem eru vægast sagt orðnar mjög þróaðar. „Nýjasta viðbótin hjá Miele er að það er komið gufukerfi inn í bakarofnana. Þá er sett vatn inn í ákveðið kerfi í ofninum sem gefur gufuinnspýtingu á réttum tíma þegar verið er að elda mismunandi máltíðir. Ofnarnir eru líka með sjálfvirkum búnaði þannig að þeir elda í rauninni alveg fyrir þig sjálfir, þú stillir bara inn hvað þú ert að gera og þá meta þeir ástandið og elda algjörlega án þess að þú þurfir að hugsa um það, hringja svo bara á þig þegar maturinn er tilbúinn,“ segir Eyjólfur Baldursson framkvæmdastjóri.

Sjálfvirki búnaðurinn er með skynjurum sem skynja súrefnið sem maturinn gefur frá sér. „Þannig að þegar þú ert búinn að setja inn í kerfið hvað þú ert að elda og ert með þessa súrefnismælingu og færð svo inn gufuinnspýtingu á réttum stöðum þá ertu kominn með eitthvað sem er alveg fullkomið. Sumir hafa þetta reyndar á tilfinningunni en fyrir þá sem hafa það ekki er þetta náttúrlega frábært,“ segir Eyjólfur. - eö



Eldavélarnar frá Miele eru háþróaðar.



Hvítt eldhús opnar óteljandi möguleika til skreytinga. Með litríkum aukahlutum má lífga upp á rýmið en einnig er auðvelt að breyta algerlega um stíl bara með því að skipta um gólfmottur og gardínur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ríkjandi tískustefnur

**Eldhúsið er hjarta heimilisins og því skiptir miklu að huga vel að hönnun þess. Hér á eftir eru nokkrar tískustefnur sem eru ráðandi í eldhúsum nútímans.**

### ELDHÚSIÐ SEM ÍVERUSTAÐUR

Í æ meiri mæli hefur fólk sameinað eldhús, borðstofu og setustofu í einu rými. Þar af leiðandi eyðir fjölskyldan mun meiri tíma í herberginu. Þessi sameining á mörgum herbergjum hefur einnig þau áhrif að eldhússkápar fá oft á tíðum fínna útlit í anda stofuskápa, og há vinnuborð og eyjur hafa þróast í borðstofuborð með barstólum.

### HVÍTAR INNRÉTTINGAR

Hvítar eldhúsinnréttingar eru óháðar tískusveiflum og gefa fólki meiri möguleika. Til dæmis passa hvítar innréttingar með ólíkum stílum arkítektúrs, allt frá sveitatil nútímastíls. Hvítir skápar gefa líka fólki möguleika á að velja aðra liti með, til dæmis á veggjum eða í skreytingum.

### RYÐFRÍTT STÁL Á ELDHÚSTÆKI

Eldhústæki úr ryðfríu stáli veita eldhúsinu fágað yfirbragð auk þess sem þau virka með mismunandi stílum. Hið stílhreina útlit hentar bæði á ísskápa, ofna og jafnvel ruslafötur. Margir hafa áhyggjur af fingraförum á hinu glansandi yfirborði en í dag er framleitt ryðfrítt stál sem ekki kámast auðveldlega.



Fólk sameinar í meiri mæli eldhús, borðstofu og setustofu. Þannig verður vinnuborðið oft að borðstofuborði.

### BÚRSKÁPAR

Búrskápar eru frábær lausn. Þar má geyma allt frá kryddi og niðursuðudósum upp í bökunarvörur og eldhúsrúllur. Annað skápapláss og skúffur er þá hægt að nota fyrir eldhúsáhöld af ýmsu tagi.

### TÆKNIN Í ELDHÚSINU

Eftir því sem tækniöldin hefur dunið yfir hefur fólk í meiri mæli kosið að útbúa eldhús sín og baðherbergi rafmagnstækjum fremur en hefðbundnu skrauti. Vinsæl rafmagnstæki eru flatskjáir sem festir eru á vegg, hljóðkerfi og tölvur. Önnur vinsæl stefna á heimilum er að gera allt þráðlaust.

### INNFELLD ELDHÚSTÆKI

Ísskápar verða sífellt stærri en ný tækni gerir þá hins vegar nánast ósýnilega. Með því að fella ísskápa og uppþvottavélar inn í innréttingar verður heildarútlit eldhússins mun sléttara og felldara. Auk þess draga eldhústækin ekki athyglina frá innréttingunni.

### INNFELLD LÝSING

Ljós sem felld eru inn í loft eru vinsæl. Þau eru látlaus og lýsa vel. Fallegar ljósakrónur og áberandi eru hins vegar fremur hafðar yfir eyjum eða eldhúsborði.



Búrskápar nýtast sérstaklega vel undir flest allt matarkyns.



Eldhústæki úr ryðfríu stáli veitir eldhúsinu fágað yfirbragð.


# Algjörar samlokur



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Fyrstu ryðfríu pottarnir frá Rösle gjörbyltu öllu fyrir 70 árum. Í dag eru pottarnir með Multiply „samloku"-kerfi þannig að þeir eru fljótir að hitna og kólna og dreifa hitanum einnig jafnt um pottinn, alveg upp í topp. Rösle pottarnir henta á allar gerðir eldavéla, rafmagns-, gas- og spansuðuhellur.

kokka laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is



Thomas Bernstrand hefur vakið mikla athygli fyrir frumleg verk allra síðustu ár. Loftljósið Velvet, með hvítum háglansandi skermi, væri ljómandi viðbót í eldhúsið.



Orð felliborðsins sem er ein af helstu nýjungum Magis á þessu ári vísar í gamla tíma; Déjà-vu Consolle. Hönnuðurinn er Naoto Fukasawa.



Stólarnir Trattoria sem Japser Morrisson hannaði fyrir Magis hafa farið sigurför um heiminn frá því þeir voru kynntir í Mílanó á síðasta ári. Stólarnir fást nú í björtum sólskinslitum.



Tímaritið Bolig hefur nýlega valið bestu hönnuði og hönnun ársins 2010. Meðal þeirra sem Bolig heiðraði var hin danska Cecilie Manz sem hlaut viðurkenninguna „Besti danski hönnuðurinn“. Manz hefur meðal annars hannað karöflur og glös í línu sem kallast Blossom.



Margir kannast við hraðsuðuketil Ettore Sottsas sem var vinsæll fyrir meira en tuttugu árum. Bodum hefur nú hafið framleiðslu á kötlunum á ný, sem kallast eftir hönnuðinum, Ettore.



Auk þess að velja bestu danska hönnuðinn valdi Bolig björtustu vonina og Julian Kyhl varð þar fyrir valinu. Var það einkum borðið „Timber“ sem Kyhl hannaði, en í umsögn dómnefndar stóð meðal annars að borðið væri „fallegt, spennandi og flott uppfinning“.

# Eldhúsgóss að handan

**Handan við hafið gefur margt fallegt að líta, náttúruundur, byggingar og ekki síst nýjasta nýtt af fallegum munum, stólum og borðum fyrir eldhúsið sem enn hefur ekki skolað á land hérlendis.**

*- jma*


PIZZAOFN

PIZZUR
BÖKUR
BAGUETTE
SAMLOKUR
LASAGNE ofl.





Ariete

„Pizzan verður eins og eldbökuð!“

**Ariete 903**
Da Gennaro Pizzaofn úr málmi. Bakar frosnar eða heimatilbúnar pizzur á steinplatta sem snýst og endurkastar hita (svipað og í viðarbrennsluofnum). Fljótur að hitna og bakar pizzu á 5-10 mínútum. Frábær fyrir pizzur, bökur, baguette, samlokur, lasagne og fleira. Tímastillir og stillingar fyrir ýmsar matartegundir.

VERÐ
17.995
FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




**● ELDHÚS NORNARINNAR**

Hollenski hönnuðurinn Tord Boontje hannaði fyrir nokkru eldhúslínu fyrir nornir. Munirnir eru handgerðir en þar er að finna potta, áhöld og jafnvel fatnað. Til að mynda nornalega svarta svuntu.

Handverksmenn frá Brasilíu, Gvatemala og Kólumbíu koma að framleiðslunni. Pottarnir eru handgerðir af kólumbískum handverksmönnum sem nota ævagamlar aðferðir og skreyta með útskurði.

Handverksmenn frá Gvatemala skera út falleg áhöld úr viði. Meðal annars má finna nauðsynlega nornahluti eins og rýting og salatskeiðar að lögun eins og nornahendur.

# Fimm góðir og beittir hnífar á hvern kokk

Góður kokkur þarf helst að eiga fimm hnífa. Einn alhliða kokkahníf, sveigjanlegan úrbeiningar- eða flökunarhníf, kjöthníf, grænmetishníf og brauðhníf.

Til eru fjölmargar gerðir af fyrrnefndum hnífum en þegar staðið er frammi fyrir erfiðu vali er best að taka hnífinn í hönd og vagga honum yfir trébretti eins og verið sé að skera lauk. Þannig er hægt að fá tilfinningu fyrir því hvernig hann liggur í hendi. Þá er gott að hafa það í huga að stórir hnífar hafa þann kost að gott er að stýra þeim en litlir og léttir hnífar geta verið þægilegri í meðförum.

*- ve*





**Hér eru dæmi um hefðbundna kokkahnífa sem erfitt er að vera án í eldhúsinu.**




**Ólafur Már Sigurðsson, deildarstjóri Ormsson, segir áherslu lagða á að bjóða upp á gott úrval heimilistækja sem henta ólíkum þörfum viðskiptavinanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sparneytin og þægileg

**Bræðurnir Ormsson leggja áherslu á sparneytin og notendavæn eldhústæki frá AEG í verslun sinni í Lágmúla 8.**

Bræðurnir Ormsson þekkja flestir þar sem fyrirtækið hefur þjónustað landsmenn í tæplega 90 ár, meðal annars með sölu á vönduðum rafmangs- og heimlistækjum. Að sögn Ólafs Márs Sigurðssonar, deildarstjóra heimilistækjadeildar Ormsson, leggur fyrirtækið áherslu á að vera í fararbroddi á sínu sviði og fylgist vel með nýjungum á markaði, en um þessar mundir eru fjölvirkir, tölvustýrðir bökunarofnar frá AEG að slá í gegn.

„Þetta eru fullkomnir bökunarofnar sem fást í ýmsum gerðum eftir erfiðileikastigi, allt frá tiltölulegu einföldum og handappastýrðum ofnum og upp í aðeins flóknari, tölvustýrða ofna, sem áætla steikingu út frá til dæmis tegund og þyngd matvæla,“ segir Ólafur og getur þess að handhægar og ítarlega leiðbeiningar á íslensku fylgi öllum ofnum frá Ormsson, sem geri notendum hægara um vik með að ná fram hámarksnýtingu á tækjunum.

Í Ormsson fæst líka gott úrval helluborða og segir Ólafur svokölluð spansuðuborð nú njóta mikilla vinsælda. „Þróunin hefur verið sú að keramikhelluborð með hraðhitahellum hafa verið að leysa af hólmi gömlu steyptu helluborðin sem eru nánast að hverfa. Í beinu framhaldi af þeim hafa komið fram stílhrein spansuðuborð, kölluð induction á



**Í búðinni er meðal annars boðið upp á fjölbreytt úrval bökunarofna, allt frá handvirkum og upp í nánast alsjálfvirka ofna.**

alþjóðavísu. Með notkun spansuðu fæst allt að 50 prósent tímasparnaður. Nauðsynlegt er að pottar og pönnur séu með segulleiðandi botni (stál). Spansuða byggir á einfaldri eðlisfræði þar sem hitun á sér stað með segultækninni. Ávinningurinn við not á spansuðu er umtalsverður, bæði rafmagns- og tímasparnaður ásamt auknum þægindum við þrif þar sem matur festist ekki svo auðveldlega við yfirborðið. Að auki kólna spansuðuhellurnar mun fyrr niður að notkun lokinni miðað við venjulegar hellur,“ segir hann.

„Framleiðendur leggja sífellt meira kapp á að gera heimilistækin sparneytnari á orku, þar sem orkuverð hefur hingað til verið víða dýrara en á Íslandi. Á síðustu árum hefur þróunin verið mjög ör í þessum efnum og sem dæmi þá eru kæli- og frystiskápar, þvotta- og uppþvottavélar allt að 50 til 75 prósent sparneytnari en þau voru fyrir 10 til 15 árum. Stundum hafa þessar betrumbætur ekki komið okkur hér á landi eins vel og notendum slíkra tækja víða erlendis. Eins og þvotta- og uppþvottavélar sem nota minna vatn en þvo á móti lengur, sem gagnast okkur kanski ekki sem skildi þar sem vatnið er tiltölulega ódýrt hérlendis miðað við víða annars staðar. Sem betur fer eru flestar vélarnar búnar flýtikerfum sem má nota til að stytta þvottatímann. Á heildina litið er ávinningurinn þó mikill og við erum ávallt reiðubúin að leiðbeina viðskiptavinum við val á tækjum sem henta þörfum hvers og eins,“ segir Ólafur.

# Gæði og góð ending

Verslun Bræðranna Ormsson er í Lágmúla 8. Þar eru til sölu mörg af þekktustu vörumerkjunum á markaðinum í heimilistækjum, hljómtækjum og innréttingum.

AEG er það merki sem hvað lengst hefur átt samleið með þjóðinni og flestir Íslendingar þekkja fyrir gæði og góða endingu. HTH innréttingar hafa verið fáanlegar hjá Ormsson síðastliðin 10 ár og er því tilvalið að sameina kaup þegar endurnýja á eldhúsið með því að kaupa bæði innréttinguna og raftækin á einum og sama staðnum og njóta sérstakra vildarkjarja í ljósi magnviðskipta og þjónustu reyndra söluráðgjafa. Nýtt eldhús frá HTH með AEG heimilistækjum er prýði hvers heimilis.

Nú hefur hljómflutningsdeild Ormsson flutt úr Síðumúla heim í Lágmúlann þar sem gæðamerki eins og Pioneer, Sharp, Samsung, Nintendo auk fleiri þekktra vörumerkja er að finna.



**Mörg af þekktustu vörumerkjum í heimilistækjum er að finna í verslun Bræðranna Ormsson í Lágmúla.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



AEG
**AEG COMPETENCE B 4101-5-M**
Stál veggofn
Fjölvirkur ofn með 8 aðgerðum: Blástur m/elementi, blástur með undirhita (pizza stilling), undir og yfirhiti, undirhiti, afþíðing, grill einfalt, grill tvöfalt, grill og blástur.
Innanmál ofns: 51 lítrar
Stórt ofngler
Þrefalt gler í ofnhurð, auðveldar þrif - kaldari framhlið
Sökkhnappar
Kælivifta
Ljós í ofni 25 w
3500 w / Orkuflokkur A
**Verð: 157.900 kr.**



AEG
**AEG COMPETENCE B 9879-5-M**
Veggofn með sjálfhreinsibúnaði
Kjöthitamælir
Fáanlegur í stáli
Fjölkerfa blástursofn með 11 eldunaraðgerðum
Innanmál ofns: 51 lítrar
Hraðhitun
Rafeindaklukka og stýring (snertirofar)
Sjálfvirk eldunarkerfi t.d. eldun eftir vigt, eldun eftir kjöthita, pizza stilling, uppskriftir o.fl.
Barnaöryggi
Sjálfvirk slökkvun
Fjórfalt gler í ofnhurð, kaldari framhlið
Snertihnappar
Kælivifta
2 ljós í ofni 40w glóðapera og 20w halogenpera
Orkunotkun, mest 3000 w
Orkuflokkur A
**Verð: 287.900 kr.**



AEG
**AEG HK764400FB**
Spanhellur (Induction)
Sniðbrún
Fjórar hraðhitahellur
Snertirofar
Hægt að læsa helluborðinu / barnalæsing
Sjálfvirk öryggisslökkvun
Tímastillir á öllum hellum:
Hellan slekkur á sér þegar völdum tíma er náð
“Automatic”stilling: Hellan fer á hæðsta styrk í ákveðin tíma lækkar síðan á valda stillingu
“Stop and Go” stilling: Lækkar og heldur heitu
Eftirhitagaumljós
Fjórar hellur “Zone free” 12,5x21 cm 2300/3200w
Afl 7400w
**Verð: 229.900 kr.**



AEG
**AEG HK634000XB**
Keramikhellur
Með stál ramma
Snertirofar
Hægt að læsa helluborðinu / Barnalæsing
Tímastillir á öllum hellum:
Hellan slekkur á sér þegar völdum tíma er náð
,,Automatic” stilling: Fer á mesta hita, lækkar síðan niður á valdan hita
“Stop and Go” stilling: Lækkar og heldur heitu
Sjálfvirk öryggislökkvun
Eftirhitagaumljós
Ein hella 21 cm. 2,3 kW
Ein hella 18 cm. 1,8 kW
Tvær 14,5 cm. hellur 1,2 kW
6500 w
**Verð: 115.900 kr.**

ORMSSON

# RÝMINGARSALA

## Á ELDHÚSTÆKJUM

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



# 70%

**Rýmum fyrir nýjum vörum og bjóðum því eldhústæki með allt að 70% afslætti. Ofnar, viftur, háfar og helluborð í hæsta gæðaflokki frá merkjum á borð við DeDietrich, Brandt, Blomberg og KitchenAid®**

OFNAR • ELDAVÉLAR • HELLUBORÐ • HÁFAR • KAFFIVÉLAR • ÖRBYLGJUOFNAR • KÆLISKÁPAR • UPPÞVOTTAVÉLAR • ÞURRKARAR ofl.

*Nokkur verðdæmi:*



***Brandt spansuðuhelluborð***
*Verð áður 329.900, nú 99.990*
*– Afsláttur 70%*

***DeDietrich espressókaffivél***
*Verð áður 399.900, nú 179.990*
*– Afsláttur 56%*

***DeDietrich uppþvottavél***
*Verð áður 269.900, nú 119.990*
*– Afsláttur 56%*

***DeDietrich eyjuháfur***
*Verð áður 315.900, nú 149.990*
*– Afsláttur 53%*

***Brandt háfur***
*Verð áður 141.900, nú 79.990*
*– Afsláttur 44%*

***KitchenAid® ofn***
*Verð áður 243.000, nú 149.990*
*– Afsláttur 38%*

***KitchenAid® háfur***
*Verð áður 359.000, nú 149.990*
*– Afsláttur 58%*

***Blomberg uppþvottavél***
*Verð áður 149.900, nú 109.990*
*– Afsláttur 27%*

***Blomberg kæliskápur stál***
*Verð áður 169.990, nú 119.990*
*– Afsláttur 29%*

*Mjög takmarkað magn!*



*Panasonic þvottavélar: 10% kynningarafsláttur*
*Severin kæliskápar: 15% afsláttur*
*Saeco kaffivélar: 2kg af Kimbo kaffi fylgir með*
*Pottar, pönnur, búsáhöld og gjafavörur með 20-30% afslætti*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



Stöðvunarbrotagjöld fara í rekstur og uppbyggingu Bílastæðasjóðs sem felur meðal annars í sér byggingu bílastæðahúsa og rekstur og viðhald á bílastæðum borgarinnar.

# Vilja sem minnstar tekjur

**Helmingurinn af árstekjum Bílastæðasjóðs koma inn sem stöðvunarbrotagjöld. Þetta eru tekjur sem sjóðurinn vildi heldur vera án en gjöld og gjaldskylda gera þó sitt gagn í að koma böndum á umferðina.**

Tekjur Bílastæðasjóðs voru 540 milljónir króna í fyrra en þar af komu tæpar 250 milljónir inn sem stöðvunarbrotagjöld. Tekjurnar fara í uppbyggingu og rekstur Bílastæðasjóðs sem felur meðal annars í sér byggingu bílastæðahúsa og rekstur og viðhald á bílastæðum borgarinnar.

„Fólk gerir sér ekki alltaf grein fyrir því hversu mikil fjárfesting liggur að baki bílastæðum borgarinnar en þau eru oftast á verðmætasta byggingarlandinu og eru afar dýr í rekstri," segir Bjarki Rafn Kristjánsson, rekstrarstjóri Bílastæðasjóðs.



Bjarki Rafn Kristjánsson

Bílastæðasjóður rekur sjálfstætt dótturfyrirtæki borgarinnar. „Markmiðið er í raun að hafa sem minnstar tekjur enda viljum við ekki að fólk leggi ólöglega. Staðreyndin er hins vegar önnur eins og tölurnar gefa til kynna," segir Bjarki Rafn. Hann segir gjaldskyldu og gjöld ekkert annað en tæki til að stýra umferð um fjölfarin svæði. „Það er sama vandamál hér eins og í öðrum borgum að við erum með fleiri bíla en stæði og verður að reyna að koma böndum á það." Borginni er skipt í fjögur gjaldsvæði og er misdýrt að leggja eftir svæðum. „Það er önnur leið til að stýra umferðinni og eru stæðin í miðbænum dýrust."

Sérstök íbúakort, fyrir íbúa í miðborg Reykjavíkur sem búa við gjaldskyld svæði, voru tekin upp á tíunda áratug síðustu aldar en þau gera íbúum kleift að leggja í gjaldskyld stæði gegn sérstöku árgjaldi. Gildissvæði íbúakorta eru níu og fer það eftir heimilisfangi viðkomandi hverju hann tilheyrir. Um tíma kostuðu íbúakortin fimm þúsund krónur. Upphæðin lækkaði í þrjú þúsund árið 2002 en var hækkuð í sex þúsund í september 2008. Bjarki Rafn segir hækkunina sambærilega við hækkun vísitölu á sama tímabili og að í raun sé verðið ekki hátt ef miðað er við hvað það myndi kosta að borga í stöðumæla árið um kring. „Eins má benda á það að fólk sem býr í miðbænum er ekki það eina sem borgar fyrir að leggja í stæði því margir sem búa í úthverfum þurfa að greiða miklu meira fyrir að útbúa og halda við eigin stæðum."

*vera@frettabladid.is*



Útivistarfélagar og samferðamenn munu gera sér glaðan dag í Básum á laugardaginn. MYND/ÚTIVIST

# Afmæli Útivistar

**Útivist heldur upp á 35 ára afmæli sitt með ýmsum hætti í Básum á Goðalandi laugardaginn, 18. september.**

Þrjár ferðir eru um helgina í tilefni afmælis Útivistar, Laugavegur hraðferð, Grill og gaman og Dagsferð á Goðaland. Auk þeirra verður boðið upp á kaffi, grill og skemmtilegheit. Skúli H. Skúlason, formaður félagsins, var spurður nánar um tilhögunina.

„Laugavegurinn verður genginn á tveimur dögum," byrjar Skúli. „Farið inn í Landmannalaugar á fimmtudagskvöld, gengið í Hvanngil á föstudeginum og í Bása á laugardag. Hópurinn kemur beint í grillveislu og tekur vonandi vel til matar síns. Við finnum að þegar fólk kemur úr svona langri göngu dugar enginn skrifstofumannaskammtur!"

Skúli segir lagt af stað í helgarferðina Grill og gaman klukkan 19 á föstudagskvöld frá BSÍ. „Snemma dags á laugardag verður farið í göngu á Rjúpnafell. Það er hinum megin Krossár og nú koma nýju göngubrýrnar yfir hana í góðar þarfir. Til baka er komið í tæka tíð í kaffið og afmæliskökuna." Þeir sem verða í dagsferðinni leggja af stað heim síðdegis að sögn Skúla en hinir gista og um kvöldið verður grillveisla, kvöldvaka og varðeldur. „Gítarleikarar verða á staðnum sem eru búnir að festa sig í sessi," segir Skúli. „Hálfgert Básaband." *- gun*

# Haustlitir í Svartaskógi

**Bændaferðir efna til Þýskalandsferðar dagana 13. til 20. október.**

Þátttakendur í ferðinni „Haustlitir í Svartaskógi" munu kynnast vínökrum, köstulum og skógum í Þýskalandi. Farið verður til Freiburg þar sem hægt er að fara í siglingu á ánni Ill eða ganga um Litla Frakkland, eitt elsta hverfi borgarinnar. Ekin verður Vínslóðin í Alsace þar sem ótal falleg smáþorp eru þrædd. Stoppað verður á blómaeyjunni Mainau sem var í eigu sænska greifans Lennart Bernadotte. Komið verður við á verkstæði sem gauksklukkur eru búnar til á. Einnig er ekið að stöðuvatninu Bodensee, sem tilheyrir Þýskalandi, Austurríki og Sviss og endað á að heimsækja heilsubæinn Baden-Baden.

Fararstjóri er Pavel Manásek. Nánar á www.baendaferdir.is

*- gun*



Freiburg verður heimsótt.













# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

BÍLAHÖLLIN H/F BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5 www.bilaholin.is



M.Benz GL 320 CDI Diesel, 05/2008 Ekinn 34þús. Ssk, Loftpúðafjöðrun, leður, DVD, Dráttarkrókur ofl. Ásett Verð 11.900.000.-



Toyota Land Cruiser 120 GX Diesel Turbo, 08/2005 Ekinn 130þús. Ssk, 8manna. Ásett Verð 4.790.000.- TILBOÐ 4.190.000.-



Toyota RAV4 2wd VVTi, 07/2003 Ekinn 85þús. Bsk 5gíra, Dráttarkrókur, Ásett Verð 1.450.000.-




VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.



Citroën C4 SX 1.6 Comfort, 06/2007 Ekinn 13þús. Ssk, Fallegur bíll. Ásett Verð 2.150.000.-

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Motor sport



Bakkmyndavél með aukabúnaði, (bluetooth, radarvari, gps, útvarp, tónlistar og DVD spilari, og tenging fyrir usp.) Þú smellir bara speglinum yfir spegilinn hjá þér. Auðvelt í uppsetningu á góðu tilboðsverði aðeins 49.000. Verð áður 65.000kr

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**

Bílamarkaðurinn



VW GOLF TRENDLINE. Árgerð 2006, ekinn 29 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Verð 1.990.000. Rnr.220243



SUBARU FORESTER CS . Árgerð 2000, ekinn 135 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Verð 850.000. Rnr.101553

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

HÖFÐAHÖLLIN
Allt að 50% afsláttur af sölulaunum
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



FORD ESCAPE LIMITED 4X4 Árgerð 2008. Ekinn 115 þ.km Verð kr. 2.990.000.

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**




**Viltu selja fljótt og vel.....**
Er bíllinn þinn sýnilegur á Netinu ... Netbilar.is bjóða þér uppá einn öflugasta bílasölumiðill landsins þar sem tug þúsundir kaupanda leita í hverjum mánuði. Skráðu bílinn þinn á Netbilar.is sem skilar oft sölu samdægurs. Lægsta þóknunina eða frá 1,25% til 2,5% Netbílar.is bjóða betur Hlíðasmára 2 - 201 Kópavogur - Sími 588-5300 - netbilar@netbilar.is

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

TOYOTA SELFOSSI



POLARIS SPORTSMAN X2500HO TOURING, raðnr 272474, nýskr 6/2006, ek 6.000, 500cc, sjálfsk, 4x4, tveggja manna, ásett verð 1.090.000. TILBOÐ 950.000 stg, A.T.H er á staðnum.



TOYOTA TUNDRA CREWMAX LIMITED, raðnr 138037, nýskr 10/2007, ek 45.000 mílur, 5700cc, sjálfsk, ljóst leður, palllok, krómað grill - beisli- o.fl. Glæsilegt eintak. Ásett verð 5.390.000. áhvílandi 5.130.000 A.T.H er á staðnum.



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4, raðnr 230833, nýskr 5/2007, ek 73.000km, disel, 4x4, beinsk, ásett verð 2.790.000. A.T.H er á staðnum.



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX, raðnr 138660, nýskr 6/2008, disel, sjálfs, ek 49.000, ásett verð 6.890.000. möguleiki á góðri fjármögnun. A.T.H er á staðnum



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX 35", raðnr 114469, nýskr 3/2005,sjálf, ek 119.000, disel, Bílnum var breytt 10.2009 - ljóst leður - lúga - kastaragrind - spoiler - filmur - samlitaður - o.f.l. Ásett verð 7.990.000. A.T.H er á staðnum



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX, raðnr 137866, nýrskr 2/2005, ek 110.000, disel, sjálfsk, Grátt leður - einn eigandi - mjög vel þjónustaður. Ásett verð 6.490.000. A.T.H er á staðnum.



TOYOTA HILUX DOUBLE CAB D/C, SR 33", raðnr 273013, nýskr 8/2008, sjálfsk, ek 78.000,33" breyttur, filmur, krókur, klæddur pallur. Ásett verð 4.490.000. áhvílandi 4.000.000. A.T.H er á staðnum.

TOYOTA SELFOSSI



VW GOLF GTI, raðnr 114451,nýskr 6/2006, sjálfsk, ek 76.000, 18" GTI felgur og- 17" álfelgur. Tveir eigandur, toppeintak. ásett verð 2.690.000. A.T.H er á staðnum, Gott eintak og vel með farið



M.BENZ E 200 KOMPRESSOR ELEGANCE, raðnr 114402, nýskr 3/2007, sjálfs, ek aðeins 15.000 km, Loftpúðafjöðrun, fjölstillanlegt sæti o.fl. ásett verð 5.490.000. A.T.H er á staðnum.



TOYOTA LAND CRUISER 200 VX NAVI & LÚGA 35", raðnr 138669, disel, sjálfsk, 35" breyttur - kubbur - beisli - grátt leður - húddhlíf o.f.l. Flottur bíll. Ásett verð 13.890.000. A.T.H bíllinn er á staðnum.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



MMC LANCER EVOLUTION IX. Árgerð 2007, ekinn 71 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 4.790.000. Rnr.152079 Mikið breyttur bíll, er á staðnum.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

100 bílar.is bílasala



Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á planið hjá okkur, Skráið bílinn frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

HÖFÐAHÖLLIN
Allt að 50% afsláttur af sölulaunum
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



FORD ESCAPE XLT CHOICE 4WD Árgerð 2006. Ekinn 57 þ.km Verð kr. 1.780.000.

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

## Bílar til sölu




Haustútsölur bílaframleiðenda. Keyptu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Einnig HYBRID sem eyða 40% minna eldsneyti. Eigum sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá Toyota, Ford, Dodge, Chrysler, Audi, Benz, BMW og öðrum helstu framleiðendum. Meira en milljón bílar á söluskrá. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com Sími 5522000



Suzuki Sidekick árg. ,97 sk. ,11. V. 350 þús. S. 772 0600.



Ford Thunderburd árg. ,97 V8. V. 700 þús. S. 772 0600.

Chervolet Silverado árg.'03 til sölu. Yfirtaka á ísl.láni möguleiki (90%). Ek. 125þús. Uppl. 896-0277

Case 695 Traktorsgrafa árg. ,06 til sölu. Uppl. 896-0277

## 0-250 þús.



**Tilboð 175þús**
VW Golf station árg.'98, ek.108þús. 5g, sk.'11. V. 175þús. Uppl. í s. 891 9847.

**TILBOÐ 150 ÞÚS!!!**
SUBARU LEGACY árg. ,99 ek.3xx þús, keyrir fínt en kominn tími á skoðun,verð aðeins 150 þús! s. 841 8955.

## 250-499 þús.



VW Golf árg. „96 ek. 176þús nýk. 2011 Verð 280þús. Uppl. S. 659 3459.

## 1-2 milljónir



Subaru Leg. 2005 ek 81000 ssk. sk. 2011 ásett 2.000.000,- skoðar sk. á dýrari og ódýrari. uppl. 894-2816

## Bílar óskast

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**
Árg. 1998-2002 fyrir 150-400 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

**!!! 0-200þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar



DAF - VH 431 ET 320 húsbíll til sölu, 1991. Ekinn 180 þús. Nýr ísskápur og startgeymir. Sjónvarp og ferðasalerni. Ný upptekin túrbína og gott kram. Nýskoðaður. Verð 790 þús. Skoða skipti á dýrari eða ódýrari. Upplýsingar í síma 445-3367 - ferdavagnamarkadur.is - Höfðabakka 9

## Hjólhýsi




Hymer Eriba 525A hjólhýsi til sölu, 2007. Svefnpláss fyrir 6. Sólarsella, gólfhiti og grjótagrind. Kojur, fast hjónarúm og borðkrókur fyrir miðju. Verð 3.690 þús. Skoða skipti á ódýrari hjólhýsi eða fellihýsi. Upplýsingar í síma 445-3367 - ferdavagnamarkadur.is - Höfðabakka 9

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
**S.892 7260 & 567 0530**

## Tölvur

**tölvuhjálp!**
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

**Eðalnudd**
Unaður, slökun og vellíðan. Veldu það besta. S. 659 6019

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Whole body massage. S. 849 5247

## Spádómar

Hanna s. 555 2927 & 908 2927
Spá Draumar Fyrirbænir
Opið frá kl. 12-24, tek einnig í einkatíma

**Spásími 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður.**
**Er byrjuð á fullu aftur.**
**Opið frá 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

**908 1888**
**Spásími Daddýar alla daga næstu viku.**

**250 kr. mínótan.**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**Raflagnir og dyrasímaþjónusta**
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAF NEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
rafneisti@rafneisti.is www.rafneisti.is

## Önnur þjónusta



**Skemmtisiglingar í ANDREUNNI**
Uppákomur, árshátíðir, sjóstöng, fundaaðstaða o.fl. Uppl. hvalalif@hvalalif.is / 897-8433.

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.


FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:
Stöð 2 Skemmtilegri



EINN BARNAÍS

EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


# KEYPT & SELT

## Til sölu



KÆLI OG FRYSTIKLEFAR TIL SÖLU. STÆRÐIR: 4,6,8,10 og 12m2 SENSON EHF. Sími 511-1616.

Til sölu örbylgjuofn 700w, 17.lítra. Tilboð óskast. Uppl í s. 554 1105 eða 897 2111

**Heimabíókerfi!!!**
Bose lifstyle 48 heimabíókerfi Keypt í feb 2008 - hvítt bassabox og 5 hvítir hátalarar. Tilboð óskast. Uppl. Sími - 8982060

**Eldhúsinnrétting**
Gömul innrétting + helluborð, ofn og vaskur á 35 þús. Topp tjald óskast (Sveinstindur) S. 893 4246.

Ísskápur á 15þ. Video á 10þ. Þvottavélar á 20-30þ. Stór amerískur þurrkari á 30þ. Barkalaus þurrkari á 30þ. Veitingahúsauppþvottavél á 50 þ. Brauðrist á 2þ. Teppi á 5þ. Stál bakaraofn á 25þ. Glerborð á 5þ. Uppþvottavél á 20þ. Helluborð á 10þ. Reikningarprentari á 5þ. 14" tv á 5þ. Ryksuga á 5þ.Eldavél á 10þ. Ýmsar gerðir af borðum á 5þ. 28" tv á 10 þús. Borðtalva á 30þ. Bílageislaspilari 15þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is**
**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

Ryksuga óskast keypt,ódýrt. sími 891 8727.

**ÓSKUM EFTIR ÞVOTTAVÉLUM**
Fjarlægjum gömlu þvottavélina ókeypis. Borgum allt að 2.000 Kr. fyrir góðar vélar. Vistvæn endurnýting. Óskum sérstaklega eftir STÓRUM (Amerískum) þvottavélum og þurrkurum. 690-2409

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð: 48.350 án VSK Sími: 5520110 www.pon.is

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

bathmate.is
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
TUNGUHJÓLIÐ
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!
Skoðaðu úrvalið á FLESHLIGHT.IS
og allar pantanir afgreiddar samdægurs!

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567 6666 og 862 0941. http://dreamoasis.magix.net

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

ANVAYA Nú er ekki lengur nóg að stunda eingöngu hreyfingu og hollt mataræði til þess að ná andlegu jafnvægi.Nú er í boði byrjendanámskeið í Anvaya 2-3okt. Anvaya er lífstefna sem stuðlar að jafnvægi hugans og rökhugsun.Á námskeiðinu er kennd hugleiðsla ásamt fræðslu. Skráning í s:6621343

Smáskipanámskeið 18.10 - 27.11. fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 9. 10. - 16. 10. Staðarnám. Skráning á www.tskoli.is eða í s. 514 9000. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

**SCHOOL OF ICELANDIC**

**ICELANDIC- NORSKA I og II - ANGIELSKI dla Polaków-ENSKA f. BÖRN- Aukatímar Stærð- og eðlisfræði.**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30 or 18-19:30 start: 20/9, 18/10, 15/11. Level II: 4 w: Md to Fr; 16:15-17:45, st: 20/9, 18/10 Level III: 4w: 14-15:30 st: 20/9. NORSKA: 4 vikur, mán til fös 19:45-21:15, stig I: 16/9, stig II: 18/10. ANGIELSKI dla POLAKÓW: 5 weeks. Level I, Md to Thu: 9-10:30 or 17:30-19. st. 27/9. Level II: 11-12:30 st. 1/11. Level III: 17:30-19. st. 18/10. ENSKA f. BÖRN 5-8 ára; mán 16:30-17:30, 9-12 ára; þri 16:30-17:30 byrjar 20 og 21/9. Námsaðstoð allt árið. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice



**ÞÚ GETUR SKAPAÐ!**
Skráðu þig á námskeið í skartgripagerð, tálgun, útskurði, gleri eða hnífasmíði. www.handverkshusid.is Skráning s: 555 1212.

## Kennsla

NÁMSAÐSTOÐ fyrir samræmdu prófin í sept. Nemendaþjónustan sf. S. 557 9233.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Stofnfundur Sleðahundaklúbbs Íslands verður haldinn á Malarhöfða 10 fimmtudaginn 16. sept. kl.20:00 allir hundaeigendur og áhugafólk um sleðahunda velkomin. Nánari upplýsingar á sledahundar.is

Schafer hvolpar til sölu. Ættbókarfærðir frá HRFÍ, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Foreldrar myndaðir. Tilbúnir til afhendingar. s. 777 6969.

Tvær sheafer tíkur til sölu HRFÍ ættbækur, tilbúnar til afhendingar sími 8471057.

## Ýmislegt

20% AFSLÁTTUR
Gegn framvísun þessa miða færð þú 20% afslátt af föndur- og hannyrðavörum hjá A4 Skrifstofu og skóla
Gildir til 30. 09.2010
A4 Skrifstofa og skóli
Smáratorgi 1 • Kópavogi • a4.is

Höfuðborgarsv.: Falleg eikar eldhúsinnrétting til sölu. Átta ára gömul, spónlögð og sérsmíðuð. Sérlega hentug í sumarbústað. Sími 6614647/8956443.

Til sölu ónotuð kamína frá Normex. H. 80 b. 50x50. S. 849 8927.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Góð 4.herb íbúð til leigu í Hólahverfi, leigist með eða án bílskúrs. Gæludýr ekki leyfð. Uppl. í s. 893 8999.

Herbergi til leigu á smíðshöfða. Verð frá 25-30 þús. á mánuði. S. 857 7227.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í síma 773 3182.

Auðbrekka, Kópavogi. Tvær ósamþykktar 2ja og 3ja herbergja nýstandsettar íbúðir með sérinngangi samtals 127 fm. Íbúðirnar eru skráðar á félag sem og áhvílandi gott lán. Upplýsingar gefur Erlendur s. 897 0199.

**Við Stykkishólm!**
95 m2 nýtt heilsársh, fullbúið húsg. heitur pottur. Falleg staðsetning. S: 660-1060

## Húsnæði óskast

Reglusöm kona um sextugt óskar eftir 3ja herb. íbúð. Ca. 100 þús. á mán. 1 mán. fyrirfram. Langtímal. S. 552 4244.

## Húsnæði til sölu

Til sölu 150 fm raðhús í njarðvík. Áhv.14,5 frá íbúðalánasj.Öll skipti skoðuð.Uppl. S:893-2422/846-6678

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu gott iðnaðar/ lager- og skrifstofuhúsnæði við Tangarhöfða.**
**Iðnaðar/lagerhlutinn er 230fm. en skrifstofur á 2. hæð 250fm. Leigist saman eða sitt í hvoru lagi. Ekki vsk hús. Gott bílaplan-snyrtilegt hús.**
**Hafið samband við Ólaf hjá Atvinnueignum í síma 824-6703. Atvinnueignir-stærsta leigumiðlun landsins í atvinnuhúsnæði.**

Lítill/meðalstór skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut og Ármúla Hagstætt verð og gott útsýni. Uppl: 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564-6501.

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Uppl. í s. 865 1166. Sama verð og í fyrra.

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. o. fl. upphitað, gott verð S: 8997012 email: solbakki.311@gmail.com

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Vertargeymslur**
Geymdu gullin þín í Gónhól pöntun 771 1936 gonholl.is

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð frá 8.000 per nótt. S. 824 6692.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna**
**Óska eftir íslenskumælandi starfsfólki kvöld og helgarvinnu. Æskilegur aldur 28+ Upplýsingar í síma 894 0292.**

Markaðssamskipti óskar eftir rösku og sjálfstæðu fólki í símaver. Verktakastarf með sveigjanlegum vinnutíma og góðum greiðslum fyrir duglega einstaklinga. Upplýsingar gefur Magnús í síma 694-9614.

**Sandholt Laugavegi og Hverafold**
Vantar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. sem fyrst um helgar. Uppl. í s. 659 3439 Lísa.

Dekkjahöllin leitar að starfsmönnum á þjónustustöðvar á Akureyri, Reykjavík og Egilsstöðum. Reynsla æskileg, íslenskukunnátta nauðsynleg. Sendið umsóknir á elin@dekkjahollin.is eða komið á staðinn.

## Atvinna óskast

Smiðir geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 856 5555.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Gríma Hárstofa Álfheimum!**
Gríma er komin frá Danmörku og Bogga er komin til Grímu. Gamlir og nýjir viðskiptavinir velkomnir. S. 553 3133. Koma svo!

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

60 ára kona óskar eftir að kynnast traustum og heiðarlegum vin á aldrinum 60-65 ára. Má vera utan að landi. Svar berist til fréttablaðsins undir nafninu „100% trúnaður". Mynd mætti fylgja.

**Gefðu vatn**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Atvinna

**Leikskólakennari eða einstaklingur með aðra uppeldismenntun óskast á leikskólann Sælukot.**

Sælukot er einkarekinn leikskóli rekinn af jógahreyfingunni Ananda marga. Uppeldisstefna leikskólans kallast Neóhúmanismi sem byggist á jóga og leggur áherslu á ást og virðingu gagnvart öllu. Á leikskólanum er boðið upp á grænmetisfæði og börnunum kennd hugleiðsla og jógaæfingar.

Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum æskileg. Góð íslenskukunnátta nauðsynleg.

Nánari upplýsingar gefur Sunna Jóhannsdóttir leikskólastjóri eða Didi í síma 562 8533. Hægt er að senda umsókn í pósti eða á netfangið saelukot@gmail.com. Meðmæli óskast með umsókn.

DOMUSNOVA Fasteignasala

**Ert þú góður sölumaður eins og Benni?**

Við viljum þig í lið með okkur, sendu tölvupóst á axel@domusnova.is eða hringdu bara í hann í síma 770-6666

* það er alls ekkert heilagt fyrir okkur að þú heitir Benni! Þú mátt alveg eins heita t.d. Jón eða Gunna

domusnova.is | domusnova@domusnova.is | Turninn, Smáratorgi 3 | 201 Kópavog

SELTJARNARNES

**Félagsmálastjóri!**

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í starf félagsmálastjóra. Næsti yfirmaður félagsmálastjóra er bæjarstjóri.

**Almennt ábyrgðarsvið:**
Samræmir og hefur með höndum yfirumsjón og ábyrgð með þeirri starfsemi er undir sviðið heyrir, s.s. félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barnavernd, félagslegri heimaþjónustu, málefnum barna og ungmenna, þjónustu við aldraða og fatlaða og vörnum gegn vímuefnanotkun. Umsjón og eftirlit með gerð fjárhags- og starfsáætlana á því sviði sem heyra undir viðkomandi sem og kostnaðareftirlit. Yfirumsjón með áætlanagerð verkefna sem heyra undir félagsþjónustu. Sinna forvarnarstarfi í samvinnu við aðrar stofanir bæjarins. Yfirumsjón með og ábyrgð á vinnu fyrir nefndir er heyra undir félagsþjónustu.

**Almennt stjórnarunarsvið:**
Stjórnar og vinnur við Félagsþjónustuna í samræmi við lög og reglugerðir, markmið Félagsþjónustunnar og fjárhagsáætlun á hverjum tíma

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði félagsráðgjafar, sálfræði eða sambærilega menntun.
- Reynsla og þekking á sviði félagsþjónustu.
- Reynsa af stefnumótun og samþættingarstarfi sem og af verkefnastjórnun.
- Reynsla af gerð og framkvæmd rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Reynsla og þekking á málefnum sveitarfélaga.
- Hæfni til að miðla fólknum upplýsingum á einfaldan hátt í töluðu og rituðu máli.
- Þekking og reynsla af starfsmannastjórnun.
- Lögð er áhersla á frumkvæði, skipulagshæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Félagsmálastjóri er hluti af stjórnendateymi Seltjarnarnesbæjar sem m.a. ber ábyrgð á innleiðingu breytinga sem standa yfir og framundan eru. Starfsmenn á sviðinu eru u.þ.b. 25. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Um launakjör fer eftir ákvörðun fjárhags- og launanefndar um stjórnendakjör Seltjarnarnesbæjar. Upplýsingar um starfið veitir Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, í síma 5959 100, netfang asgerdur@seltjarnarnes.is Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið. Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Seltjarnarnesbæjar, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi eigi síðar en föstudaginn 24. september 2010. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Endurvinnslustöð/jarðgerð Íslenska gámafélagsins ehf. í Hellislandi, Sveitarfélaginu Árborg.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulagsstofnun.is.
Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **16. október 2010.**

**Skipulagsstofnun**

**Auglýsing um starfsleyfistillögur**

Dagana 20. september 2010 til 19. október 2010 mun starfsleyfistillaga fyrir neðanskráða starfsemi, skv. 1. málsgr. 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999, með síðari breytingum, liggja frammi á skrifstofu heilbrigðiseftirlits að Garðatogi 7, Garðabæ og hjá Kópavogsbæ, skrifstofu byggingareftirlits, Fannborg 6. Einnig er hægt að skoða gögnin á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins, http://www.heilbrigdiseftirlit.is.

| Nafn | Starfsemi | Staðsetning |
|---|---|---|
| Hvammur ehf. | Hænsnabú, (eggja- og kjúklingaframleiðsla) | Elliðahvammur, Kópavogur |

Rétt til athugasemda hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

Skriflegar athugasemdir skal senda til heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, pósthólf 329, 212 Garðabær. Frestur til að gera athugasemdir er til 20. október 2010.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Frá 1957


Kjartan Hallgeirsson


Sverrir Kristinsson

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Einbýlis- og raðhús í Fossvogi óskast**

**Höfum fjársterka kaupendur að góðum einbýlis- og raðhúsum í Fossvogi. Allar nánari upplýsingar veita Kjartan Hallgeirsson í síma 824-9093 eða Sverrir Kristinsson í síma 861-8514.**

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

www.frettabladid.is | 512 5000

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á fríðreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að fríðreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri fríðreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170. Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing**.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




## Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

Olís, Selfossi
Krónan, Selfossi
Bónus, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun Selfossi
Verslunin Árborg, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Ferðaþjónustan Úthlíð
Þrastalundur, Grímsnesi
Minni-Borg, Grímsnesi
N1, Hveragerði
Bónus, Hveragerði
Glóðarsel, Laugarvatni
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1 Skaftárskáli, Kirkjubæjarklaustri
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Krónan, Vestmannaeyjum




**Allt sem þú þarft...**

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.



# Geðveiki Andra Snæs

**BAKÞANKAR Júlíu Margrétar Alexandersdóttur**



Upplitið á geðveikum er ekki alltaf djarft. Þeir halda að sjúkdómur sinn sé eitthvað til að skammast sín fyrir, læðast með veggjum. Að burðast með sjúkdóm sem sést ekki utan á manni og maður er stöðugt að reyna að fela er ekki auðvelt fyrir fjöldann allan af þessum sjúklingum. Talið er að 22-24% mannkyns þjáist einhvern tímann á ævinni af geðheilbrigðisvanda. Þrátt fyrir þetta háa hlutfall hafa samtök eins og Geðhjálp þurft að spyrna fótunum við og berjast gegn fordómum, jafnt sjúklinganna sjálfra sem og annarra. Andri Snær Magnason rithöfundur stingur sér ofan í þann úldna pytt um helgina að blanda geðveikum inn í hluti sem koma þeim ekkert við.

**GREIN** sem birtist eftir Andra Snæ í Fréttablaðinu síðastliðinn laugardag inniheldur orðin geðveiki eða geðveikur, að því er mér taldist til, ellefu sinnum. Í Silfri Egils á sunnudaginn síðastliðinn hélt Andri Snær áfram að draga geðveikina til ábyrgðar fyrir óráðsíu í bankakerfinu og hamraði á orðinu í neikvæðri merkingu. Ekki eins og árið væri 2010 heldur þegar öldin var sú að geðveikir voru persónur non grata.

**SAGT** er að ekki megi ganga of langt í rétttrúnaði. Það megi alveg grínast með innflytjendur og alls kyns minnihlutahópa. Þarna var hins vegar ekkert verið að grínast mikið – greinin var eiginlega fjarri góðu gamni. Pólitísk rétthugsun um hvað megi og hvað megi ekki segja á alls ekki við í þessu tilfelli og þótt geðsjúkum sé oft skemmt yfir eigin sjúkdómum skaut Andri Snær langt yfir markið. Það var engin þægð í orðum Andra Snæs fyrir geðsjúka.

**JAFNFRAMT** er ég viss um að Andri Snær hefði aldrei notað þetta orð hefði hann kynnst frjóum hugsunarhætti sem oft einkennir þá sem þjást af geðsjúkdómum. Mestu snillingar sögunnar, Beethoven, Van Gogh og fleiri voru geðveikir. Þeir hefðu ekki virkjað. Ónei. Þeir hefðu málað og hugsað út fyrir rammann. Geðveiki er ekki neikvæð í þeim skilningi sem Andri Snær leggur upp með. Fjölmargir hæfileikaríkir einstaklingar búa við sjúkdóminn, alla daga, og þetta fólk, sem vinnur vinnuna sína og gerir allt sem það getur til að láta sér líða vel. Og það sem meira er, þeir gera allt sem þeir geta til að falla inn í samfélagið. Verða samþykktir. Verða ekki fyrir fordómum. Hjörðin sem Andri Snær fjallar um var ekkert að gera neitt geðveika hluti. Hún stundaði ómerkilega og óvandaða meðalmennsku. „Miðlungs“ er orðið sem Andri Snær gæti notað næst.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ALLTAF BETRA VERÐ

TOSHIBA
15,6"

## FARTÖLVA
**Toshiba Satellite C650D-10K**
2.2GHz Mobile AMD V Series V120 örgjörvi • 2GB DDR3 1066MHz minni • 250GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA LED skjár • ATI Radeon HD 4250 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**99.990**

msi
15,6"

## FARTÖLVA
**MSI CX620**
2.13GHz Intel Core i3-330M örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár • ATI HD5470 1GB skjákort • DVD og CD skrifari • Bluetooth • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-bit

**139.990**

TOSHIBA
17,3"

## FARTÖLVA
**Toshiba Satellite L670D-105**
2.1Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile P320 örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 500GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 17.3" WXGA LED skjár • ATI Mobility Radeon HD 5145 PCI-Express skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**149.990**

21.5"
acer

## LCD SKJÁR
**Acer V223HQBB**
21.5" Full HD LCD breiðskjár með 1920x1080 punkta upplausn, 50.000:1 skerpu og 5ms svartíma.

1080p

**32.990**

## SJÓNVARPSFLAKKARI
**TviX R-2230**
Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir 2.5" diska, DVB-T sjónvarpsmóttakari, USB, HDMI, fullkomin fjarstýring ofl.

TViX

**14.990**

FULLT VERÐ KR. 19.990

## iPOD VAGGA
Logitech
**Logitech Pure Fi Express Plus**
iPOD/iPHONE hleðslustöð og hátalarar með klukku og vekjara. Hljóð berst jafnt í allar áttir með Omnidirectional hljómtækni.

**14.990**

FULLT VERÐ KR. 19.990

WD

## 1.5 TB FLAKKARI
**WD Elements 1.5TB**
1.5 TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

**22.990**

Logitech

## LYKLABORÐ MÚS
**Logitech MK300**
Þráðlaust lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum. Fjöldi flýtitakka. Þráðlaus mús fylgir.

**9.990**

CM STORM

## GAMING MÚS
ALVÖRU LEIKJAMÚS
**CM Storm Inferno**
Gaming mús með 11 forritanlegum hnöppum, 128Kb minni sem geymir allt að 3 mismunandi uppsetningar. Auðvelt að forrita skipanir, scriptur ofl.

**9.990**

Logitech

## VEFMYNDAVÉL
**Logitech HD WebCam C270 720p**
Vefmyndavél með HD 720P myndbandsupplausn, 3MP myndatöku, hljóðnema með Rightsound, Rightlight. Virkar með Windows Live Messenger, Skype o.fl.

**5.990**

## VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN
*Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum*

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

## KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI
*Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi*

## F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi
VELJUM ÍSLENSKT

SKÓLA TILBOÐ

# TÖLVULISTINN
TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

**! Klukkan 17.15**

*Á morgun halda dr. Steinunn J. Kristjánsdóttir og dr. Vilborg Auður Ísleifsdóttir fyrirlestur um evrópska klausturhefð og Skriðuklaustur á Landnámssýningunni í Aðalstræti 16. Stiklað verður á stóru um uppruna klausturhefðar í Evrópu og framvinda og niðurstöður fornleifagraftarins á Skriðu verða rakin í máli og myndum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Ljóð mega vera eins og Andrésblöð*



Út er komin bókin Með mínu grænu augum, með frumortum ljóðum og þýðingum eftir Sverri Norland. Þetta er önnur ljóðabók Sverris og lokaverkefni hans til BA-prófs í ritlistarnámi við Háskóla Íslands. Sverri finnst íslenskur kveðskapur eiga það til að taka sig of hátíðlega og leggur sjálfur kapp á að lesandanum leiðist ekki við lesturinn. „Það er eins og það hafi gleymst að ljóð þurfa ekki að vera naumhyggjuleg og torræð; þau mega líka vera skemmtileg, eins og popptónlist eða Andrésblöð, en geta samt verið djúp.“ Þetta kvað vera fyrsta lokaverkefni nemanda í ritlist sem gefið er út en Sverrir skrifaði bókina undir handleiðslu Sigurðar Pálssonar. Sverrir segir að bæði námið og samstarfið við Sigurð hafi gagnast sér vel.

„Við Sigurður hittumst nokkrum sinnum og hann gaf mér afar gagnlegar ábendingar, enda afar naskur maður.“

Sverrir heldur til London í dag í framhaldsnám í London. „Ég er á leið í eins konar sjálfskipaða útlegð og geri ráð fyrir að nýta þann tíma til að skrifa lengri prósa.“

**> Ekki missa af …**

einum vinsælasta breikdanshópi á Norðurlöndum, Freestyle Phanatix, í sýningarsal í kjallara Norræna hússins. 160 nemendur úr nokkrum grunnskólum fá tækifæri til að auka þekkingu sína á dansinum og læra nýja takta. Tvö námskeið verða haldin í dag, klukkan 10 fyrir yngri dansara og klukkan 13 fyrir þau eldri.

# Horn á höfði aftur á svið

Barnaleikritið Horn á höfði verður sýnt í Borgarleikhúsinu frá og með 18. september næstkomandi. Sýningin var upphaflega frumsýnd í Grindavík í fyrra en hún var valin Barnasýning ársins 2010 á Grímunni í vor.

Víðir Guðmundsson, leikari í verkinu, segir að velgengni þess hafi ekki komið sér á óvart. „Það er auðvitað ekki sjálfgefið að sýning slái í gegn þegar hún er sett upp utan höfuðborgarsvæðisins, en við vissum að við vorum með gott leikrit í höndunum.“

Auk Víðis leika þau Sólveig Guðmundsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson í verkinu en Vilhelm Anton Jónsson semur tónlistina.

- bs



**BESTA BARNASÝNINGIN** Grindverska Grímurverðlaunasýningin fer aftur á fjalirnar í Borgarleikhúsinu í haust. LJÓSMYND/ JÓHANNA ÞORKELSDÓTTIR


Ný frímerki

*safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 16. september gefur Íslandspóstur út þrjár frímerkjaraðir og eina smáörk. Myndefni frímerkjanna eru Ólympíuleikar ungmenna, fyrstu gasljósin í Reykjavík og heilsuhælið á Vífilsstöðum. Myndefni smáarkarinnar er alþjóðlegt ár líffræðilegrar fjölbreytni 2010.





Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN




**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Segir Gunnari greinilega hafa verið umhugað um að dómur sögunnar yrði sér hliðhollur. Í dagbókum sínum kom Gunnar þó yfirleitt til dyranna eins og hann var klæddur og trúir þeim fyrir brestum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Dagbókin var sáluhjálparatriði

**Meðal bóka sem væntanlegar eru í jólabókaflóðinu í ár er ævisaga Gunnars Thoroddsen forsætisráðherra eftir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing. Við ritun bókarinnar fékk Guðni óheftan aðgang að afar persónulegum dagbókum Gunnars.**

Guðni hefur unnið að skráningu ævisögu Gunnars í nokkur ár. Upphaflega var það bókaforlagið Edda sem fór þess á leit við hann að skrifa ævisögu Gunnars, að undirlagi Völu, ekkju hans, og barnanna þeirra fjögurra.

„Þau vildu að saga hans yrði skráð og því fylgdu engir fyrirvarar nema að þetta yrði gert vel.“

Guðni fékk því aðgang að viðamiklum gögnum sem Gunnar skildi eftir sig. Þungamiðjan eru dagbókarfærslur sem Gunnar byrjaði að skrifa á barnsaldri og fram undir andlátið 1983.

„Þar má finna minnispunkta af fundum, símtölum og guð má vita hverju sem snýr að opinberum störfum,“ segir Guðni, „en líka alls kyns hugleiðingar um markmið, vonir og vonbrigði og eigin breyskleika. Þetta skráði hann hjá sér samviskusamlega. Dagbókin og minnisblöðin eru því hjálpartæki til að halda til haga því sem á dagana drífur en líka til að skrifa sig frá vandræðum og vonbrigðum; eins konar sáluhjálparatriði.“

### Sífellt að reyna að bæta sig

Guðni segir að Gunnari hafi ávallt verið umhugað um að svonefndur dómur sögunnar yrði honum hliðhollur, dagbókarskrifin séu til marks um það.

„Hann var alltaf öðrum þræði að skrifa fyrir sjálfsævisöguna, alveg frá unga aldri. Samt sem áður eru þessar dagbókarfærslur það einlægar að maður kemst að þeirri niðurstöðu að hann var ekki að skálda neitt og kom langoftast til dyranna eins og hann var klæddur. Hann trúir dagbókinni að minnsta kosti fyrir brestum í eigin fari. Gunnar glímdi til dæmis við áfengisvandamál og skráði af mestu samviskusemi hvernig hann ætlaði að ráða bót á því og hvernig það tókst og tókst ekki eftir atvikum.“

Að sögn Guðna var Gunnar leitandi sál, sem leið þó best þegar hann hafði nóg fyrir stafni og allt var í röð í reglu.

„Daginn eftir að hann hafði verið í einhverju slarki fann hann að þetta var eitthvað sem veitti honum ekki lífsánægju og var stöðugt að reyna að gera sig að betri manni.“

### Dýpri og persónulegri sýn

Guðni segir gaman að fá tækifæri til að kynnast innri hlið Gunnars yfir mestallt æviskeið hans.

„Maður fær miklu dýpri og nýrri sýn á manninn og sleppur frá þessari leiðindapólitík sem menn muna fyrst og fremst eftir í sambandi við Gunnar Thoroddsen; innanflokksátök í Sjálfstæðisflokknum og svo þessi sögulega stjórnarmyndun 1980. Ég geri því auðvitað ítarleg skil, en ævi Gunnars var miklu meiri og merkari en það. Sjálfstæðisflokkurinn og þessi átök voru ekkert upphaf og endir í lífi hans.“

bergsteinn@frettabladid.is

## „ÉG HEF ALDREI SÉÐ ÁTAKANLEGRI SJÓN“



Eftirfarandi er brot úr kafla um laganám Gunnars sem er mikið til byggður á dagbókarfærslum hans:

„Með vinum sínum var Gunnar glaður og reifur. Ungir menn og áhyggjulausir staupuðu sig og fóru öðru hvoru á „fyllerí“. Oft var komið saman á Borginni og eitt sinn skrifaði Gunnar langa frásögn af ferð með Sigurði Jóhannssyni á White Star, hið alræmda lastabæli að Laugavegi 11.

Báðir eru allsgáðir og forvitni rekur þá á staðinn. Spænskir sjómenn eru innan dyra og nokkrar stúlkur gera sér dælt við þá. Ein er orðin ölvuð. Hún tekur hverja ölflöskuna af annarri á borðum og ætlar að hella í glas sitt en þær eru allar tómar: „Hún ... gengur inn eftir stofunni og að veitingaborðinu. Hún ætlar að sníkja út eina flösku af öli.“ Önnur dansar úti á gólfi, lyftir öxlum eftir hljómfallinu, syngur með, hlær dátt og leikur „augnaleik“ við Spánverjana sem sitja í kring. Gunnar hefur séð hana á dansleikjum, „hún er skækja“. Hún gefur sig á tal við tvo hinna spænsku. Þeir munu fá það sem þeir sækjast eftir, hugsar Gunnar með sér. Önnur stúlka festist þó frekar í minni hans. Hún var hávaxin en skinhoruð og bogin í baki, með ógreitt hár:

„Drukkinn piltur dansaði við hana hvað eftir annað. Hann náði henni í öxl þótt hún væri öll í keng. ... Aldrei sagði hún orð. Það var eins og ógæfan skini út úr hverri hennar hreyfingu og hverjum drætti í svip hennar. Allt sköpulag og yfirbragð bar vott um útilokun frá allri gleði, útskúfun frá allri ánægju. Það getur verið að hún sé vændiskona. En það var ekkert illt í fari hennar, ekkert æst eða tryllt, engin ástríða og ekkert hatur eða vonbrigði í svipnum. Hún var aðeins líflaus, gleðisnauð. Ég hef sjaldan séð átakanlegri sjón.“

Gunnar sá að því gat verið misskipt, mannanna láni. Í æsku hafði honum verið innrætt samúð með þeim sem minna máttu sín og hún entist lífsleiðina. Á hinn bóginn trúði hann því líka að hver væri sinnar gæfu smiður og ekki vildi hann boða meinlætalifnað.


Grallaralegt ævintýri fyrir stelpur og stráka
★★★★★
„Gaman!!!! Listamennirnir slá hvergi af kröfum sínum.“
EB, Fbl.
★★★★
JVJ, DV
„Ein besta barnasýning síðasta árs... skemmtileg tónlist, fallegt mál, smekkleg umgjörð og góður leikur.“
SG, Mbl.
Forsala aðgöngumiða hafin
GRÍMAN 2010
BARNASÝNING ÁRSINS
Sýningadagar
Lau. 18/9 kl. 14 örfá sæti
Sun. 19/9 kl. 14 örfá sæti
Lau. 25/9 kl. 14 örfá sæti
Sun. 26/9 kl. 14 örfá sæti
Lau. 2/10 kl. 14
Sun. 3/10 kl. 14
HORN Á HÖFÐI
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið
í samstarfi við GRAL

> **ERFIÐ BARÁTTA**

**Liam Gallagher** er svo ákveðinn í að slá í gegn með nýju hljómsveitinni sinni, Beady Eye, að hann er að reyna að hætta að reykja. Gallagher hefur verið stórreykingamaður í yfir tuttugu ár. „Liam fer út að hlaupa flesta morgna og nú ætlar hann að hætta að reykja. Hann vill að röddin verði fullkomin fyrir nýja bandið,“ segir vinur söngvarans.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Fékk styrk til Feneyjafarar

„Þetta var frábært,,“ segir framleiðandinn Katrín Ólafsdóttir nýkomin heim frá kvikmyndahátíðinni í Feneyjum þar sem stuttmynd hennar, Líf og dauði Henry Darger, var frumsýnd. Um tíma leit út fyrir að Katrín kæmist ekki út til að kynna myndina eins og Fréttablaðið greindi frá. En eftir að greinin birtist var haft samband við Katrínu og henni bent á að sækja um menningarstyrk hjá Félagi kvikmyndagerðarmanna. Það gerði hún og hlaut styrkinn. „Þetta skiptir svo miklu máli því við ætlum að gera annað verkefni núna og það var rosalega gott að geta kynnt það. Fólk var mjög spennt fyrir því,“ segir Katrín. Hún segir myndina hafa fengið góðar viðtökur áhorfenda. „Aðrir kvikmyndagerðarmenn voru að skoða myndina og vilja líklega koma til Íslands til að taka upp.“



**KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR** Nýkomin heim frá Feneyjum þar sem stuttmyndin Líf og dauði Henry Darger var frumsýnd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leikstjóri stuttmyndarinnar er Frakkinn Bertrand Mandico. Saman ætla þau að gera eina stuttmynd á ári næstu tuttugu árin þar sem fjallað verður um umhverfismál á Reykjanesinu.

Fyrsta myndin verður tekin upp í lok mánaðarins og verður leikkonan Elina Löwenshon í aðalhlutverki. Hún hefur leikið töluvert fyrir óháða bandaríska leikstjórann Hal Hartley og komið fram í myndum á borð við Schindler´s List og Basquait.

„Hún er mjög vel gefin og mjög vel að sér í kvikmyndasögunni. Það er gaman að vinna með henni,“ segir Katrín. Löwenshon hefur verið búsett töluvert á Íslandi því fyrrverandi maðurinn hennar er franskur myndlistarmaður sem hefur unnið hér á landi. **- fb**

**Eldhúsinnréttingar til sölu**

Rýmum fyrir nýjum innréttingum
Eigum enn til vandaðar sýningarinnréttingar.
Tilvalið á kaffistofu

**70% afsláttur!**

**Eldhúsval ehf**
Sóltúni 20, 105 Reykjavík
sími: 5614770




**REGNBOGARSKILTIÐ HORFIÐ** Hið fræga Regnbogaskilti hefur fengið að víkja fyrir nýju skilti; Bíó Paradís; Heimili kvikmyndanna.

# Bíó Paradís opnuð í kvöld

**Þær hafa verið svefnlausar næturnar hjá aðstandendum Bíó Paradísar: Heimili kvikmyndanna. Í dag rennur svo stóri dagurinn upp þegar hin langþráða kvikmyndamiðstöð verður opnuð.**

Bíó Paradís verður opnað með tónlistarheimildarmyndinni Backyard eftir Árna Sveinsson en hún vann til aðalverðlauna á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg á þessu ári. Ásgrímur Sverrisson, dagskrárstjóri kvikmyndahússins, segir stærstu útlitsbreytingarnar vera þær að húsið að utan hafi verið málað í nýjum litum. „Og svo er stór breyting á forsölu hússins, þar er búið að koma upp kaffihúsi. Fólk á sérstaklega eftir að taka eftir miklum breytingum með fremri forsalinn. Það stendur til að gera meira með þann aftari, jafnvel hafa hann nátengdan kvikmyndasögu Íslands með munum og öðrum fróðleik úr íslenskum kvikmyndum. Frammi verður meiri kaffihúsafílingur,“ segir Ásgrímur.



**MIKLAR BREYTINGAR** Lovísa Óladóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Ásgrímur Sverrisson og Ragnar Bragason skeggræða síðustu smáatriðin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**freyrgigja@frettabladid.is**

**Vinsælasta skinkan**
**hjá okkur**




# Eiga von á barni

Talsmaður leikkonunnar Penélope Cruz hefur staðfest að leikkonan og eiginmaður hennar, spænski leikarinn Javier Bardem, eigi von á sínu fyrsta barni í byrjun næsta árs.

Bardem og Cruz, sem er komin tæpa fimm mánuði á leið, giftu sig í júlí í látlausri athöfn á Bahama-eyjum. Þau fóru að rugla saman reytum þegar þau léku á móti hvort öðru í kvikmynd Woody Allen, Vicky Cristina Barcelona, árið 2008. Systir leikkonunnar sagði í nýlegu viðtali við spænska tímaritið Hola! að það kæmi henni ekki á óvart ef barn væri á leiðinni. „Þau hafa sýnt heiminum að þau eru ástfangin og það væri aðeins eðlilegt ef þau vildu eignast börn bráðum,“ sagði systir leikkonunnar.



**ÓLÉTT** Penélope Cruz er ólétt af sínu fyrsta barni.

**HAMSKIPTIN**

EFTIR FRANZ KAFKA
LEIKSTJÓRN: GÍSLI ÖRN GARÐARSSON OG DAVID FARR
**TÓNLIST: NICK CAVE OG WARREN ELLIS**

**Einstakt tækifæri, síðustu sýningar!**

**Fim. 16/9** Örfá sæti laus
**Fös. 17/9** Örfá sæti laus



**„Nýstárleg og skemmtileg leiksýning“** Elísabet Brekkan, Fbl
**„Veisla fyrir augað“** Bryndís Schram, pressan.is
**„Svo hrifnir voru áhorfendur að Nick Cave náði ekki að ljúka lokalaginu. Út brutust þvílík fagnaðarlæti að þakið ætlaði af húsinu“** Sigríður Albertsdóttir, DV

Vesturport ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala | 551 1200 | leikhusid.is | midi.is

# Safnbox með Hendrix

**Safnbox með sjaldheyrðum og útgefnum lögum með Jimi Hendrix verður gefið út 15. nóvember í tilefni þess að fjörutíu ár eru liðin frá dauða hans. Boxið nefnist West Coast Seattle Boy – The Jimi Hendrix Anthology og hefur að geyma fjóra geisladiska og 90 mínútna langa heimildarmynd um gítarsnillinginn. Ný útgáfa af laginu Love Or Confusion verður gefin út sem smáskífa 27. september í tilefni safnboxins.**

**Alls verða í boxinu 45 útgefnar hljóðvers- og tónleikaupptökur með Hendrix, þar á meðal sjaldheyrðar útgáfur af lögunum á þremur hljóðversplötum hans.**


THE BODY SHOP™
Vinsælar vörutegundir
með 25-35% afslætti
Dekurvörur með kókosolíu
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
Verð nú: 2750 kr.
með 25% afslætti
Verð áður: 3670 kr.
Ath. Einnig er hægt að fá sams konar Moringa-vörutegundir og skrúbbhanska með sömu kjörum
Allranauðsynlegasti augnfarðinn
Þrjár vörutegundir saman: Svartur "Super volume"-augnháralitur, svartur augnblýantur og "Baked-to-last"-augnskuggi sem fæst í 8 litbrigðum en þú velur það litbrigði sem þér hentar (um er að ræða gráa, brúna, bleika, bláa, græna og fjólubláa tóna)
Verð nú: 3590 kr.
með 30% afslætti
Verð áður: 5150 kr.
Rómantískt ilmandi
"Love Etc.."-vörutegundir
Þrjár vörutegundir saman: "Love Etc.." -sturtusápa (200ml), sams konar "body butter"-húðnæring (200ml) og skrúbbhanskar í lit að eigin vali
Verð nú: 2750 kr.
með 35% afslætti
Verð áður: 4360 kr.
Aloe vera-andlitsvörur
Þrjár vörutegundir saman: Hreinsimjólk (200ml), dagkrem (50ml) og næturkrem (50ml) - allt saman vörutegundir sem innihalda græðandi og rakagefandi aloe vera-gel
Verð nú: 3920 kr.
með 30% afslætti
Verð áður: 5600 kr.
E-vítamín fyrir andlitið
Þrjár vörutegundir saman: E-vítamín dagkremið sívinsæla (50ml), næturkrem (50ml) og hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml)
Verð nú: 3575 kr.
með 25% afslætti
Verð áður: 4770 kr.
Fyrir eiginmanninn
Þrjár vörutegundir saman: "Of a man"-hár og -sturtusápa (200ml), "Of a man"-svitalyktareyðir (75ml) og "For men: Maca Root"-rakakrem (50ml)
Verð nú: 2830 kr.
með 35% afslætti
Verð áður: 4360 kr.
Handa unnustanum
Tvær vörutegundir saman: "White musk sport"-hár og -sturtusápa (200ml) og sams konar svitalyktareyðir (75ml)
Verð nú: 2385 kr.
með 25% afslætti
Verð áður: 3180 kr.
Glænýjar, umhverfisvænar hárvörur sem inihalda engin súlföt, paraben, sílikon eða litarefni
Tvær vörutegundir saman: Sjampó (250ml) og hárnæring (250ml).
Þú velur þær vörutegundir sem henta hárgerð þinni: "Rainforest moisture" fyrir þurrt hár; "Rainforest shine" fyrir venjulegt hár; "Rainforest balance" fyrir feitt hár eða "Rainforest radiance" fyrir litað hár
Verð nú: 1760 kr. með 30% afslætti
Verð áður: 2520 kr.
THE BODY SHOP®
SMÁRALIND, KRINGLUNNI, AKUREYRI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 564 6522

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN
SVEPPI ER KOMINN AFTUR!




FYRSTA ÍSLENSKA 3D MYNDIN FRÁBÆR SKEMMTUN










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| REMEMBER ME | kl. 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GHOST WRITER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl.6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10:20 | L |
| INCEPTION | kl. 10:20 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| STEP UP-3D | kl. 10:20 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 6 | 7 |
| REMEMBER ME | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 - 10:20 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 10 | 12 |
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 8 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 10:10 | 16 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| SCOTT PILGRIM VS THE WORLD | kl. 10:10 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D LÚX | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 3.40 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.30 | L |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 10.10 | 16 |
| SALT | kl. 10.30 | 14 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 5.50 - 8.30 - 10.30 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE FUTURE OF HOPE | kl. 6 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6.15 | L |
| THE HUMAN CENTIPEDE | kl. 10 | 18 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 6 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL 4 | 8 og 10(POWER) | 16 |
| AULINN ÉG 3D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| AULINN ÉG 2D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 4 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 5.50, 8 og 10.15 | 12 |




# Ómar sýnir í Eldingu

Föstudagskvöldið 1. október mun Ómar Ragnarsson sýna þrjár myndir á RIFF, Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, um borð í hvalaskoðunarskipinu Eldingu. Fyrst sýnir Ómar myndina One of the Wonders of the World. Hún er um 25 mínútna löng og fjallar um virkjanir og stóriðju á Íslandi. Tónlist Bjarkar Guðmundsdóttur hljómar í myndinni.

Ómar sýnir einnig Reykjavíkurljóð, sem er sjö mínútna stuttmynd um Reykjavík, sögu hennar og mannlíf. Loks verður sýnt myndbandið við lag af plötunni Ómar lands og þjóðar – kóróna landsins. Lagið, sem nefnist Maður og hvalur, fjallar um hvalveiðar og hvalaskoðun. Lag og texti er eftir Ómar en Bubbi Morthens syngur.



**ÓMAR RAGNARSSON** Ómar sýnir þrjár myndir á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Airwaves í útvarpinu

Dagskrá útvarpsþáttarins Straumur á Xinu 977 verður næstu vikurnar tileinkuð Iceland Airwaves-tónlistarhátinni sem fer fram 13. til 17. október. Þátturinn verður alla þriðjudaga klukkan 20 til 22 fram að hátíð og þar verða kynntar flestar af þeim erlendu hljómsveitum sem koma fram á hátíðinni. Viðtöl verða tekin við íslenskar og erlendar hljómsveitir auk þess sem miðar á hátíðina verða gefnir. Á meðal flytjenda á Airwaves í ár eru Robyn, Hurts, Everything Everything, Bombay Bicycle Club, Mugison og Dikta.



**ÓLAFUR HALLDÓR ÓLAFSSON**

# Sjónvarpslaust og kósí á hverju fimmtudagskvöldi

**Viðburðurinn Sjónvarpslaus fimmtudagskvöld verður haldinn í fyrsta sinn í Slippsalnum á fimmtudaginn. Fólk er hvatt til að hvíla sig á sjónvarpinu og njóta íslenskrar menningar í kósí stemningu.**



**FORSPRAKKAR Sigurður Ásgeir Árnason** og trúbadorinn **Svavar Knútur** eru mennirnir á bak við Sjónvarpslaus fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þetta verður svona kakó, vöfflu stemning,“ segir Sigurður Ásgeir Árnason úr hljómsveitinni Ultra Mega Technobandið Stefán. Sigurður og trúbadorinn Svavar Knútur skipuleggja viðburðinn Sjónvarpslaus fimmtudagskvöld sem verður haldinn í fyrsta sinn á fimmtudaginn í Slippsalnum við Mýrargötu þar sem Nema Forum er til húsa.

„Við spiluðum þarna á Melodica Festival og urðum ástfangnir af staðnum. Þá vaknaði sú hugmynd að hafa þarna menningarviðburð á fimmtudagskvöldum,“ segir Sigurður Ásgeir. „Salurinn er í Viktoríustíl, eins og blanda af hótelbar og forstofu hjá enskum 19. aldar landkönnuði. Þarna er kósí stemning sem ég hef ekki séð í sal á Íslandi.“



Fjölbreytt atriði verða í fyrirrúmi en þó í nokkurs konar dagskrár- eða kvöldvökuformi. Á hverju kvöldi verða atriði úr eftirfarandi flokkum: söngvaskáld, klassík eða djass, upplestur á ljóðum, ritverkum eða leiklestur og tónleikar með hljómsveit. Á fyrsta kvöldinu stíga á svið Svavar Knútur, píanóleikarinn Marteinn Knaran, hljómsveitin Útidúr og fleiri gestir. „Íslensk tónlistarmenning er orðin eitthvað svo rotin. Það er allt tengt við fyllirí á sama tíma og við eigum flottustu listamenn í heiminum miðað við höfðatölu. Við erum orðnir leiðir á þessu,“ segir Sigurður og hvetur fólk til að hvíla sig á sjónvarpinu eitt kvöld í viku eins og hér á árum áður.

Miðaverð er kr. 1.500 og er takmarkaður fjöldi á hvert kvöld. Dagskráin hefst stundvíslega kl. 20.30 og stendur til kl. 23.

freyr@frettabladid.is

# Einföld hugmynd, góð plata

Tónlist ★★★★

**Album**
Orri Harðarson




Albúm er fimmta plata Orra Harðarsonar og sú fyrsta síðan Trú kom út fyrir fimm árum. Albúm er byggð á ákveðinni hugmynd. Það eru 25 ár liðin frá því að Orri kom fyrst fram opinberlega, en sú staðreynd gaf honum þá hugmynd að gera plötu sem væri í anda fyrstu skrefa hans á tónlistarbrautinni – eingöngu rödd og kassagítar. Þetta er alvöru sólóplata í þess orðs sterkustu merkingu. Öll lög, textar, söngur, hljóðfæraleikur, hljóðritun og hljóðblöndun eru verk Orra sjálfs. Og öll tónlistin er spiluð á sama kassagítarinn.

Það getur verið gott fyrir listamenn að hafa ákveðna hugmynd til að vinna út frá. Kannski er það ástæðan fyrir því hversu heilsteypt og flott plata Albúm er. Lögin tíu standa öll fyrir sínu, textalega séð er platan langt yfir meðallagi, flutningur er góður og platan hljómar sérstaklega vel. Þó að það séu bara rödd og kassagítar á Albúm þá eru útsetningarnar fjölbreyttar og greinilegt að Orri kann vel að beita fyrir sig kassagítarnum. Platan er mjúk og lágstemmd og hljómurinn hlýr.

Textarnir eru flestir samfélagsrýni. Óland fjallar um þjóðfélagið sem færði af sér hrunið: „Er það þjóðin sem er vitlaus/eða bara fólkið sem hún kaus?/Hvort er það, væna/egg eða hæna?“. Orri hefur sterkar skoðanir og liggur ekki á þeim. Bæði Kredit og Í guðs friði eru trúleysistextar og „nýaldarpakk“, „kverúlantar“ og „popúlistar“ fá að heyra það á plötunni. En svo er ástin líka með í spilinu. Tilillagið Albúm er t.d. ástartexti með nostalgíublæ sem fjallar um þann tíma þegar fólk lá yfir vínylplötualbúmum. Gaman að þessu. Orri er enginn Megas, en honum liggur margt á hjarta og kemur því ágætlega frá sér.

Það er í raun ekki hægt annað en að óska Orra til hamingju með plötuna. Trú var fín, en Albúm er töluvert betri.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Tíu lög, rödd, kassagítar og hvergi dauður blettur.



Taktu partíið á næsta stig með PlayStation
MOVE!
Lendir 15. sept!
SONY
Sendu SMS EST MOVE á númerið 1900.
Svaraðu einni spurningu og þú gætir unnið!
Aðalvinningur er MOVE ásamt fjórum (Move)leikjum.
Fullt af auka vinningum: Tölvuleikir · DVD myndir · PS3 aukahlutir og fleira!
9. hver vinnur!
SMS LEIKUR
PS3
EyePet Move Edition
SPORTS CHAMPIONS
PS3
PlayStation Move
ELKO
Vinningar afhendir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

# sport

sport@frettabladid.is



**4 HEIÐAR HELGUSON** hefur skorað fjögur mörk í fyrstu sex leikjum QPR á tímabilinu í ensku B-deildinni. Liðið fór á topp deildarinnar með 3-0 sigri á Ipswich á útivelli í gær og skoraði Heiðar þriðja mark leiksins úr vítaspyrnu.

## ÚRSLIT

### *Meistaradeild Evrópu*

**A-RIÐILL**

**Werder Bremen - Tottenham 2-2**
0-1 Petri Pasanen, sjálfsmark (12.), 0-2 Peter Crouch (18.), 1-2 Hugo Almeida (43.), 2-2 Marco Marin (47.)

**Twente - Inter 2-2**
0-1 Wesley Sneijder (14.), 1-1 Theo Janssen (20.), 2-1 Diego Milito, sjálfsmark (30.), 2-2 Samuel Eto'o (41.).

**B-RIÐILL**

**Lyon - Schalke 1-0**
1-0 Michel Bastos (21.).

**Benfica - Hapoel Tel-Aviv 2-0**
1-0 Luisao (21.), 2-0 Oscar Cardozo (68.).

**C-RIÐILL**

**Manchester United - Glasgow Rangers 0-0**

**Bursaspor - Valencia 0-4**
0-1 Ricardo Costa (16.), 0-2 Ricardo Vosta (41.), 0-3 Pablo (68.), 0-4 Roberto Soldado (76.).

**D-RIÐILL**

**FC Kaupmannahöfn - Rubin Kazan 1-0**
1-0 Dame N'Doye (87.).

**Barcelona - Panathinaikos 5-1**
0-1 Sidney Govou (20.), 1-1 Lionel Messi (22.), 2-1 David Villa (33.), 3-1 Lionel Messi (45.), 4-1 Pedro (78.), 5-1 Dani Alves (90.)

### *Enska B-deildin*

**Ipswich - QPR 0-3**
Heiðar Helguson skoraði þriðja mark QPR úr víti.

**Millwall - Reading 0-0**
Brynjar Björn Gunnarsson var á bekknum hjá Reading en Ívar Ingimarsson er enn frá vegna meiðsla.

**Swansea - Coventry 2-1**
Aron Einar Gunnarsson spilaði allan leikinn með Coventry.

Barnsley - Leeds 5-2
Leicester - Cardiff 2-1
Middlesbrough - Burnley 2-1
Crystal Palace - Portsmouth 4-1
Bristol City - Watford 0-2

### *Þýska úrvalsdeildin*

**Hannover-Burgdorf - Hamburg 28-39**
Hannes Jón Jónsson skoraði níu mörk fyrir Hannover-Burgdorf, Vignir Svavarsson sex og Ásgeir Örn Hallgrímsson eitt.

### *Danska úrvalsdeildin*

**Fredericia - Lemvig-Thyborön 25-24**
Elvar Friðriksson skoraði eitt mark fyrir Lemvig.

**Midtjylland - Mors-Thy 32-32**
Pétur Pálsson skoraði eitt mark fyrir Midtjylland.

# Herbragð Ferguson mistókst

**Manchester United gerði markalaust jafntefli gegn Rangers á heimavelli í Meistaradeild Evrópu gær. Tottenham gerði jafntefli á útivelli, rétt eins og meistararnir í Inter. Spænsku liðin Barcelona og Valencia unnu hins vegar stórsigra.**

**FÓTBOLTI** Tímabilið í Meistaradeild Evrópu fór rólega af stað hjá Alex Ferugson og hans mönnum í Manchester United. Liðið gerði markalaust jafntefli við Glasgow Rangers á Old Trafford þar sem þeim skosku tókst að kæfa nánast allar sóknaraðgerðir United með öguðum og skipulögðum varnarleik.

Alex Ferguson, stjóri United, gerði tíu breytingar á byrjunarliði sínu frá síðasta leik. Þá gerði liðið 3-3 jafntefli við Everton í ensku úrvalsdeildinni. Wayne Rooney var hvíldur í þeim leik en fékk tækifærið í kvöld. Hann nýtti það illa og ekki ólíklegt að vandræði hans utan vallar hafi haft sitt að segja í gær.

„Gagnrýnin eftir þennan leik mun snúast um af hverju ég tefldi ekki sterkara liði fram í kvöld," sagði Ferguson eftir leikinn. „Ég tel að ég hafi teflt fram afar sterku liði. Átta þeirra [sem spiluðu í leiknum] spiluðu gegn Chelsea í Samfélagsskildinum. Við erum með frábæran leikmannahóp."

Hann hrósaði Rangers fyrir leikinn. „Við hefðum átt að vinna en það var mjög erfitt að vinna bug á leikkerfi Rangers. Mér fannst við leggja okkkur fram en lið Rangers pakkaði í vörn í vítateignum og það bar árangur."

Antonio Valencia meiddist illa í leiknum í gær. „Þetta voru slæm meiðsli. Hann virðist hafa grafið tána í grastorfuna og það er útlit fyrir að hann hafi farið úr lið og ökklabrotnað," sagði Ferguson en Valencia var borinn af velli og fluttur upp á sjúkrahús eftir leik.

Tottenham gerði 2-2 jafntefli við Werder Bremen í Þýskalandi eftir að hafa komist 2-0 yfir snemma leiks. Liðið fékk tvö góð færi til viðbótar til að auka forystuna en heimamenn náðu að minnka muninn með tveimur mörkum með stuttu millibili. Harry Redknapp reiddist þó þegar hann var spurður hvort Tottenham hafi lært dýrmæta lexíu í leiknum.

„Hvaða lexíu get ég lært af því að þeir skora? Hvaða lexíur geta þeir lært? Það er alltaf verið að tala um lexíur en þetta var bara fótboltaleikur. Við vorum 2-0 yfir og þeir náðu að skora upp úr engu. Svona lagað gerist," sagði Redknapp í sjónvarpsviðtali eftir leik en þetta er í fyrsta sinn sem Tottenham spilar í Meistaradeild Evrópu.

Spænsku liðin Barcelona og Valencia unnu stórsigra í sínum leikjum og ætla sér greinilega stóra hluti á tímabilinu. Meistararnir í Inter hófu titilvörn sína gegn FC Twente í Hollandi en máttu sætta sig við 2-2 jafntefli þar.

Sölvi Geir Ottesen spilaði allan leikinn er FC Kaupmannahöfn vann Rubin Kazan frá Rússlandi, 1-0.

eirikur@frettabladid.is



**LITLAUST Í LEIKHÚSINU** Wes Brown og Kirk Broadfoot eigast við í leik Manchester United og Rangers á Old Trafford í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY



**MEISTARINN** Jose Mourinho ætlar að láta til sín taka með Real í Meistaradeildinni í vetur. NORDIC PHOTOS/AFP

Meistaradeildin í kvöld:

## Vill vinna aftur

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho ætlar sér að standa uppi sem sigurvegari í Meistaradeild Evrópu annað árið í röð en nú með Real Madrid. Hann gerði Inter að meisturum á síðasta tímabili.

Real mætir Ajax á heimavelli í kvöld en þá fara fram átta leikir í keppninni. „Liðið okkar er og hefur verið í vinnslu. Markmið okkar er að halda áfram að vaxa og komast í næstu umferð. Við verðum betra lið í 16 liða úrslitunum og þegar mest verður undir í keppninni," sagði Mourinho í gær. „Real Madrid vill vinna tíunda Evrópumeistaratitil félagsins og ég minn þriðja. En það verður erfitt." - esá

Rafael Nadal vann US Open:

## Sögulegur sigur

**TENNIS Rafael Nadal fagnaði í gær sigri á opna bandaríska meistaramótinu í tennis eftir að hafa lagt Serbann Novak Djokovic í úrslitaviðureigninni, 6-4, 5-7, 6-4 og 6-2.**

**Þar með hefur Nadal unnið sigur á öllum fjórum risamótunum í tennis og er aðeins sjöundi maður sögunnar sem nær þeim árangri.**

**Ef hann sigrar á opna ástralska meistaramótinu í janúar næstkomandi verður hann handhafi allra fjögurra titlanna samtímis. Nadal hefur nú unnið níu risamótstitla á ferlinum.** - esá




# KOMDU ÞÉR AF STAÐ!

Haustið er yndislegur tími. Tíminn til að koma sér af stað eða halda áfram að æfa. Nýir æfingaskór og æfingaföt virka alltaf hvetjandi til þess að standa sig betur. Þess vegna höfum valið bestu haustvörurnar og bjóðum þær nú á frábæru verði. Verið velkomin!



**5.990**
(fullt verð 7.990)

**NIKE / BE FAST DF COTTON CAPRI**
Kvartbuxur úr teygjanlegri DRI-FIT bómull.
61% bómull, 33% polyester og 6% elastan.
Dömustærðir

**1.990**

**ETIREL / LORI BOXTANK**
Hlýrabolur úr 95% bómull
og 5% elastan. Litir: Svartur, hvítur, fjólublár.



**2.490**

**FIREFLY / NORA TEE**
Stuttermabolur úr 100% bómull.
Litir: Bleikur, fjólublár. Dömustærðir.



**5.490**

**ETIREL / ZANITA WMS**
Sundbolur með stuðningstoppi úr 80% polyamid og 20% elastan. Litir: Svartur með turkisbláu, brúnn með bleiku. Dömustærðir.



**4.990**

**ETIREL / HANNA PANTS**
Æfingabuxur úr 95% bómull
og 5% elastan. Dömustærðir.



**8.990**

**NIKE / BE STRONG DF COTTON PANT**
Æfingabuxur úr teygjanlegri
DRI-FIT bómull með góðri öndun.
Dömustærðir.



**5.990**

**NIKE LEGACY VENTILATED Y BACK**
Íþróttatoppur. Dömustærðir.



**12.990**

**ADIDAS / RISLAW II**
Vandaðir æfingaskór úr leðri með adiPRENE
dempun undir hæl og tábergi. Dömustærðir.



**9.990**
(fullt verð 11.990)

**NIKE / WMNS STEADY VII**
Æfingaskór með góðri dempun
undir tábergi. Dömustærðir.

**INTERSPORT**

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

> **Jennifer Love Hewitt**

„Það er alveg hægt að vera virt, sterk kona og að vera þekkt fyrir að gera hlutina sjálf, en vilja einnig að strákar opni fyrir þér hurðina, bjóði þér á stefnumót og kaupi handa þér blóm.“

***Jennifer Love Hewitt vill halda í riddaramennsku karlmanna og rómantík. Hewitt verður á dagskrá Stöð 2 Bíó í kvöld í myndinni The Truth About Love kl. 22.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR MISSIR EKKI AF DOKTOR ÁSU

# *Hámenntaður og hress læknir*

Nýi uppáhaldsþátturinn minn í sjónvarpinu er Doktor Åsa. Sænska læknaskutlan sem leitast við að upplýsa okkur áhorfendur um heilsutengd málefni, hvaða áhrif mataræði hefur á líkama okkar og hvers vegna við verðum full eða fáum timburmenn svo dæmi séu tekin.

Framsetningin á efninu er afar góð í þessum þáttum, maður fær svör við þeim spurningum sem maður er að velta fyrir sér og ég fíla mjög vel hversu víða hún Åsa leitar fanga. Spurningar fólksins á götunni eru góðar og tilraunir hennar til að mæla áfengisneyslu með eigin drykkju voru smellnar. Mér fannst hún Åsa reyndar það hress og óheftbundin að ég var farin að velta því fyrir mér hvort að það gæti verið að hún væri læknir, og opinbera ég þá fordóma mína gagnvart þeirri góðu stétt.

Netið hefur fært mér þau svör að hún Åsa Vilbäck er læknir, lýtalæknir svo því sé til haga haldið, og hún hefur lengi verið fræg í heimalandi sínu Svíþjóð. Hún tók nefnilega þátt í raunveruleikaþættinum Róbinson-leiðangurinn sem er sambærilegum Survivor-þáttunum sem hafa verið sýndir á Íslandi. Skýrir kannski hversu ótrúlega afslöppuð hún er fyrir framan myndavélina.



Ég vona sannarlega að sjónvarpið festi kaup á fleiri þáttum með lækninum – þegar þessi pistill birtist hefur þáttaröðin nefnilega runnið sitt skeið á enda en doktorinn þó á fullu ef marka má heimasíðu sænska ríkisútvarpsins.

Næst myndi ég þó ekki setja hana beint á eftir öðrum sænskum þætti, eins og raunin hefur verið undanfarna þriðjudaga þegar Åsa hefur tekið við af ljósmæðrunum. Norðurlandavinurinn ég fagna reyndar hverjum skandinavískum þætti, en er ekki hægt að dreifa gullmolunum aðeins betur?

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Ajax, bein úts.** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Reality Bites** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Top Chef** SKJÁR EINN



▶ **20.20 Ljóta Betty** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55 Mercy** STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Fólk og firnindi - Öræfin upp á nýtt** (3:4) Þáttaröð eftir Ómar Ragnarsson. Frá 1997 og 1998. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var...lífið** (4:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Fínni kostur** (24:24)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (25:26)
**18.30 Finnbogi og Felix** (11:12)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Ljóta Betty** (76:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Draumalandið** Heimildamynd eftir Þorfinn Guðnason og Andra Snæ Magnason byggð á bók Andra um þjóð sem er búin að koma upp öllum sínum innviðum og hefur öll tækifæri í hendi sér en ákveður að gera landið að einni stærstu málmbræðslu í heiminum. Textað á síðu 888 í Textavarpi. (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Space Jam**
**10.00 The Bucket List**
**12.00 Four Weddings And A Funeral**
**14.00 Space Jam**
**16.00 The Bucket List**
**18.00 Four Weddings And A Funeral**
▶**20.00 Reality Bites**
**22.00 The Truth About Love**
**00.00 The Squid and the Whale**
**02.00 The Things About My Folks**
**04.00 The Truth About Love**
**06.00 Mr. Woodcock**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin
**08.15 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (3:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (14:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Gossip Girl** (3:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (13:23)
**14.40 E.R.** (16:22)
**15.30 iCarly** (4:25)
**15.53 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ofuröndin, Brunabílarnir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (15:20)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (19:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (17:20)
**20.10 Pretty Little Liars** (3:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard.
▶**20.55 Mercy** (21:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.
**21.40 True Blood** (12:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.
**22.40 Nip/Tuck** (21:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.
**23.25 NCIS: Los Angeles** (4:24)
**00.10 The Closer** (10:15)
**00.55 The Forgotten** (8:17)
**01.40 X-Files** (16:24)
**02.25 Grey's Anatomy** (14:17)
**03.10 E.R.** (16:22)
**03.55 Sjáðu**
**04.25 Phone** Hrollvekja.

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**15.05 Veiðiperlur**
**15.35 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.
**17.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**18.00 Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
▶**18.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Ajax** Bein útsending frá leik Real Madrid og Ajax í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**21.20 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Braga**
**23.10 Meistaradeild Evrópu: Zilina - Chelsea**
**01.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 WBA - Tottenham** Enska úrvalsdeildin.
**18.15 Stoke - Aston Villa / HD** Enska úrvalsdeildin.
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Football Legends - Garrincha** Þættir um bestu knattspyrnumenn sögunnar en að þessu sinni er komið að Garrincha.
**21.25 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflegg og fagleg umræða um enska boltann.
**22.55 West Ham - Chelsea / HD** Enska úrvalsdeildin.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**17.10 The Marriage Ref** (1:12) (e)
**17.35 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Million Dollar Listing** (5:9) Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins. Á hverjum degi lenda þau í litríku fólki sem ýmist vill kaupa eða selja heimili sín.
**19.45 King of Queens** (16:25) (e)
▶**20.10 Top Chef** (16:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
**20.55 Canada's Next Top Model** (6:8) Raunveruleikasería sem farið hefur sigurför um heiminn. Þetta er önnur þáttaröðin af kanadískri útgáfu þáttanna og nú hefur stjörnustílistinn Jay Manuel tekið fyrir hlutverki yfirdómara og kynnis þáttanna.
**21.40 Bollywood Hero** (1:3) Bráðfyndin mínísería í þremur hlutum um bandarískan leikara (Chris Kattan) sem á erfitt uppdráttar og tekur tilboði um að leika í Bollywoodmynd á Indlandi.
**22.30 Jay Leno**
**23.15 Law & Order** (20:22) (e)
**00.05 Leverage** (14:15) (e)
**00.50 Premier League Poker II** (6:15) (e)
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Guðfaðir 9 ráðherra ríkisstjórnarinnar með sinn fyrsta þátt á ÍNN.
**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis með nýjar fréttir úr mótorhjólaheiminum.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson, Friðrik Eysteinsson og gestir skoða markaðsmál og auglýsingamál til mergjar.
**21.30 Eru þeir að fá hann?**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Pretty Little Liars



Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard og fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál. Þáttaröðin er uppfull af frábærri nýrri tónlist og er þegar farin að leggja línurnar í tískunni enda aðalleikkonurnar komnar í hóp eftirsóttustu forsíðustúlkna allra helstu tímarita vestanhafs.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### True Blood

### Stöð 2 kl. 21.40

Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana. Menn og vampírur búa þar saman en þó kannski ekki beint í sátt og samlyndi þrátt fyrir að komið sé á markað gerviblóð á flöskum sem ætlað er að svala blóðþorsta vampíranna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Dvel ég í draumahöll
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Á kerlingaslóðum
**21.10** Út um græna grundu
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Flakk
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (14:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Cougar Town** (14:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsóöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

**22.15 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey. Hann er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína.

**23.00 The Shield** (2:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.

**23.50 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**00.15 The Doctors**

**00.55 Falcon Crest II** (14:22)

**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Vicar of Dibley **12.30** Vicar of Dibley **13.00** The Green, Green Grass **13.30** The Green, Green Grass **14.00** Lab Rats **14.35** Lab Rats **15.05** Waterloo Road **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** After You've Gone **18.00** Live at the Apollo **18.45** Live at the Apollo **19.30** Unforgiven **20.15** Jonathan Creek **21.05** Come Dine With Me **21.30** The Jonathan Ross Show **22.20** EastEnders **22.50** Torchwood **23.40** Unforgiven

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Emil fra Lønneberg **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Laban det lille spøgelse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Ved du hvem du er? **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Rebus **21.10** Onsdags Lotto **21.15** OBS **21.20** Verdens mange mure **22.15** Naruto Uncut **22.40** Boogie Mix **23.30** Godnat

## NRK 1

**12.30** Doktor Åsa **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens fargerike **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** FBI **18.15** Folk **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** House **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Muslimsk hoytid **22.00** Kim Novak bada aldri i Genesaretsjøen **23.35** Svisj gull

## SVT 1

**12.35** Anslagstavlan **13.00** Farlig omväg **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Biltokig **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Flamman och Citronen **19.45** Best of Gabba Gabba **20.00** Hung **20.30** Nurse Jackie **21.00** X-Games **21.45** Vem tror du att du är? **22.25** DOX




## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Uppáhalds-sjónvarpsþátturinn væri Entourage og á eftir honum kæmi The Wire. Ekki má heldur gleyma Dexter. Allt mjög vandaðir þættir.“*

Jónmundur Grétarsson, söngvari og knattspyrnumaður.

# Ásgrímsmyndir voru fyrir American Express

„Það hefur fullt af fólki sett sig í samband við okkur og ég held að sagan á bak við myndirnar sé orðin ljós,“ segir Kristrún Heiða Hauksdóttir, kynningarstýra Forlagsins. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær fundust eftirprentanir af vatnslitaverkum Ásgríms Jónssonar á lager Forlagsins fyrir skömmu. Þær voru settar í sölu í gær og seldust eins og heitar lummur. Sagan á bak við eftirprentunina var nokkuð á reiki en einhverjir hölluðust að því að þetta væri runnið undan rifjum Ragnars í Smára á blómaskeiði Helgafells-útgáfunnar á meðan aðrir giskuðu á að þetta kynni að hafa verið gert fyrir heimssýninguna í Montreal 1967.

„Þetta var gert að undirlagi Iceland Review og American Express og myndirnar voru notaðar til að kynna Ísland á áttunda áratugnum,“ segir Kristrún en Fréttablaðið ræddi í gær við Heimi Hannesson hæstaréttarlögmann sem var ritstjóri Iceland Review á þeim tíma ásamt Haraldi J. Hamar. Hann staðfesti þessa sögu. Eftirprentunin var gerð með góðfúslegu leyfi Ásgrímssafnsins, myndirnar voru teknar hér en prentaðar í fínni prentsmiðju í Chicago. Heimir Hannesson segist enn eiga filmurnar en kortafyrirtækið American Express sendi meðal annars umræddar eftirprentanir til allra korthafa í Ameríku og Kanada. Þá fengu ráðherrar í ríkisstjórn Íslands einnig að nota myndirnar til að gefa á ferðum sínum til útlanda, Ásgrímur var því hálfgerð Björk eða Sigur Rós þess tíma. „Og þetta skýrir kannski hvers vegna listfræðingar voru svona grunlausir um þessar myndir, það voru athafnamenn sem létu gera myndirnar og þær notaðar sem kynningarefni.“ - fgg



**DULARFULLAR MYNDIR** Jóhann Páll Valdimarsson og Jón Rósant Þórarinsson með eftirprentanirnar sem fundust á lager Forlagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** ryk, **8.** dorma, **9.** fugl, **11.** í röð, **12.** miklu, **14.** þrætur, **16.** tímabil, **17.** af, **18.** kvk. nafn, **20.** persónufornafn, **21.** lima sundur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvenflík, **3.** spil, **4.** ávaxtatré, **5.** þakbrún, **7.** andstaða, **10.** eldsneyti, **13.** rangl, **15.** rótartauga, **16.** fiskur, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** im, **8.** sef, **9.** lóm, **11.** rs, **12.** stóru, **14.** þrátt, **16.** ár, **17.** frá, **18.** lóa, **20.** ég, **21.** liða.
**LÓÐRÉTT: 1.** pils, **3.** ás, **4.** perutré, **5.** ufs, **7.** mótþrói, **10.** mór, **13.** ráf, **15.** tága, **16.** áll, **19.** að.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 6000 krónur.
2. 41 prósent.
3. Í hvalaskoðunarskipinu Eldingu.








**ÓTRÚLEGAR VINSÆLDIR** Sverrir Þór, Sveppi, er vinsælasta barnastjarna landsins. Ótvírætt sönnun þess eru ellefu þúsund gestir um frumsýningarhelgi Algjörs Sveppa og dularfulla hótelherbergisins með Sveppa, Góa og Villa í aðalhlutverkum og Braga Hinrikssyni við stjórnvölinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SVERRIR ÞÓR SVERRISSON:** ELLEFU ÞÚSUND GESTIR Í BÍÓ UM HELGINA

# Sveppi rakar inn seðlum

Sverrir Þór Sverrisson er vinsælasta barnastjarna landsins. Það sannaðist rækilega um helgina þegar ellefu þúsund manns borguðu sig inn til að sjá Algjöran Sveppa og dularfulla hótelherbergið í bíó. Það þýðir að minnst tíu milljónir skiluðu sér í kassann og líklega talsvert meira. Þetta er þriðja besta frumsýningarhelgi íslenskrar myndar frá því að formlegar mælingar hófust; aðeins Mýrin og Bjarnfreðarson hafa trekkt fleiri að. Sveppi bætir við sig frá fyrri myndinni; 8.500 sáu hana fyrstu helgina í fyrra og í heild 33 þúsund. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa bolir úr myndinni selst eins og heitar lummur. Jólin koma því snemma hjá Sveppa & co í ár.

„Ég ætla ekkert að skipta út Suzuki-bílnum og kaupa mér lúxuskerru. Þetta sýnir bara að við getum búið til bíómyndir sem krakkarnir vilja sjá,“ segir Sverrir Þór í samtali við Fréttablaðið.

Hann hefur verið á þönum að undanförnu við að kynna myndina og tók meðal annars á móti árrisulum gestum Sambíóanna um frumsýningarhelgina þegar þeir mættu klukkan tíu til að sjá hetjuna sína að störfum. „Ég varð barn í klukkutíma. Það var allt tryllt fyrir utan, krakkarnir voru svo spenntir. Síðan datt allt í dúnalogn þegar myndin byrjaði en þegar hún var búin varð allt tryllt aftur,“ segir Sverrir sem ætlar að fá þá Villa og Góa með sér um helgina til að taka á móti morgungestunum í bíóunum við Álfabakka.

Sveppi segist þegar vera farinn að leggja drög að þriðju myndinni, það hafi einhvern veginn alltaf legið fyrir. „Upphaflega vildi ég hafa kvikmyndagerðina eins auðvelda og hægt var. En síðan áttar maður sig á því að maður getur ekki annað en vandað sig. Krakkar eru nefnilega hörðustu gagnrýnendurnir sem maður fær og þeir eru fljótir að yfirgefa mann ef manni mistekst að halda athygli þeirra,“ segir Sverrir.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sænska söngkonan Robyn viðurkennir í samtali við tónlistarvefinn gigwise.com að hún hafi verið ótrúlega stressuð fyrir flutning sinn á Hyperballad á Polar-verðlaunahátíðinni. En eins og flestir ættu að vita voru **Björk** og Ennio Morricone heiðruð sérstaklega á þeirri hátíð. Robyn segir í viðtalinu að Björk hafi hins vegar verið hrifin af hennar flutningi. „Sem var mjög gott, því ég var alveg svakalega stressuð,“ segir Robyn en hún er meðal þeirra fjölmörgu listamanna sem koma fram á Airwaves-hátíðinni.



Aðstoðarforstjóri fréttasviðsins hjá Fox, Michael Clemente, er kominn í hóp Íslandsvina. Hann hrósar íslenskri náttúru ákaft í viðtali við New York Times sem birtist á mánudag. Clemente er gamall fréttahaukur, var hjá ABC-fréttastöðinni í þrjátíu ár en gegnir nú jakkafatastarfi hjá Fox. Clemente segir Ísland besta land sem hann hafi komið til og hafi hann þó ferðast mikið. „Ég hélt að þetta yrði hræðilegt en landið var ótrúlega fallegt, loftið hreint og fólkið hefði ekki getað verið vingjarnlegra.“



Logi í beinni hefur göngu sína á föstudaginn og meðal gesta í fyrsta þættinum verða borgarstjórinn Jón Gnarr og **Tobba Marinós**. Tobba á einmitt Jóni mikið að þakka vegna þess að borgarstjórinn aðstoðaði Karl Sigurðsson, borgarfulltrúa og kærasta Tobbu, við að hætta að reykja og hefur með þeim gjörðum sínum stuðlað að betra kynlífi hjá parinu að þeirra sögn. - fgg, áp








# 300. útsending KR-útvarpsins

Útvarp KR, FM 98,3, fagnar þeim merka áfanga að senda út sína 300. útsendingu á fimmtudag þegar KR tekur á móti Breiðabliki í Frostaskjóli.

„Þetta byrjaði 1999. Þá tók yfir ný stjórn í KR-klúbbnum. Daníel Guðlaugsson tók við sem formaður og hann fékk þessa hugmynd. Það voru síðan ég og Sigurjón M. Egilsson sem fengum það hlutverk að athuga hvort þetta væri framkvæmanlegt,“ segir útvarpsstjórinn Höskuldur Höskuldsson.

Margir af kunnustu frétta- og blaðamönnum þjóðarinnar hafa komið að útvarpinu. Einnig hafa margir stigið þar sín fyrstu skref sem lýsendur fótboltaleikja. Þar má nefna þjálfarana Heimi Guðjónsson, Guðmund Benediktsson, Willum Þór Þórsson og Pétur Pétursson, auk Andra Sigþórssonar og Kristins Kjærnested. Í sumar hafa þessir staðið vaktina: Þröstur Emilsson, Bogi Ágústsson, Sigurður Pétur Harðarson, Freyr Eyjólfsson, Ágúst Bogason, Hallgrímur Indriðason og Haukur Holm.

Fyrstir til að lýsa í KR-útvarpinu voru þeir Kristinn Kjærnested og Pétur Pétursson. Draumurinn um að fá Bjarna Fel til að lýsa rættist í sumar og síðast lýsti hann leik Eyjamanna og KR-inga. Hann verður aftur við hljóðnemann á fimmtudaginn.

„Við höfum verið með góðan hóp með okkur sem hefur verið tilbúinn til að starfa með okkur,“ segir Höskuldur. „Sumir sem fóru líka af stað með útvarp árið 1999 eins og Framararnir héldu það ekki út en okkur finnst þetta vera orðinn partur af félaginu að halda úti þessu útvarpi. Nú er komið tólfta starfsárið og ég held að við séum ekkert að fara að hætta í bráð.“ - fb



**KR-ÚTVARPIÐ** Þröstur Emilsson og Bogi Ágústsson við störf í KR-útvarpinu með kaldan á kantinum.

## FARÐU AFTUR Í BÍÓ Í FYRSTA SINN

*18.-22. SEPTEMBER*

# GULLMOLAR FRÖNSKU NÝBYLGJUNNAR

KANNSKI SVÖLUSTU MYNDIR SEM GERÐAR HAFA VERIÐ





**400 HÖGG** / LES QUATRE CENTS COUPS
FRANCOIS TRUFFAUT, 1959

**CLEO FRÁ 5 TIL 7** / CLÉO DE 5 À 7
AGNES VARDA, 1962

**KÁTU STÚLKURNAR** / LES BONNES FEMMES
CLAUDE CHABROL, 1960

**ANDKÖF** / A BOUT DE SOUFFLE
JEAN-LUC GODARD, 1960

Hann hélt tónleika í bakgarðinum sínum og bauð öllum nágrönnunum. Núna býður hann þér!

**HJALTALÍN**
**REYKJAVÍK!**
**SIN FANG BOUS**
**BORKO**
**RETRO STEFSON**
**FM BELFAST**
**MÚM**

VINNINGSMYND SKJALDBORGAR 2010

KVIKMYND EFTIR ÁRNA SVEINSSON OG SINDRA KJARTANSSON




FRUMSÝNING:

# BACKYARD

*15.-22. SEPTEMBER*

# RIFF 2010

100 MYNDIR
11 DAGAR
**23. SEPT.- 3. OKT.**

# REYKJAVÍK, Ó REYKJAVÍK!

REYKJAVÍKURBÍÓ Í FIMMTÍU ÁR

**LANGAR:**

**79 AF STÖÐINNI**
ERIK BALLING, 1960

**ROKK Í REYKJAVÍK**
FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON, 1982

**101 REYKJAVÍK**
BALTASAR KORMÁKUR, 2000

*16.-22. SEPTEMBER*

**STYTTRI (sýndar saman):**

**ÖSKUDAGUR**
ÞORSTEINN JÓNSSON, ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON, 1975

**KJÖTBORG**
HELGA RAKEL RAFNSDÓTTIR, HULDA RÓS GUÐNADÓTTIR, 2008

**ÍSLENSK ALÞÝÐA**
ÞÓRUNN HAFSTAÐ, 2009



# STUTTAR OG SNARPAR

Verðlaunamyndir Stuttmyndadaga 2010:

ÁTTU VATN
SUGARCUBE
ÞYNGDARAFL
OFURKRÚTTIÐ
+ CREW (ný)

*18-19. SEPTEMBER*

# DAGSKRÁ SEPTEMBER MÁNAÐAR

MEÐLIMAKORT
ÁSKRIFTARKORT
STYRKTARKERFI
BIOPARADIS.IS

# BÍÓ ★ PARADÍS

*Heimili kvikmyndanna*

BIOPARADIS.IS / HVERFISGATA 54, REYKJAVÍK

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Erlendur fjárfestir

Ef allt gengur að óskum kemur nýja vikublaðið sem **Jón Kaldal**, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins, stýrir með **Óskari Hrafni Þorvaldssyni** og fleirum út í byrjun næsta mánaðar. Ritstjórnin gerir út frá Sætúni og verður blaðið að öllum líkindum prentað hjá Morgunblaðinu. Það sem líklegt er að fari vel í lesendur er að hluthafalisti blaðsins verður á borðinu frá fyrsta tölublaði. Eftir því sem næst verður komist mun ritstjórn og starfsfólk eiga meirihluta í útgáfunni á móti bandaríska fjárfestinum Michael Jenkins. Jenkins þessi hefur fjárfest í íbúðum á höfuðborgarsvæðinu upp á síðkastið, svo sem á Norðurbakkanum í Hafnarfirði, í Kópavogi og Garðabæ.



### Nýr eigandi Skífunnar

Miklar líkur eru á að verslunin Skífan fái nýjan eiganda á næstu dögum. Framkvæmdastjórinn **Björn Sigurðsson** og félagar í Senu auglýstu verslunina til sölu fyrir nokkru og núna er einn aðili nálægt því að tryggja sér verslunina. Hann heitir Fjölvar Darri Rafnsson og hefur töluverða reynslu af rekstrarmálum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hann í hyggju að efla rekstur Skífunnar og opna nýja verslun á Laugaveginum fyrir jól. Eins og kunnugt er yfirgaf Skífan Laugaveginn í sumar og er nú eingöngu til húsa í Kringlunni.



**- fb/- jab**

## Mest lesið VISIR.IS

1. Veiðiþjófi bjargað frá drukknun - myndband
2. Meinti kynþáttahatarinn áður handtekinn af sérsveit lögreglunnar
3. Lífshættuleg vitleysa - myndband
4. Jón Gnarr tekur ofan fyrir hjartahlýjum verkamanni
5. Hægláta kvenhetjan sem enginn vissi um
6. Kona og karlmaður skipta um kyn - myndband

Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.

